


DAZZ

LÁRA SJÁANDI GRAFIN LIFANDI

■ „Petta var stórhættuleg árás“



Stefanía
bjó á
götunni



Draumurinn
er að hjálpa
fólki

„Ég hef horft upp á ógeðslega hluti“

■ Notaði heróín ■ Guðmundur
bjargaði henni ■ Edrú í tvö ár
■ Fíkillinn finnur alltaf leið



6-8

GUÐMUNDUR ELLERT:

Í VARÐHALDI MEÐ BARN Á LEIÐINNI

■ Lögregla og Barnavernd
harðlega gagnrýnd ■ Polandi
sagði honum að leita sér hjálpar


■ Brýtur á mér á heimili
félagsþjónustunnar

10-12



Þvottabjörn drepinn í Hafnarfirði

■ Slapp úr einangrun 28




ÞAU VINNA FLEST MÁL

■ Lögræðingarnir sem þú vilt
ef þú lendir í vandræðum 18-19



Lovísa fékk nýjan bíl á 4,7 milljónir

■ 30 bílar á 20 árum 4




Neyðarlegar kynlífssögur íslenskra kvenna

68

MARGIR MINNAST KATRINAR

■ Fjögur börn í sárum þurfa stuðning



■ Kata
var með
hjarta úr gulli



14

Sokkar
Í ÁSKRIFT

Eitt eða
tvö pör í
mánuði

SMART
SOCKS
smartsocks.is

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla

Setjum undir á staðnum

Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhófa 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshófa 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

LÁRA SJÁANDI — GRAFIN LIFANDI

■ Lára varð fyrir hættulegri árás ■ Lögregla hefur ekkert aðhafst í kærú hennar

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Það er til skammar að lögreglan þaggi niður mál sem koma inn á hennar borð. Ég varð fyrir alvarlegri árás og hélt að það færi eðlilega leið í dómskerfinu. Ég bið aðeins um réttlæti," segir Lára Ólafsdóttir, stundum nefnd Lára sjáandi, í samtali við DV. Að sögn Láru varð hún fyrir alvarlegri árás í júní í fyrra við bæinn Langholt 1 í Árnes-sýslu. Að hennar sögn kom Ragnar Valur Björgvinsson, ábúandi að Langholti 2, og sturtaði yfir hana þungu hlasi af sandi úr hjólagrófu og mátti engu muna að skóflan hæfði Láru í höfuðið. Þá hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum. Lára meiddist illa á hné í árásinni og lagði þegar fram kærú til lögreglunnar á Hvolsvelli. Í rúma sjö mánuði hefur lögregla ekkert aðhafst í málinu og svarar ekki ítrekuðum beiðnum lögmanns Láru, Einar Gauts Steingrímssonar, um að verða skipaður réttargæslumaður. Segir Einar Gautur að hann hafi aldrei kynnst annarri eins ósvífní í samskiptum sínum við lögregluna.

„Þetta var stórhættuleg árás“

DV hefur fjallað um illvígar nágrannaerjur sem hafa geisað á milli Hreggviðs Hermannssonar og nágranna hans, Ragnars Vals og Fríðar Sólveigar Hannesdóttur.

Segja má að Lára hafi orðið saklaust fórnarlamb átakanna. „Maðurinn minn er að keyra fyrir Vega-gerðina og það þurfti að koma möl til Hreggviðs. Við vorum á leið í veislu í grennd við býli Hreggviðs og ákváðum því að nýta ferðina og keyra mölina til hans," segir Lára.

Á meðan verið var að sturta hlassinu úr bílnum fór Lára út úr bílnum og beið. Varð hún vör við rifrildi Hreggviðs og Ragnars Vals



Lára Ólafsdóttir Að sögn Láru varð hún fyrir alvarlegri árás um mitt síðasta sumar. Hún kærði málið til lögreglu þá þegar en lögregluembættið á Suðurlandi hefur ekkert aðhafst í málinu í rúma sjö mánuði.

sem endaði með því, að hennar sögn, að Ragnar vatt sér upp í hjólagrófu og kom æðandi að henni og Hreggviði. Hann sturtaði síðan þungu sandhlasi úr gröfunni yfir þau bæði. Hreggviður náði að vikja sér undan en Lára lenti undir því að hluta. „Skóflan var í höfuðhæð og þetta var stórhættuleg árás að mínu mati. Þetta gerðist mjög snögglega og því hafði ég ekki ráðrúm til þess að koma mér undan," segir Lára.

Hún meiddist illa á hné í árásinni, sem hún kærði tafarlaust til lögreglu. Sjö mánuðum síðar hefur hún ekki enn náð fullum bata. „Ég fékk slæmt högg á hnéð og hef ekki enn náð mér góðri. Það safnaðist fyrir vökví í hnénu og

það hefur verið hvítleitt að glíma við það," segir Lára, sem aflagði sér strax áverkavottorðs frá lækni auk þess að kæra. Hið einkennilega er að síðan hefur lögreglan ekkert aðhafst í málinu. „Þeir hafa ekkert gert, ekki tekið skýrslur af sjónarvottum og virt óskir lögfræðings míns að vettugi," segir Lára.

Efast um heilindi

Þetta staðfestir lögfræðingur hennar, Einar Gautur Steingrímsson. „Þetta er mjög alvarleg árás með vélknúnu ökutæki sem maður hefði ætlað að lögreglan myndi setja í forgang," segir Einar Gautur. Hann óskaði eftir því að fá send öll gögn málsins sem og að verða skipaður

réttargæslumaður Láru en hefur aðeins fengið fyrstu skýrslur afhentar.

Í júlí í fyrra sendi Einar Gautur athugasemdir til Ríkissaksóknara vegna rannsóknar málsins og bar við meint vanhæfi. Ástæðan er sú að stjúpdóttir Ragnars Vals, hins meinta árásarmanns, starfar sem einn af þremur löglærðum fulltrúum hjá ákærusviði lögreglustjórans á Suðurlandi. „Það var ekki fallist á þá skoðun mína að embættið skorti hæfi til þess að fara með rannsókn málsins. Þó að einstakur starfsmaður væri vanhæfur þá gildi það ekki um lögreglustjóran sjálfan. Ég er ósammála þessari skoðun, þetta er lítil vinnustaður þar sem nálægðin er mikil og því auðséð



Einar Gautur Steingrímsson Lögfræðingur Láru segist aldrei hafa upplifað aðra eins ósvífní frá lögreglu.

að það er afar óþægilegt fyrir lögreglustjóran að rannsaka meinta líkamsárás stjúpföður starfsmanns á ákærusviði," segir Einar Gautur.

Hann hefur því áfram þurft að hafa samstarf við skrifstofu lögreglustjórans á Suðurlandi og segir farir sínar ekki sléttar. „Ég fæ engin svör frá embættinu við mínum fyrirspurnum og núna eru liðnir um sjö mánuðir. Á meðan mér er ekki svarað þá get ég ekki annað en málinu koma. Ég hef aldrei kynnst annarri eins ósvífní í samskiptum við lögregluna," segir Einar Gautur.

Í stuttu svari frá Grími Hergeirssyni, yfirfræðingi hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi, við fyrirspurn DV kemur fram að rannsókn málsins sé lokið og að það hafi verið sent til ákærusviðs. Viðbrögð Einar Gauts eru þau að afgreiðsla málsins geti ekki talist eðlileg enda hefur ekki verið tekin skýrsla af sjónarvottum né önnur eðlileg skref í lögreglurannsókn. „Ef rannsókn lýkur með þessum hætti þá verður málið sent til ríkissaksóknara. Þá mun ég fá öll gögn í hendur," segir Einar Gautur. ■


5 sem gætu tekið við dómsmálaráðuneytinu

Mikið mæðir á Sigríði Andersen dómsmálaráðherra um þessar mundir og telja margir að dagar hennar í embætti séu taldir vegna landsréttarmálsins. DV tók að gamni saman lista yfir fimm manns sem gætu tekið við embættinu.



Brynjar Níelsson

Þingmaðurinn fúli, Brynjar Níelsson, er lögfræðimenntaður og hefur mikinn áhuga á að gerast ráðherra dómsmála. Hann er óvinsæll, eða vinsæll eftir hvernig á það er litið, meðal vinstri-manna en slíkt hefur aldrei truflað Sjálfstæðismenn, er það frekar fjöður í hattinn ef eitthvað er.



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Áslaug Arna er ritari og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Stjarna hennar hefur risið hátt í stjórnmál-um á undanförunum misserum og má segja að það sé aðeins tíma-spursmál hvenær hún verður ráðherra.



Jón Steinar Gunnlaugsson

Ef það er einhver sem getur tekið í lurginn á dómurum sem kunna ekki að dæma þá er það Jón Steinar. Jón Steinar er innmúraður og vinsæll Sjálfstæðismaður fyrir utan mikla reyngu á sviði lögfræðinnar. Ef Jón Steinar afþakkar boð um að gerast ut-anþingsráðherra, er þá hægt að hafa samband við Robert Downey?



Hanna Birna Kristjánsdóttir


Hanna Birna var vægast sagt umdeildur ráðherra dómsmála þegar hún gegndi embættinu á árunum 2013 til 2014. Langur tími er liðinn frá lekamálinu og mikið vatn runnið til sjávar, kannski yrði það blautasta tuskan sem Valhöll gæti hent fram-an í vinstri-menn að skipta Sigríði Andersen út fyrir Hönnu Birnu.



Ásdís Halla Bragadóttir

Ásdís Halla er hokin af reyngu úr bæjarstjórn og í stjórnunarstórfum. Hún vakti mikla athygli fyrir bókina Tvísaga sem kom út 2016. Ásdís Halla veit hvernig heimurinn virkar og hvað þarf að gera til að ná árangri. Hún kann einnig að launa greiða og halda fólki góðu.






Allt að sjötíu prósentu
afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN LAUGARDAG
OG SUNNUDAG, 2. TIL 4. FEBRÚAR**

HANS J. WEGNER,
ARNE JACOBSEN,
BORGE MOGENSSEN,
PHILIPPE STARCK,
ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is



KRÝSUVÍK: LOVÍSA FÉKK NÝJAN BÍL Á 4.7 MILLJÓNIR

■ 7 prósent af fjárveitingu ríkisins það árið ■ 30 bílar á 20 árum

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Þann tíma sem ég starfaði í Krýsuvík þá skildi ekki nokkur maður í bílakaupum samtakanna. Það var sífellt verið að fjárfesta í einhverjum druslum sem dugðu aðeins í skamman tíma. Það sama gildi ekki um yfirstjórnendurna. Ég upplifði þetta sem gegndarlaust bílabrask," segir fyrrverandi starfsmaður meðferðarheimilisins í Krýsuvík í samtali við DV. Þann tíma sem viðkomandi starfaði á

meðferðarheimilinu segir hann að starfsmenn hafi verið ósáttir við þá staðreynd að gamlar druslar voru keyptar til þess að ferja starfsmenn og skjólstaðinga til og frá Krýsuvík á meðan yfirstjórnendurnir, mæðginin Lovísa Christiansen, framkvæmdastjóri Krýsuvíkursamtakanna, og Þorgeir Ólason, forstöðumaður meðferðarheimilisins, hafi fjárfest í mun veglegri ökutækjum til eigin afnota. Þá kemur margt einkennilegt í ljós þegar bílaviðskipti samtakanna eru skoðuð. Meðal annars hefur Þorgeir bæði keypt og selt samtökunum bíla og þá fékk 18 ára barnabarn Lovísu bíl sem áður var í eigu samtakanna.

Of dýr bíll við nánari athugun

Í síðust viku greindi DV frá því að Lovísa Christiansen, framkvæmdastjóri Krýsuvíkursamtakanna, hefði fjárfest í splunkunýrri Dodge Ram-bifreið handa syni sínum, Þorgeiri Ólasyni, forstöðumanni samtakanna. Bifreiðin kostaði tæpar 10 milljónir króna þegar allt var tekið með í reikninginn. Þegar DV spurðist fyrir um kaupin og hvort þau væru eðlileg þá var bíllinn þegar í stað auglýstur til sölu á bílasölu. Útskýring samtakanna á þeirri ákvörðun var á þá leið að við nánari athugun hafi bíllinn verið of dýr fyrir samtökin.

Þegar DV spurði út í bílakaup



Beint úr kassanum Framkvæmdastjóri Krýsuvíkursamtakanna fjárfesti í glænýrri Skoda Octavia-bifreið árið 2012 til eigin afnota. Kaupverðið var 4,7 milljónir króna. Forsvarsmenn samtakanna hafa itrekað talað opinberlega um að fjárhagsstaða félagsins sé afar slæm og því gæti þurft að loka meðferðarheimilinu. Um þrjú hundruð metrar eru frá heimili framkvæmdastjórans og að skrifstofu samtakanna. MYND: DV/EHF

/SIGTRYGGUR ARI

samtakanna sagði stjórnarformaður Krýsuvíkursamtakanna, Sigurlína Davíðsdóttir, að stjórnin hefði ekki verið með fingurna í bílaumsvifum stofnunarinnar. Hún hafi þó verið upplýst um þau umsvif þegar eftir því var óskað.

Einkennileg viðskipti

Ýmislegt athyglisvert kemur í ljós þegar bílaviðskipti Krýsu-

víkursamtakanna eru skoðuð. Þannig fjárfesti Lovísa í glænýrri Skoda Octavia-bifreið fyrir sjálfa sig í nóvember 2012. Kaupverðið var 4,7 milljónir króna. Það verður að teljast einkennileg ráðstöfun á meðferðarheimili, sem að sögn forsvarsmanna nær varla endum saman. Sérstaklega í ljósi þess að skrifstofa Krýsuvíkursamtakanna, þar sem Lovísa starfar dagsdaglega, er 300 metrum frá heimili hennar í Hafnarfirði. Samkvæmt heimildum DV á hún

afar sjaldan erindi á meðferðarheimilið sjálft í Krýsuvík.

Þá hafa ýmisleg einkennileg viðskipti átt sér stað. Til dæmis keypti títtnefndur Þorgeir Ólason Dodge Ram 250 af Krýsuvíkursamtökunum í júní árið 2001 en þá höfðu samtökin haft afnot af bifreiðinni í þrjú ár. Þorgeir átti bifreiðina í tæpar átta ár áður en hann seldi hana áfram í byrjun árs 2008. Þá keypti hann einnig Chevrolet-bifreið af samtökunum um mitt ár 2004 en áframseldi hana síðan nokkrum mánuðum síðar. Þá keypti meðferðarheimilið dráttarvél af Þorgeiri í desember 2005 en þá hafði hann eingöngu átt vélina í rúma þrjú mánuði. Þá eignaðist barnabarn Lovísu forlata Suzuki Vitara-bifreið sem var áður í eigu samtakanna. Samkvæmt



Þrjú hundruð metrar Lovísa býr að Kirkjuvegi 15 í Hafnarfirði en skrifstofa Krýsuvíkursamtakanna er að Austurgötu 8. Vegna einstefnu er aksturfarlægðin um 1,1 kílómetri en fótgangandi er vegalengdin um 300 metrar.

heimildum DV var sá gjörningur sagður vera laun til piltsins sem þá var 18 ára gamall. ■



Lovísa Christiansen

Láttu þér ekki vera kalt

Honeywell hitarar og ofnar

Olíufylltir ofnar 7 og 9 þilja 1500W og 2000 W

Keramík hitarar með hringdreifingu á hita

Hitablásarar í úrvali

Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Þorgeir Ólason

ELBA
Cookers from Italy

ELBA - 126 EX

HÁGÆÐA GASELDAVÉLAR

Við höfum mörg járn í eldinum þegar það kemur að úrvali á gaseldavélum því við vitum að ekki elda allir kokkar eins. Hvort sem þú ert ástríðukokkur eða ekki, þá höfum við réttu græjurnar fyrir þig. Ofnarnir okkar eru með fjölda stillinga sem henta ástríðukokkum sem og áhugafólki um matargerð.



ELBA - 106 PX



 **Friform**

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:

Mán. til fimmtudaga kl. 9 - 18
Föstudaga kl. 9 - 17
Laugardagar kl. 11-15



MYND JÓHANNAG. ÓSKARSDÓTTIR

Stefanía var tveggja barna móðir og sprautufíkill á götunni

„Ég hef horft upp á ógeðslega hluti“

■ Sökk djúpt í heim fíkninnar ■ „Það er í rauninni bara kraftaverk að ég sé á lífi í dag“

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Fyrir rúmlega tveimur árum var Stefanía Óskarsdóttir nær dauða en lífi eftir langvarandi sprautuneyslu. Hún varð vitni að hroðalegum hlutum innan fíkniefnaheimsins og var búin að sætta sig við að örlög hennar yrðu þau að lúta í lægra haldi fyrir dópinu. Henni var komið til bjargar í tæka tíð en ekki eru allir svo heppnir. Hún gagnrýnir skort á fjármagni til meðferðarstofnana og furðar sig jafnframt á þeim leiðum sem gripidd hefur verið til í því skyni að sporna við fíkniefnavandanum.

Átti sama séns og allir aðrir

Stefanía er fædd og uppalin í litlu samfélagi á Fáskrúðsfirði og fát benti til þess að hún ætti eftir að leiðast út í óreglu síðar meir. Hún ólst upp við mikla reglusemi þó svo að alkóhólismi væri í „genunum“ eins og hún orðar það.


„Ég á svokallaða fullkomna fjölskyldu. Pabbi minn er vaktstjóri hjá lögreglunni. Foreldrar mínir eru of-

boðslega gott fólk og ég átti alveg jafn mikinn séns og allir aðrir. En ég var í rosalega miklum mótþróa. Ég var líka mjög kvíðin barn án þess að vita af því. Ofan á það var ég með mikinn athyglisbrest og ofvirkni og fékk ekki greiningu á því fyrir en ég var orðin 18 ára. Mér leið alltaf verr og verr og það var alltaf eitthvað að og mér fannst ég ekki passa inn neins staðar.“

Hún var 15 ára þegar hún prófaði eiturlyf í fyrsta skipti. „Og þá upplifði ég þetta sem að svo margir fíklar tala um, ég náði loksins að fylla upp í þetta tómarúm. Þarna tókst mér að hemla athyglisbrestinn og ofvirknina, ég fékk loksins frið í hausinn. Þetta var góður staður. Ég ætlaði bara að vera þarna.“

Ekki löngu seinna flutti Stefanía suður til Reykjavíkur og leiðin lá aðeins niður á við. Hún byrjaði fljótlega í dagneyslu á örvandi efnum. Og þá neyslu þurfti að fjármagna með einum eða öðrum hætti.

„Ég gerði það með því að selja efni, það var mikið um klúbbakvöld á þessum tíma sem ég nýtti mér. Helgarnar byrjuðu á fimmtudegi og enduðu á þriðjudegi eða miðvikudegi, þá svaf ég og byrjaði



Bjó á götunni Stefanía hefur horft upp á hrottalega hluti í undirheiminum og í eitt skipti var henni haldið í gíslingu klukkutímum saman vegna fíkniefnaskuldar félaga hennar.

svo aftur. Mér tókst mjög vel að fela neysluna fyrir til dæmis foreldrum mínum þó svo að þau grundaði alltaf eitthvað. Ég þekkti ekkert nein meðferðarkerfi og vissi í raun ekkert hvað alkóhólismi væri.“

Endaði á götunni

Það orðu kaflaskil í lífi Stefáníu

Þarna tókst mér að hemla athyglisbrestinn og ofvirknina, ég fékk loksins frið í hausinn. Þetta var góður staður. Ég ætlaði bara að vera þarna.

árið 2010 þegar í ljós kom að hún var barnshafandi. Hún sneri til baka í gamla heimabæinn ásamt kærastanum og fór edru í gegnum meðgönguna „á hnefanum.“

„Ég var í rosalega mikilli afneitun og fannst ég ekki þurfa neina hjálp, ég gæti alveg hætt sjálf. Staðreyndin var þó sú að mér leið bara rosalega illa allan tímann og skildi samt ekkert af hverju af því að ég vissi ekkert um alkóhólisma. Ég var stúfull af kvíða og hélt að ég væri bara eitthvað geðveik. Ég skildi ekki af hverju mér leið ekki vel.“

18 mánuðum eftir fæðingu elsta barnsins kom síðan annað barn hennar í heiminn. Í lok árs

2014 fluttu Stefanía og barnsfaðir hennar aftur suður en ekki leið á löngu þar til það slitnaði upp úr sambandinu.

„Á þessum tíma bjuggum við hjá foreldrum hans. Ég flutti út og kom mér fyrir á hótélherbergi úti í bæ og ætlaði að vera þar á meðan ég væri að finna eitthvað annað. Ég datt mjög fljótt í það, byrjaði á því að fara út um helgar og svo vatt þetta mjög hratt upp á sig. Það fór allt niður á við. Við vorum með börnin viku og viku og ég bað barnsfaðir minn um að taka börnin alveg á meðan ég væri að ná mér á strik. En svo náði ég mér aldrei á strik. Í júní 2015 var ég komin á götuna.“

Í kjölfarið tók við eitt harðasta form fíkninnar. Langt leiddir fíklar myndu ósjaldan þol fyrir dópinu og leita þá í sterkari efni. Stefanía á óljósa minningu um að hafa verið stödd einhvers staðar í svokölluðu „blackout“ þegar hún fékk sprautunál í höndina í fyrsta skipti. „Þetta var seinasta sort. Ég hafði alltaf fyrirítlitid sprautufíkla. Ég sagði alltaf að ég ætlaði sko aldrei að sprauta mig. En það virkaði ekkert á mig lengur.

Þessi tími í lífi mínu er rosalega óljós og allur í móðu, ég man bara brot og brot. Þegar ég rifja upp söguna mína þá finnst mér alltaf eins og ég sé bara að bulla einhverju steypu, þetta er svo óraunverulegt. Um leið og þú byrjar að sprauta þig þá hverfur allt siðferði. Sjálfsvirðingin fýkur út um gluggann.“

Viðbjóðslegur heimur

„Það er eiginlega ómögulegt að lýsa því hversu harður og viðbjóðslegur fíkniefnaheimurinn er hérna á Íslandi. Fólk er með einhverja ákveðna mynd í hausnum en raunveruleikinn er miklu svartari og harðari. Ég hef horft upp á ógeðslega hluti, ég hef séð fólk vera barið þar til það er orðið meðvitundarlaust og ég hef horft upp á fleira en eina nauðgun. Ég hef bókstaflega verið tekin í gíslingu, haldið fanginni í marga klukkutíma og byrjað dópi í æð, ekki út af neinu sem ég gerði heldur vegna þess að ég var á röngum stað á röngum tíma.“

Á einum tímamarki var Stefania lögð inn á Vog, meðal annars fyrir tilstilli foreldra sinna. Það bar ekki tilætlaðan árangur og hún var komin út þremur dögum síðar.

„Ég vissi í raun ekkert hvað ég var að gera þarna inni og það vantaði einhvern til að koma og leiðbeina mér, það var eins og það væri gert ráð fyrir að ég vissi það sjálf hvað ég ætti að gera. Mér tókst að vera edru í einhverjar tvær vikur eftir að ég fór út, en þá hrundi ég í það og keyrði mig algjörlega í þrot. Ég hef oftast en einu sinni tekið alltof stóran skammt og það er í rauninni bara kraftaverk að ég sé á lífi í dag.“

Sætti sig við að deyja

Stefanía kveðst á þessum tímamarki, í upphafi árs 2016, hafa verið komin á vonarvöl. Hún sá enga útgönguleið út úr neyslunni.

„Ég var búin að sætta mig við að ég myndi deyja úr þessu. Ég meira að segja hugsaði að það yrði örugglega auðveldara fyrir alla ef ég væri dáin, þá myndu foreldrar mínir ekki þurfa að hafa áhyggjur af mér og börnin mín myndu þá ekki þurfa ekki að alast upp í óvissu um hvar mamma þeirra væri. Þá væri þetta bara búið. Auðvitað er þetta fáránleg hugsun en svona er þetta bara. Ég var búin að missa alla von um að ég gæti orðið edru. Ég trúði því ekki að það væri hægt að bjarga einhverjum sem væri búinn að sökkva svona djúpt eins og ég. Á þessum tíma bjó ég á götunni og var að brjóstast inn til að eiga fyrir dópi. Ég var alltaf á stolnum bílum. Ég er ekki með tölu á því hversu oft ég endaði í fangaklefa. Það eina sem skipti máli var að redda næsta skammti. Stefania gætti þess ávallt að



Dóttir lögggu Stefania ólst upp í hlýju og vernduðu umhverfi en leið engu að síður oft illa.

um tímamarki. Ef það er ekki gert fyrir en nokkrum vikum seinna þá getur viðkomandi verið komin aftur í rugl eða hreinlega dáinn.“

Stefanía kveðst einnig hafa gert tilraun til að komast í meðferð á Krýsuvík en rétt eins og áður þurfti hún að fara aftast í röðina. „Það var búið að yta við mér að fara inn á Krýsuvík og á einhverjum tímamarki gafst ég aftur upp og samþykkti það. Ég fór þangað í viðtal og var sagt að sem móðir á götunni þá væri ég í forgangi. Ég átti síðan að hringja vikulega á hverjum þriðjudegi til að minna á mig, sem ég gerði. Meira að segja nokkrum sinnum, þegar ég hafði gist í fangaklefa, þá lét ég löggumrar hringja fyrir mig.“

Eftir því sem vikurnar liðu án þess að Stefania fengi inni á Krýsuvík fór ástandið versnandi. Hún komst í kynni við heróín, fíkniefni sem er sjaldséð á Íslandi. Lou Reed söng á sínum tíma um „lyfið sem fær þig til þess að líða eins og þú sért sonur Jesú“. Þeir sem þekja til í fíkniefnaheiminum vita að heróínneysla er í meirihluta tilfella ávísun á dauða.

„Þið verðið að bjarga mér“

13.apríl 2016 var Stefania búin á því á líkama og sál.

„Ég var í svo slæmum fráhrörfum að ég hélt að ég væri að deyja. Ég var orðin 42 kíló, og ég er 172 sentimetrar á hæð. Líkaminn var bara að gefa sig. Ég vissi að ég gat ekki meira. Ég var þarna í einhverju iðnaðarhúsnæði með vini mínum, og ég gat ekki gengið. Ég þurfti að skríða yfir í hinn endann á herberginu til að geta sett símann minn í hleðslu. Ég var ekki von að hringja í pabba minn en þarna hringdi ég í hann og ég sagði við hann: „Þið verðið að bjarga mér.“ Ég varð að komast í burtu.“

Guðmundur Fylkisson, varðstjórinn sem hefur sérhæft sig í leitinni að týndum ungmennum, reyndist bjargvættur Stefaniu þennan dag. „Það var svo heppi-

„Einstaklingar með sama tilverurétt og við öll“

Í áhrifamiklum pistil á facebook spyr Birgir Örn Guðjónsson lögregluþjónn, eða Biggi löggga, hver eigi að tala máli þeirra einstaklinga sem látist hafa vegna ofneyslu lyfja á þessu ári.



„Þetta voru einstaklingar með sama tilverurétt og við öll. Einstaklingar sem áttu fjölskyldu og vini sem nú sitja eftir með sorg, söknuð og oft reiði og margar spurningar. Hugur minn og samúð er hjá öllum þessum fjölskyldum og vinum.“

Á sama tíma heyrum við fréttir af því að SÁÁ verði að hætta starfsemi á norðurlandi vegna niðurskurðar. Hversu klinkað er það? Það bara má ekki gerast. Sjálfur starfa ég innan öflugra meðferðarsamtaka og hef því reynt af því hvernig það er að berjast í bökkum og betla fé til að geta unnið þetta starf. Það er kannski bara ekkert spennandi fyrir samfélagið að snerta of mikið á þessum málum. Við viljum kannski bara hafa þessi mál í hæfilegri fjarlægð? Þetta er eitt hvað óhreint og fjarlægt okkur sjálfum. Eða er það?“

Ég setti inn færslu um daginn þar sem ég opinberaði skoðun mína á því að við þyrftum að nálgast þessi mál á annan hátt en við höfum gert. Sú færsla fékk jafn misjafnar mót-tökur og ég bjóst við. Ég skil vel alla þá sem halda að ég sé í ruglinu með þessa skoðun. Ég hefði verið á sama stað fyrir ekki svo löngu síðan. Áður en ég opnaði augun og sökkti mér ofan í málefnið. Ég hefði pott-

þétt talið þann hálfvita, og örugglega dópista, sem hefði verið með þá skoðun sem ég hef í dag. Við skulum samt átta okkur á að ég er lögreglumaður, starfa í meðferðarsamtökum og á börn sem nálgast unglingsaldur. Ég er ekki að ræða þessi mál út af því að ég vil auknið aðgengi að fíkniefnum eða af því að ég tel þau skaðlaus. Síður en svo! Ég sé einmitt vandamálið, þekki hættunarn og þrái lausnir.

Nokkrum klukkutímum eftir að ég birti umrædda færslu stóð ég með símann í hendinni og tilkynnti móður ungs manns að sonur hennar hefði farið í hjartastopp vegna ofneyslu. Sá ungi maður er einn af þessum fimm einstaklingum. Einstaklingum sem hafa enga rödd. Þetta er ekki í fyrsta og pottþétt ekki í síðasta skiptið sem ég þarf að flytja slíkar fréttir. Vandamálið er raunverulegt. Vandamálið er hér í dag og það þarf að vinna við þetta lausna. Spurningin er bara hvort við þorum og hvort við viljum?“

legt að pabbi þekkir hann og gat hringt í hann strax. Ég held að það hafi ekki verið líðnar tíu mínútur þar til Guðmundur var komin til að sækja mig. Á sama tíma kom pabbi brunandi í bæinn frá Fáskrúðsfirði, sótti mig og fór með mig heim.“ Heima á Fáskrúðsfirði voru Stefaniu gefin lyf til niðurröppunar og hlúð var að henni. „Þegar ég vaknaði og mest var runnið af mér þá leið mér betur, og ég vissi að ég vildi ekki fara til baka. Ekki þarna.“

Stefanía fékk í kjölfarið pláss á Hlaðgerðarkoti. Hún fékk að fara fram fyrir á biðlistanum og segir fullvíst að annars hefði hún endað

aftur á götunni. „Af því að um leið og þér er farið að líða aðeins betur þá ertu tilbúinn til að byrja aftur að nota. Það verður að vera hægt að grípa fíkilinn þegar hann er tilbúinn, þegar hann er gjörsamlega búinn á því og jafnvel við það að deyja. Það eru alltof margir fíklar sem hugsa bara að það sé vonlaust að reyna að fá hjálp af því að það eru bara biðlistar alls staðar,“ segir hún og nefnir sem dæmi að á meðan hún dvaldi á Hlaðgerðarkoti hafi einstaklingur látist sem var á biðlista í að komast í meðferðina. Hún var hins vegar heppin.

„Það bjargaði lífi mínu að fara á Hlaðgerðarkot. Ef það hefði ▶

FIMM LÁTNIÐ ÞAÐ SEM AF ER ÁRI

Talið er að fimm einstaklingar hafi hafi látið lífið á höfuðborgarsvæðinu það sem af er þessu ári vegna ofneyslu lyfja. Í samtali við RÚV í janúar síðastliðnum staðfesti Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn að lögreglan hefði til rannsóknar fimm mál þar sem grunnur léki á að fólk hafi látið af of stórum skammti en banamein einstaklinganna hefur þó ekki verið staðfest.

Þá sagði Valgerður Á. Rúnarsdóttir fréttirnar vera hræðilegar. Jafnframt koma fram að síðustu tvö árin hefur ótímabærum dauðsföllum hjá sjúklingahópi SÁÁ fjölgað verulega. „Eins og kom fram í frétt-

um nýlega hefur orðið aukning á dauðsföllum úr hópi þeirra sem komið hafa til meðferðar hjá okkur.“

Jafnframt kom fram í frétt RÚV þann 31.janúar síðastliðinn að nokkuð er um að afar sterk verkjalyf, svokallaðir ópíóíðar séu í umferð meðal fíkla. Fram kemur í grein Læknablaðsins árið 2016 að mest notuðu lyfin á Íslandi sem innihalda ópíóíða eru blöndur parasetamóls og kódeins en árið 2014 fengu ríflega 22.000 einstaklingar ávísad Parkódín forte. Allra síðustu ár hefur hlutur Parkódíns haldist svipaður en aðrir ópíóíðar hafa verið að sækja á.

Vegna þessarar þróunar hefur verkja-

lyfjanotkun á Íslandi verið að stíga í samburði við aðrar þjóðir. Á síðustu árum hefur aukning orðið mest í notkun oxýkódons og búprenorfins, sem er visst áhyggjuefni vegna vaxandi misnotkunar þessara lyfja erlendis. Aukin notkun sterkra verkjalyfja hefur einnig átt sér stað hjá öðrum þjóðum sem hefur valdið ýmsum vandamálum þar sem hafa kallað á aðgerðir til að hefta óhóflegar ávísanir sterkra verkjalyfja.

Ólafur B. Einarsson verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis bendir á að óvant fólk getur látist af einni töflu af sterkustu verkjalyfjunum.

„Fyrir venjulegan einstakling að taka eina töflu af sterkasta formi af OxyContin, getur þýtt að hjartað stöðvast. Áttatíu milligramma taflan er það sterk að fyrir þann sem er óvanur, þá gæti það leitt til þess.“

Jafnframt kom fram í fyrrnefndri grein Læknablaðsins að einstaklingar sem misnota ópíóíða eins og oxýkódon eða búprenorfín, eru í aukinni hættu á að leiðast út í misnotkun enn hættulegri efna eins og heróíns. Þeir sem eru háðir sterkum verkjalyfjum eru 40 sinnum líklegri en aðrir til að verða heróínsprautufíklar.



Á góðum stað Stefania vill nýta reynslu sína til góðs. Hún vill forða ungum krökkum frá því að leiðast út í neyslu.

MYNDJÓNNA G. ÓSKARSÓTTIR



Um leið og þú byrjar að sprauta þig þá hverfur allt síðferði. Sjálfsvirðingin fýkur út um gluggann.

ekki verið gripið inn í þarna þá væri ég ekki á lífi í dag. Það er bara ekkert flóknara en það. Ég var búin að taka of stóran skammt nokkrum sinnum og lifði það alltaf af en ef ég hefði tekið of stóran skammt einu í sinni í viðbót þá er ég ekkert viss um að ég hefði verið það heppin.“

Hún segir ómetanlegt starf unnið á meðferðarheimilinu og því sé sorglegt að horfa upp á þær kringumstæður sem starfið er rek- ið undir.

„Þau sem koma að starfinu eru öll af vilja gerð til að hjálpa. Í desember 2016 fór mér að líða illa og fékk þá að koma strax inn til þeirra og dvelja í viku. Ef ég hefði ekki fengið það hefði þetta getað end- að illa. Það er ömurlegt að Sam- hjálp þurfi að reiða sig á styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum til að geta haldið starfsemiinni uppi. Mér finnst mjög erfitt að skilja af hverju stofnanir sem eru að hjálpa fólki fá ekki meira fé frá ríknu.“

Fíkillinn finnur alltaf leið

Eins og gefur að skilja hefur Stefania sterkar skoðanir á ráðagerð- um ríkisins í málefnum fíkla. Hún segir lausnir ráðamanna þjóðar- innar síst til þess fallnar að að taka á vandanum, þvert á móti hafi þær öflug áhrif. Í dag hafa allir læknar á Íslandi aðgang að lyfjagagna- grunni Landlæknisembættisins þannig að erfiðara er fyrir einstak- lingo að fara á milli lækna og verða sér úti um sömu lyf á sama tíma. Erfiðarara er fyrir fíkla að verða sér úti um svokallað læknaðóp.

„Þetta er engin lausn. Það er eins og menn fatti ekki að fíkill hættir ekkert að vera fíkill þó að honum sé gert erfitt fyrir að fá efnin. Hann verður að fá efnin, sama hvað, hann finnur alltaf leið og svífst einskis. Þetta þýðir bara að það verður meiri harka í undir- heimunum og fíklar ganga ennþá lengra og gera ennþá ljótari hluti til að redda efnun. Þetta þýðir að það kemur bara eitthvað annað efnin í staðinn. Það gengur ekki að skrúfa fyrir dæluna og setja enga peninga í meðferðarkerfið í stað- inn. Taka efnin af fíklunum en ekki gera neitt til að hjálpa þeim.“

Stefaníu er annþ um að koma fólki í skilning um að að fíknin fer ekki í manngreinaralit.

„Mér finnst svo sárt að heyra fólk tala um að það ætli sko ekki að láta sína skattpeninga fara í að halda uppi fíklum og aumingum. Þegar ég heyrir til dæmis: „Af hverju hætta þau ekki bara?“ eða þegar einhver deyr og fólk segir að það sé bara einum fíklunum færra. Það er eins og fólk geri sér ekki alltaf grein

Stöðugt skorid niður

Framlög ríkisins til SÁÁ koma til með minnka um 13 prósent á næstu tveimur árum líkt og fram kemur í Fjárlögum ársins 2018. Ákvörðunin kallar á sparnað upp á 70 milljónir á þessu ári.

Í síðasta mánuði var greint frá því að undirbúningur væri hafinn vegna lokunar á göngudeild SÁÁ á Akureyri. Lokun göngudeildarinnar er hluti af 100 milljóna niðurskurðsáætlun sem sam- tókin starfa nú eftir að SÁÁ hóf rekstur göngudeildar á Akureyri í byrjun árs 1993 og hefur deildin sinnt ráðgjöf og grein- ingu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á öllu Norðurlandi síðan. Í tilkynningu kemur fram að engin framlög hafi komið frá ríkinu til göngudeildarstarfsemi SÁÁ undanfarin þrjú ár.

Levý Traustason, fram- kvæmdastjóri Samhjálp, sagði í viðtali við síðdegisútsvarpið á Útvarpi Sögu í fyrrasumar að erfitt væri reka meðferðarstarf í Hlaðgerðarkoti þegar framlögin til starfsins væru háð duttlunum stjórnmálanna. Allt kapp væri þó lagt á að hjálpa öllum þeim sem leita að aðstoð.

„Við erum að reyna að vinna að því að fá samning við ríkið, það er dap- urlegt og erfitt að reka svona úrræði sem Hlaðgerðarkot er og fá að vita kannski 21. desember hvað við fáum mikið á fjárlögum því það er bara happa og glappa hvort stíjandi ríkisstjórn er hlynt þessu eða ekki.“

fyrir að þetta eru manneskjur sem er verið að tala um: dætur og synir, fólk sem á börn.“

Hún tekur undir að ef til vill vilji fæstir vita yfirhöfuð af vandanum. Fíklar eru ennþá óhreinu börnin hennar Evu.

„Fólk sem hefur ekki verið þarna, það gerir sér enga grein fyrir hversu svartur og ógeðslegur þessi heimur er. Þú kannski sérð sprautufíkil á mynd en þú sérð aldrei allt sem er í gangi, alla þessa eynd. Þess vegna skil ég al- veg að fólk geti ekki sett sig í þessi spor en það er samt ömurlegt að upplifa þessa fordóma og fáfræði í samfélaginu. Þó svo að umræð- an sé vissulega komin lengra í dag en áður og skilningurinn meiri þá skína fordómarnir í gegn,“ segir hún og tekur sem dæmi að það sem af er ári hafa fimm einstak- lingar látið vegna fíkninnar.

„Ef að þessir fimm einstak- lingar hefðu allir dáið í bíslýsi þá efast ég ekki um að það væri allt vitlaust og umræðan miklu meiri. En það er eins og þessi umræða komist aldrei almennilega á flug. Kannski af því að fólk vill frekar loka augunum fyrir þessu. Fólk er svo vant að sjá þetta sem svartan blett á samfélaginu.“

13. apríl næstkomandi fagnar Stefania tveggja ára edrúafmæli. Hún á í dag þrjú börn, en lítill drengur bættist við á síðasta ári. Eldri börnin tvö, sex ára og fjögurra ára, búa hjá föður sínum og koma reglulega í heimsókn til Fáskrúðs- fjarðar þar sem Stefania býr enn í dag, ásamt kærasta og yngsta synin- um. Hún stefnir á að klára stúdent- inn í fjarnámi en í framtíðinni vill hún nýta reynslu sína til góðs. Hana langar að geta forða ungum krökk- um frá því að leiðast út í neyslu.

„Draumurinn er að hjálpa fólki, mig langar að hjálpa þeim sem eru í sömu stöðu og ég var í. Ég á ótrú- lega fallett líf í dag. Ég á ótrúlega gott bakland, fjölskyldu, kærasta, vini og kunningja sem hafa staðið við bakið á mér eins og klettur og þó svo að allir hafi lokað á mig á meðan ég var í neyslu þá voru allir tilbún- ir með björgunarhringinn þegar ég loksins bað um hjálpa. Það er skrítið að hugsa til þess núna að fyrir nokkrum árum átti ég ekkert, ég gekk um í fötum af vini mínum með bakpoka sem innihélt ekkert nema hleðslutækið af símanum mínum. Í dag á ég allt sem ég þarf.“ ■



Man vel eftir Stefaníu

Guðmundur Fylkisson varðstjóri man vel eftir að hafa sótt Stefaníu þennan orlagaríka dag í apríl 2016.

Við pabbi hennar erum kunningjar og hann hafði samband við mig. Hún hafði látið vita að hún væri búin að gefast upp og hann vantaði einhvern sem gæti nálgast hana og komið henni í skjól. Ég fór og sótti hana í iðnað- arhverfi í Hafnarfirði, hún kom út, með stór dökk sólgleraugu á andlitinu og föggur sínar í einhver- um poka. Hún var glorsoltin og spurði ég hana hvað hún vildi borða. Fór með hana á KFC og pantaði það sem hún vildi, man ekki hvað það var reyndar. Hún borðaði þetta hratt og örugglega og síðan fór ég með hana á stað þar sem hún hefði skjól þá nóttina. Pabbi hennar var lagður af stað frá Austfjörðum til að sækja hana, akandi. Ég var nú ekki alveg hjart- sýnn á að hún yrði þar þegar hann kæmi en hún var það og hefur staðið sig frábærlega síðan.

Ég veit að það hefur ekki verið auðvelt fyrir hana að takast á við fráhvörfin og afeitrunina fyr- ir austan en hún á góða að. Hún var djúpt sokk- in og ég hef rifjað það upp með henni síðar, að ég hafði fengið hana við hliðina á mér á stolnum bíl, ég var þá með ungling í stroki í bílnum. Ég fór á eftir henni, krókaleiðir upp frá Vífilstöðum og þar til merktur lögreglubíll kom og stoppaði þau ofan við Kópavog. Unglingurinn sem var í bílnum hjá mér setti hettuna yfir hausinn, fannst það ekki spennandi að vera í „eftirför“ og það yrði örugg- lega haldið að hann hefði sagt til. Tilviljunin var hins vegar sú að þegar tilkynnt var um stolinn bíl

í fjarskiptum og lýsing gefin, þá var ég að aka fyr- ir aftan bílinn. Stefania mundi svo sem ekki eftir þessu en sendi mér svo skjáskot þegar hún var á leið í dóm, þar sem hún hélt á skýrslu með nafni- nu mínu á ... og sagði ... „Þessi Guðmundur.“

Guðmundur hefur síðustu árin komið hund- uðum ungmenna til bjargar og í mörgum tilfellum hefur tekist að beina einstaklingum á rétta braut.

„Það er bara svo gefandi að fá að sinna þessu og þá fær maður áhuga og heldur honum. Vissu- lega sé ég oft árangur, sem betur fer. Stefania er reyndar utan míns aldurs hóps en ég vinn með ungmennin upp að 18 ára aldri. Hún er aftur á móti ekki sú eina sem ég hef komið að því að ná sér út úr svona rugli. Það er að segja þegar maður sér einhvern í vanda, lætur vita að maður sé tilbú- inn og viðkomandi er tilbúinn að þiggja aðstoð- ina,“ segir Guðmundur og rifjar upp dæmi. „Önn- ur stelpa, sem er rétt rúmlega tvítug, sem var orðin hluti af úttigangsmönnum miðborgar. Hún er búin að standa sig vel nú í eitt og hálf ár, ef ég man rétt. Ég nálgadist hana í rólegheitum og á endanum bað hún um hjálpa. Baklandið hennar var kannski ekki eins sterkt og hjá Stefaníu. En það hafðist.“

Svo eru það einstaklingarnir sem hafa verið grátandi í bílnum hjá mér og spurt af hverju ekki hefði verið eitthvert svona verkefni í gangi þegar þau voru yngri, þá væru þau kannski ekki í þeirri stöðu í dag sem þau eru í. Einn pilturinn tók sig á í framhaldi, með nánast ekkert bakland, og hefur staðið sig vel. Það tekur vissulega langan tíma að ná sér í eðlilegan farveg, það þarf að vinna úr svo mörgu. Ég hitti hann annað slagið og hann kemur alltaf og heilsar.“



Ég fer á fjöll



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

Í VARDHVALDI MEÐ BARN Á LEIÐINI

■ Lögregla og Barnavernd hardlega gagnrýnd ■ Polandi sagði honum að leita sér hjálpar

Björn Þorfinnsson
Ari Brynjólfsson
Kristjón Kormákur Guðjónsson

Ég vann í sjálfum mér. Lokahnykkurinn í bataferlinu var að leggja fram kæru. Mín barnlega trú var að ef ég kærði myndi hann ekki sleppa ef annar polandi myndi stíga fram. Samt slapp hann, slapp við að missa vinnuna. Það er ótrúlegt og á ekki að geta gerst.“

Þetta segir ungur maður sem kærði Guðmund Ellert Björnsson, starfsmann Barnaverndar Reykjavíkur. Guðmundur, sem hefur unnið með börnum og unglingum í tvo áratugi, situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa beitt skjólstæðing stofnunarinnar kynferðisofbeldi. Ungi maðurinn er nákominn ættingi og segir að Guðmundur hafi brotið á honum frá 9 ára aldri þar til hann varð 15 ára. Þá kveðst systir mannsins hafa látið Barnavernd vita að meintur níðingur starfaði fyrir stofnunina. Tveimur árum síðar greindi móðir annars ungs manns tveimur lögregluþjónum frá því að Guðmundur Ellert hefði brotið á syni hennar á hrottalegan hátt. Í samtali við DV segir konan að hún hafi greint lögreglumönnum frá hvar Guðmundur starfaði. Þolendur og ættingjar þeirra hafa fullyrt við fjölmiðla að tilkynnt hafi bæði verið til lögreglu og Barnaverndar að Guðmundur væri grunaður um skelfilegt ofbeldi. Þrátt fyrir þessar viðvaranir starfaði Guðmundur áfram eins og ekkert hefði í skorist þar til í vikunni að hann var loks úrskurðaður í gæsluvarðhald. Guðmundur var yfirmaður á skammtímaheimili á vegum Barnaverndar og átti þar heimili. Hann svaf því með fullt hús af börnum sem komu frá brotnum heimilum. Þá hefur frændi Guðmundar einnig kært hann og sakar hann um að hafa beitt hann ofbeldi á heimili félagsþjónustunnar.

Fram hefur komið að Guðmundur var einnig kærður í ágúst 2017. Sævar Þór Jónsson, lögmaður

annars pilts sem hefur kært Guðmund, kveðst hafa rekið á eftir kærinni við yfirvöld. Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hefur sagt að ekki hafi verið mögulegt að sinna málinu vegna annríkis. Hefur lögregla verið hardlega gagnrýnd vegna málsins. Þá er málið enn eitt hneykslismálið sem upp er komið hjá Barnavernd.

Samfélagið hefur leikið á reiðiskjálfi eftir að málið komst í há-mæli og á venjulegur leikmaður erfitt með að átta sig á hvernig maður grunaður um jafn skelfileg brot hafi fengið að starfa óáreittur með börnum og stýra heimilum þar sem brotin börn eiga sitt skjól.

DV hefur rætt við þolendur og ættingja sem og leitað svara hjá yfirvöldum og stofnunum sem hafa bent á hvert annað. Lögreglustjóri hefur nú viðurkennt að alvarleg mistök hafi átt sér stað og að læra þurfi af þessu skelfilega máli.

Ekki góður starfsmaður

„Ég kærði hann árið 2013. Það

sem var erfiðast voru fyrstu viðbrögð dómsmálaráðherra og lögreglustjóra. Það virtist sem enginn ætlaði að bera ábyrgð á þessu skelfilega máli.“

Móðir annars drengs sem kærði Guðmund sakar hann um að hafa gefið syni hennar svefnlyf og síðan nauðgað honum. Segir hún ofbeldið hafa staðið yfir í mörg ár. Móðirin segir:

„Það er vont að verða vitni að því að fólk sé að tala um að hann hafi verið góður starfsmaður. Hann var ekki góður starfsmaður. Hann þóttist vera góður starfsmaður.“

Guðmundur Ellert hefur starfað á skammtímaheimili fyrir unglunga í Breiðholti frá árinu 2010. Yfirmaður hans var Sigurður Hólm Gunnarsson. Samkvæmt heimildum DV voru Guðmundur og Sigurður Hólm félagar eða í sama vinahóp á yngri árum.

„Vorur þið vinir áður en þú réðst hann í vinnu?“

„Nei, ég myndi ekki orða það þannig. Við vorum saman í FB,“ svarar Sigurður Hólm. „Við vorum kunningjar þar, en ég var ekki í neinu sambandi við hann frá árinu 1997 þangað til ég hóf störf hjá Barnavernd 2010. Ég var ekki í neinu sambandi við hann á þessu þrettán ára tímabili,“ segir Sigurður.

Grunaði fólk ekki neitt?

„Nei, ekki neitt,“ segir Sigurður. „Fólk er náttúrulega í áfalli að hann skuli vera grunaður um þetta, það má segja að hér innandyra sé sorgarstemning.“

Sigurður Hólm réð Guðmund í vinnu þegar heimilið í Breiðholti var opnað í breyttri mynd. Guðmundur hafði starfað á heimilinu sem hýsir brotin börn og unglunga, sem eiga erfitt heima fyrir. Þá bjó Guðmundur með unglingunum og svaf í húsínu í viku í senn á mótí annarri konu.

„Þau bjuggu hér á meðan þau voru að vinna hérna og sváfu hérna eðlilega, einn

á vakt, og héldu heimili hér. Svo var tekin ákvörðun af Barnavernd að breyta starfsemi, gera hana faglegri og víðtækari. Þá var auglýst eftir forstöðumanni til að taka við og móta þá starfsemi og ég var ráðinn til þeirra verka. Mitt fyrsta hlutverk var að auglýsa og ráða inn starfsfólk. Báðir starfsmennirnir sem voru að vinna hérna áður en þessu var breytt sóttu um, þar á meðal þessi maður.“

Var Guðmundur ráðinn og starfaði á heimilinu um árabíl og svo síðar á öðru heimili. Í viðtali við Stöð 2 beygði Sigurður Hólm af þegar hann ræddi um málið.

Lét lögreglu vita árið 2008

Polandi Guðmundar kveðst hafa leitað til Stígamóta og sagt fólk þar á bæ sem og lögræðingi sínum að Guðmundur væri í vinnu með börnum. Þá hafi hann greint lögreglu frá því að þannig væri í pottinn búíð.

„Lögregla fékk að heyra þetta, hvort sem þeir finna það í skránni eða ekki. Systir mín lét Barnavernd vita árið 2008, eða þegar ég trúði henni fyrir því ofbeldi sem ég var beittur. Þá var ég sjálfur á milli 19 og 20 ára.“

Árið 2009 veiktist ungi maðurinn af kvíða og þunglyndi. Hann ákvað að vinna í sínum málum og takast á við það sem hafði gerst í fortíðinni. Lokahnykkurinn var, eins og áður segir, að leggja fram kæru í þeirri von að ef fleiri myndu stíga fram þá væri möguleiki að stöðva Guðmund. Þrátt fyrir fleiri kærur og tilkynningar gerðist það ekki.

„Það var erfitt skref að kæra þar sem við erum náfrændur. En mér tókst það og öðlasti ró. Ég lauk námi og er nú í góðri vinnu þar sem ég á góða að. En eftir að málið blossaði upp í fjölmiðlum hrundi ég niður. Ég á góða vinnufélaga og vini sem standa eins og klettur við bakið á mér. Þá veitir fjölskyldan mér einnig mikinn stuðning.“

Ungi maðurinn leitaði sér aðstoðar hjá Stígamótum í vikunni til að styrkja sig eftir að málið kom upp á nýjan leik.

„Hann brýtur á mér á heimili félagsþjónustunnar. Öll brotin eru á heimili félagsþjónustunnar í skjóli Reykjavíkurborgar,“ segir maðurinn. Ofbeldið stóð yfir í mörg ár. Hann hefur ekki hitt önnur meint fórnarlömb mannsins.

„Hann notaði engin lyf á mig. Hann þurfti þess ekki. Hann hafði fullkomið traust, hann var frændi minn.“

Lagður í einelti

Guðmundur átti að sögn litla frænda hans erfiða æsku og var lagður í einelti

„Hann notaði engin lyf á mig. Hann þurfti þess ekki. Hann hafði fullkomið traust, hann var frændi minn.“

í grunnskóla og menntaskóla. Var Guðmundi strítt vegna útlits hans. Hann var stór, rauðhærður, talinn skríttinn og með gleraugu.

Sigurður Hólm, sem þekkti Guðmund á unglingsárum og kynntist honum aftur þegar hann réð hann í vinnu, lýsir Guðmundi sem rólegum, reglusömum manni sem drekki ekki áfengi.

„Hann var rólegur og náði vel til krakkanna. Þetta eru alls konar einstaklingar sem koma hingað inn og þau stundum kvarta undan starfsfólki. „Hann er leiðinlegur“... og eitthvað slíkt. Ég hef aldrei fengið slíka kvörtun gagnvart honum. Það töludu margir um að hann væri skemmtilegur, biðu eftir því að hann kæmi á vakt. [...] Ég er búinn að vera í áfalli, þetta er svolítið eins og maður upplifir að einhver hafi dáðið, skilurðu. Ég er að syrgja þennan mann sem ég er búinn að þekkja í mörg ár. Ef þetta reynist rétt þá er hann einhver veginn horfinn og nýr einstaklingur blásir við sem að við þekktum ekki.“

Ef þetta reynist allt satt þá er Guðmundur búinn að misnota traust og blekkja til að ná fram því versta sem þekktist.

„Ég er búinn að sveiflast mikið. Ég er búinn að vera í sjokki. Ég er búinn að vera reiður gagnvart honum, að hann skuli vera þessi maður, en svo er ég aðallega búinn að vera sorgmæddur, þetta er svo gríðarlega sorglegt. Ég finn gríðarlega mikið til með þolendum hans og aðstandendum, þetta er svo hræðilegt.“

Þú sagðir við Stöð 2, eins og þú sagðir við mig, maður getur ímyndað sér að þolendur séu ósáttir við að honum sé lýst á svona jákvæðan hátt.


„Hafi hann gert þessa hluti þá er hann ekki sá maður sem við upplifðum hann vera, en ég er bara að lýsa því hvernig hann birtist okkur, samstarfsmönnum. Auðvitað er hann ekki þessi ljúfi góði maður sem við þekktum, hafi hann gerst sekur um þetta, auðvitað ekki. En þetta er svona sem hann birtist okkur. Þetta er ömurlegt. Á tímabili hef ég brotnað niður og grátið yfir þessu. Þetta tekur svo á,“ segir Sigurður og bætir við: „Hann var kærður í ágúst og ég hafði ekki heyrt af því fyrr en daginn áður en hann var handtekinn. Ég bara ▶



UTmessan 3. febrúar

Hörpu kl. 10 - 17

Þar sem allt tengist



Aðgangur ókeypis

Opíð 10 – 17

Ókeypis í bílastæðahús Hörpu

Eigðu skemmtilegan dag

í heimi tækninnar

- Prófaðu að skora mark hjá gervigreindu markmannsvélmenni
- Heilsaðu upp á Titan risavélmennið og krúttvélmennið Pepper
- Hægt verður að upplifa og prófa sýndarveruleika í sýningarbásum víðsvegar um svæðið
- Þola netþjónar að liggja í vatni?
- Reyndu að stýra fjarstýrðum snjall-vöruflytningabíl í gegnum þrautabraut
- Fáðu innsýn í hvernig heimurinn lítur út í viðbættum veruleika
- Prófaðu að teikna beint á skjái
- Hentu rusli í snjallruslatunnu!

[sjá nánar á utmessan.is](http://utmessan.is)

ský

SI
Sinnis Öskubanki



HÁSKÓLI ISLANDS

.origo.

Deloitte.

sensa

Opin Kerfi


utmessan.is

skil ekki hvernig það gat gerst. Það verður að rannsaka þetta og ég vil fá niðurstöður á þeirri rannsókn sem fyrst. Svo var hann víst kærður 2013, ég frétti það líka daginn áður en hann var handtekinn. Þá var hann búinn að vinna hjá mér í fimm ár, kærður, án þess að ég vissi neitt. Svo er að koma í ljós að kvartað var undan honum og látið vita að hann væri að vinna með börnum fyrir árið 2010.“

„Áður en þú réðst hann til vinnu?“
„Áður en ég réð hann í vinnu. Af hverju barst það ekki til mín? Það er eitthvað mikið að samskiptum lögreglu við aðrar stofnanir og það er eitthvað mikið að skráningum og verkferlum um hvernig svona skilaboð komast til skila.“

Sigurður beygir af og segir: „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef að hann hefur gert eitthvað hér á minni vakt ... og þú veist. Ef svo er þá hefði auðveldlega verið hægt að koma í veg fyrir það ... Ef ég hefði bara fengið að vita um þessi mál.“

Bauð Guðmundi að komast hjá kærðu

Meintur þolandi bauð Guðmundi frænda sínum að komast hjá kærðu en hann vildi ekki þiggja boðið.

„Ég bauð frænda mínum, þegar ég kærði upphaflega og lét hann vita áður en ég kærði, þá sagði ég honum að ég vildi að hann leitaði sér hjálpar. Að hann myndi viðurkenna hvað hann hefði gert rangt,“ segir ungi maðurinn. „Ég hef alltaf sagt að ég yrði fyrsti maður til að fyrirgefa honum ef hann leitaði sér hjálpar við sínum vanda sem er víðtækur.“

Guðmundur Ellert er í sambúð með konu sem er af erlendu bergi brotin. Hún á sex ára barn og gengur með barn Guðmundar undir belt, sem von er á í apríl. Samkvæmt heimildum hefur verið kannað hvort Guðmundur hafi brotið á fósturbarni sínu en ekkert virðist benda til þess. Miðað við aldur meintra fórnarlamba Guðmundar virðist hann laðast að börnum frá 9 til 15 ára aldurs.

Samkvæmt heimildum DV ávann Guðmundur sér vinsældir og traust barna með því að bjóða þeim í bíó, gefa þeim pitsu og nammi og leyfa þeim að spila alla flottustu tölvuleikna.

Leituðu hjálpar hjá níðingnum

Móðir pilts sem hefur kært Guðmund og sakað hann um að byrja honum svefnlyf kveðst hafa látið tvo lögreglumenn vita um meint brot Guðmundar og að hann starfaði fyrir Barnavernd. Hún hafi fyrst leitað til Stígamóta og svo lögreglu árið 2015.

„Ég gaf henni fullt nafn á syni mínum og manninum og að

Þetta var mjög gróf misnotkun, mjög gróf

maðurinn (Guðmundur) starfaði með börnum. Ég spurði hvort hann hefði verið kærður áður en þau sögðust ekki geta sagt mér það. Ég veit núna að hann var kærður árið 2013,“ segir móðirin og bætir við: „Ég kynntist honum í gegnum fjölskylduvini og öllum líkaði vel við hann. Hann var með fullt af börnum í kringum sig og mann grunaði ekki neitt.“

Konan segir að þau hafi upphaflega leitað til Guðmundar til að fá aðstoð fyrir son sinn þar sem honum gekk ekki vel í námi á þeim tíma. Guðmundur bauðst til að aðstoða með heimanám. „Okkur grunaði ekki að hann myndi beita barnið okkar ofbeldi. Hann var á áttunda ári þegar ofbeldið hófst. Þetta var árið 2004.“

Grunar að Guðmundur hafi tekið myndir

„Þetta var mjög gróf misnotkun, mjög gróf,“ segir móðirin en bætir við að drengurinn sé nú á góðu róli. Áður hafi þetta jafnvel verið spurning upp á líf og dauða. „Hann er á góðri leið, strákurinn. Hann er svo jákvæður. Þetta er búið að vera rosalega erfitt en við erum bara sterk fyrir strákinn, það þýðir ekkert annað. Honum er ætlað stórt hlutverk, drengnum.“

Móðirin kveðst gruna að Guðmundur hafi tekið myndir af hinu meinta ofbeldi. Kveðst drengurinn muna eftir flössum þegar hann lá lyfjaður og nánast út úr heiminum.

„Okkar tilfinning er að það sé verið að fela eitthvað, einhver sem er í æðri stöðu. Ef hann er búinn að misnota börn í mörg ár, tekið myndir og kannski selt ljósmyndir, þá hlýtur hann að vera í einhverjum hring. Það hlýtur bara að vera. Þú getur ekki selt svona hryllilegt efni, níð, nema að

„Þetta kemur allt á óvart“

Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur:

„Í þessu máli virðast hafa verið svo mörg viðvörumerki sem hafa komið fram. Það er mjög sérstakt af hverju það hafi ekki verið tekið á þessu máli mikið fyrir. Þetta var komið upp á yfirborðið, þannig það er skrytið hvernig þetta hefur farist fyrir. Ekki bara hjá lögreglu heldur hjá þeim aðilum sem hann vinnur. Þessi brot virðast vera mörg samkvæmt réttargæslumanni. Maður áttar sig ekki á því hvernig þetta allt getur farið fram án þess að einhverjir aðilar á þessari stofnun eða kringum þetta hafi raunverulega gert eitthvað. Þetta kemur allt á óvart,“ segir Helgi Gunnlaugsson og bætir við að þessi brotaflokkur er mjög dulinn í samfélaginu og það sé mikið tabú í kringum hann.

Helgi segir að mikil fordæming sé á kynferðisbrotum gegn börnum í okkar samfélagi. „Það gerir það að verkum að einstaklingar sem hafa þessar hneigðir komast ekki út með þessar tilfinningar. Það er ekki jákvætt fyrir samfélagið, geta raunverulega ekki tekist á við þær með aðstoð sérfræðinga því það er hægt að vinna á þessu, halda aftur á þessu. Það er sagt að það sé ekki hægt að lækna barnaníðinga, það er ýmislegt til í því. Það er ekki hægt að lækna en margt er hægt að gera. Það er hægt að koma í veg fyrir að þeir brjóti af sér. Þó þú hafir þessar tilhneigingar þá þarf ekki endilega að vera að þú brjóti af þér.“

Helgi tekur alkóhólisma sem dæmi og segir að þótt fólk sé alkóhólistar þá geti það oft haldið sjúkdómnum í skefjum. „Það er kannski ekki hægt að lækna alkóhólisma en það þarf ekki þar með að segja að þú þurfir að drekka. Það er hægt að draga úr því að menn brjóti af sér, það er hægt að koma í veg fyrir það [...] Ef [barnagirnd] kemur fljótt fram, í upphafi kynþroska og þegar menn eru ungir þá er hægt að gera ýmislegt til að koma í veg fyrir þetta, eins og ráðgjöf.“



vera í hring.

Ég vona bara að þeir hafi fundið nógu sterk sönnunargögn.“

Hvað viltu sjá breytast?

„Barnavernd, það þarf að taka til þar. Mér finnst ótrúlegt að svona margir einstaklingar hafi verið hjá svona manni. Þeir afsaka sig alltaf. Eins og með lögregluna, það þarf að setja meira fjármagn til að fjölga starfsfólki.“

Málið til skoðunar hjá lögreglu

Árni Þór Sigmundsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, var ósáttur þegar DV leitaði svara vegna málsins.

„Spörum okkur báðum tíma. Málin sem þú ert væntanlega að spyrja um eru til skoðunar hérna innanhúss. Meðal annars af minni beiðni. Það er afgreiðslan og við vonumst til að niðurstaða þess verði bara góð. Ég hef ákveðið að tjá mig ekkert við fjölmiðla á meðan sú skoðun fer fram.“

Rannsóknin á ...

„Það er ekki rannsókn, þetta er bara skoðun sem er meðal annars gerð af minni beiðni.“

Sem varðar hvað?

„Bara þetta mál sem þú ert væntanlega að spyrja um. Hvernig það er tilkomið og hver meðferðin hjá lögreglunni var.“

Hvort tilkynningar til lögreglu eigi að fara til Barnaverndar?

„Bara meðferð málsins og afgreiðsla þess, frá því það barst til dagsins í dag, verði skoðuð.“

Eitt atriði sem er almenns eðlis. Kemur geðheilbrigðisrannsókn lögreglunni við, er það dómari eða verjandi sem fer fram á slíki?

„Þetta lýtur að rannsókninni. Ég ætla ekki að svara því. Ég ætla ekki að tjá mig neitt.“

Rætt við alla skjólstaðinga Guðmundar

Haldóra Dröfn Gunnarsdóttir,

framkvæmdastjóri

Barnaverndar Reykjavíkur, segir að rætt verði við alla sem hafi verið skjólstaðingar Guðmundar.

„Við munum ræða við þau öll og erum byrjuð á því. Það eru þessi innri viðbrögð við að tryggja að allir sem mögulega hafi verið beittir ofbeldi á þessu tíma, á þessum stöðum þar sem viðkomandi vann, hafi tækifæri til að koma áhyggjum sínum, líðan eða vitnisburði á framfæri og fengið á sínum forsendum leiðbeiningar og hjálp. Og vonandi komið málum sínum í farveg hjá lögreglu.“

Lögreglan hafði fengið tilkynningar og kærðu í ágúst, sagði lögreglan aldrei neitt allan þennan tíma?

„Nei. Það var ekki gert. Það kemur okkur að einhverju leyti á óvart, því við eigum í miklu og góðu samstarfi við lögregluna.“

Svo það sé alveg á hreinu, hefur Barnavernd fengið ábendingar um Guðmund Ellert?

„Ég og mínir stjórnendur, hér hjá Barnavernd Reykjavíkur, höfum aldrei fengið neinrar ábendingar og ekki heldur hans yfirmaður, Sigurður Hólm. Ég ætla ekki, því ég veit að það er rætt um símtöl 2002 til 2008, ég geri bara ráð fyrir að þau símtöl hafi átt sér stað. Ég veit ekki við hvern eða í hvaða farveg þeim var komið á þeim tíma. Þáverandi yfirmaður mannsins er ekki á landinu núna og ekki starfandi hjá okkur núna. Við veltum við öllum steinum til þess að komast að því hvað var, hver hringdi í hvern hvenær og í hvaða farveg málin voru sett og svo hvað við getum gert til framtíðar þannig að ábendingar af þessu tagi falli aldrei milli skips og bryggju.“ Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir Guðmundi á að renna út í dag, föstudag, en fastlega er búist við því að farið verði fram á áframhaldandi varðhald. ■



Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is



Margir minnast Katrínar:

BÖRN Í SÁRUM ÞURFA Á STUÐNINGI AÐ HALDA

■ Fjögur börn móðurlaus ■ Góð móðir þrátt fyrir erfiða baráttu við fíkn


Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Katrín Dröfn Bridde andaðist þann 24. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram í dag (föstudag) frá Bústaðakirkju. Katrín eignaðist fjögur börn og eiga þau um sárt að binda og þurfa á stuðningi að halda. Katrín hafði átt við áfengis- og fíkniefnavanda að stríða en hafði haft betur í baráttunni við Bakkus í dágóðan tíma þar til hún féll á síðasta ári. Sambýlismaður Katrínar, Kristján Markús Sívarsson, aflánar nú dóm svo börnin fjögur eru án foreldra sinna.

Friðrik Bridde, fyrrverandi skrifstofustjóri ráðhússins og fyrrverandi bílstjóri borgarráðs og faðir Katrínar, stofnaði sjóð til styrktar börnunum fjórum og verða þeir peningar lagðir inn á fjórar bankabækur á nafni hvers barns og lokað til 18 ára aldurs. Ljóst er að það munar um hverja krónu og þurfa börnin sárlega á stuðningi að halda. Þá er vert að taka fram að DV birtir umfjöllun um Katrínu í samráði við fjölskyldu hennar.

Katrín átti eins og áður segir í baráttu við áfengi og fíkniefni og hafði oft betur. Þann 24. janúar átti sér stað mikill harmleikur á heimili hennar og tóku fíkniefnin enn eina ungu manneskjuna. Þá var greint frá því í fjölmiðlum að leitað var að sambýlismanni Katrínar sem var grunaður um að koma ekki manneskju í neyð til aðstoðar. Þrátt fyrir erfiða baráttu við fíkn reyndi Katrín, að sögn vina og fjölskyldu, að vera góð móðir og til staðar fyrir krakkana fjóra. Elsti drengurinn hefur tekist á við ódæmigerða einhverfu og yngsta dóttir hennar fæddist með hjartagalla.



Katrín var vinamörg og ótal margir sem minnast hennar á samskiptamiðlum með fallegum orðum. Á Facebook hafa tugir vina skrifað hjartnæmar minningargreinar. Vinirnir segja Katrínu hafa verið með hjarta úr gulli. Hún hafi ekki farið í manngreiningarálit, verið sterk og góð móðir, trygg og alltaf til staðar fyrir vini sína.

„Tárin leka, lífið er stundum svo ósanngjarnt,“ segir Kolbrún Jónsdóttir, einkabjálfi og vinur Katrínar til margra ára. Ester Ósk segir: „Elsku Kata mín, ég sit hér orðlaus og dofin eftir þessar hræðilegu fréttir sem ég fékk í nótt,

er ekki að trúa þessu, elsku stelpa mín [...] Elsku gull, Guð blessi og vaki yfir fjölskyldu þinni og elsku börnunum á þessum hræðilega erfiða tíma. Hvíldu í friði, hjartagull“

Kristín segir: „Kata var með hjarta úr gulli, góð stelpa, sem reyndi margt í lífinu. Alltaf sterk og góð móðir, heimilið fallegt, hreint og fínt. Hvíl í friði, Kata mín.“ Þá segir Elín: „Þær eru margar stundirnar sem koma upp í hugann þar sem hún sýndi hversu sönn og falleg manneskja hún var. Hugur minn er hjá börnunum og fjölskyldunni. Megi allar góðar vættir

veita ykkur styrk í sorginni.“ Heiða, vinkona Katrínar, skrifar: „Elsku Kata mín. Þú áttir alltaf stóran stað í hjarta mínu enn á mínum verstu tímum varst þú til staðar og þú fírst sko ekki í manngreiningarálit. Er búin að vera að hugsa til baka með tárin í augunum og það sem stendur upp úr er hvað þú varst trygg.“

Elsa: „Takk kærlega fyrir allt. Þú sterka Kata ert farin til móður þinnar sem þú saknaðir svo sárt. Sonur minn þakkar fyrir allt sem þú gerðir fyrir hann. Minning þín lifir sterkt og reynum við eins og hægt að að vera til staðar

og sýna englum þínum styrk og ást.“ Halldóra: „Þú varst svo mikil mamma krakkanna þinna og settir þau alltaf í forgang.“ Eyjólfur: „Hugur minn er hjá fallegu börnunum þínum sem ég veit að þú gerðir allt fyrir og verndaðir. Nú þegar verndarengillinn er farinn þá hugsa ég til barnanna og tímanna sem fram undan er hjá þeim.“


Þeir sem vilja styðja börnin á þessum erfiðu tímum geta lagt inn á reikning: 111-05-010112
Kennitala: 310851-2999

SVO ALLT GANGI SMURT

- Öryggisvörur
- Efnavörur
- Olíuvörur




kemi
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is



NÝTT

16 cm 2.990,-
33 cm 3.990,-




NÝTT

www.hrim.is



Nýr litur af skafkorti



Laugavegi 25 / Kringlunni 1. & 2. hæð / 553-3003

Á HÆLUM KATTA- MORÐINGJANS Í HVERAGERÐI

■ Allt að 50 kettir drepnir eða horfnir á þremur árum ■ Lögregla með þrjú mál til rannsóknar

Ari Brynjólfsson
ari@pressan.is



Allt að fimmtíu kettir hafa verið drepnir með eitri eða eru horfnir á Suðurlandi, á svæði sem nær frá Sandgerði til Selfoss. Viðmælendur DV telja að í Hveragerði búi einstaklingur eða einstaklingar sem stundi það að láta ketti hverfa og eitra fyrir þeim með frostlegi. Eigandi kattar sem hvarf síðasta haust hefur skoðað dularfull kattarhvarf á svæðinu. Lögreglan á Suðurlandi er nú að rannsaka þrjú kattadrápmál, en síðast var eitrad fyrir ketti á Selfossi um jólin. Bæjarstjórinn í Hveragerði segir að mál á borð við þessi séu ekki algengari þar en annars staðar. Upplýsingar frá MAST benda þó til að ekki sé allt með felldu.

Eins og jörðin hafi gleypst hann
Bergljót Davíðsdóttir hefur búið í Hveragerði í 11 ár. Í september í fyrra hvarf kötturinn hennar, Blakki, og hefur hann ekki sést

„Það er markvisst verið að fækka köttum af einhverjum sem ég held að gangi ekki heill til skógar

síðan. Blakki er fjórði köttur Bergljótar sem hvarfur á síðustu fjórum árum. „Kettirnir mínir fara alltaf út um gluggann í stofunni og koma alltaf heim á kvöldin. Um miðjan september í fyrra varð ég þess vör að Blakki var ekki kominn inn og ég hafði ekki séð hann frá morgni. Mér varð þá ljóst að eitthvað væri að. Vakti og kallaði á hann til þrjú um nóttina, en gafst þá upp. Hann var geltur og örmerktur en ekki með ól þar sem honum tókst alltaf að nudda henni af sér. En ég hef leitað hans, spurst fyrir og



Bergljót Davíðsdóttir Bergljót hefur búið í Hveragerði í 11 ár, hún er mikill dýravínur og hefur átt fjóra ketti á fjórum árum sem hafa horfið. MYND SIGTRYGGUR ARI

fylgst með síðan, en það er eins og jörðin hafi gleypst hann. Rétt eins og hinar kisurnar mínar sem

hreinlega hurfu og ekkert til þeirra spurst síðan,“ segir Bergljót. Allt frá því kattadrápin hófust sumaríð 2015 hefur Bergljót, sem er mikill dýravínur og ræktaði hunda í tíu ár, fylgst með og látið að sér kveða þegar kettir hverfa eða drepast. „Það hafa tveir aðrir kettir horfið héðan úr götunni og grunur leikur á að fleiri hafi gufað upp. Í sumum tilfellum hefur verið ekið yfir ketti og í einhverjum tilfellum hafa þeir fundist dauðir utan vegar.“

„Í mínum huga er það ljóst að hér er ekki um tilviljun að ræða. Það segir sig sjálft að það gengur enginn um bæinn og skilur eftir sig eitradan fisk. Það er markvisst verið að fækka köttum af einhverjum sem ég held að gangi ekki heill til skógar. Hann, hún eða þeir, virðast hafa skipt um aðferð eftir að fjölmiðlar fóru að fjalla um þessi mál. Enginn féll fyrir eitri hér í Hveragerði síðasta sumar, heldur hurfu því fleiri kettir. Mitt mat er að niðingurinn hafi aðeins skipt um aðferð.“ Umleitanir Bergljótar hófust skömmu eftir að Blakki hvarf, þá komst hún í samband við ungan pilt í gegnum íbúahóp á Facebook sem sagði henni að tvo sundur-



Blakki Blakki hvarf í september 2017. Bergljót er nú með tvo ketti, kettling sem fer ekki út úr húsi og Blökku, systur Blakka, sem Bergljót segir vera mannafeðu.

LÍKLEGT AÐ SAMI AÐILI EÐA AÐILAR SÉU AÐ VERKI

„Það er mjög líklegt að sami aðili eða sömu aðilar séu á bak við þetta,“ segir Helgi Gunnlaugsson, afbrotafraeðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Helgi segir miklar líkur á að viðkomandi búi í Hveragerði og hugsanlega telji ketti vera meindýr sem þurfi að útrýma. „En að ganga svona langt með að deyða þá er atríði sem maður setur spurningarmerki við. Það er eitt að telja ketti ekki vera velkomna í okkar umhverfi, en það er annað að grípa til aðgerða af þessu tagi. Það vitnar um einhverja ... bresti.“

Helgi segir að svona mál og umræða geti vakði óhug hjá kattareigendum sem telji líklegt að einhver hafi fargað kettinum þegar hann skilar sér ekki heim. „Fólk er á tánum, þetta spyrst út í bænum og hefur farið í fréttir. Þannig að við hvert kattarhvarf fer fólk að gruna að þar sé maður í mysunni.“ Telur Helgi að í svona málum geti hæglega orðið stemning líkt og í Lúkasarmálinu árið 2007. „Þá voru menn strax búnir að ákveða



að hann hefði verið drepinn og tiltekinn einstaklingur tengdur við það. Svo dúkkaði hundurinn upp eins og ekkert hefði í skorist. Slíkt gæti átt sér stað í þessu máli, en við vitum samt að það hafa kettir verið drepnir í Hveragerði og það er eitthvað í gangi, en við vitum ekki hversu stórt málið er.“

Kettirnir sem hurfu 2017

- Bella – Hvarf 9. júní
- Blakki – Hvarf 15. september
- Jonni – Hvarf 8. október
- Herkúles – Hvarf 13. október
- Emil – Hvarf 15. október
- Hvarf 27. október
- Hvarf 24. nóvember
- Hvarf 2. desember

skorna ketti mætti finna við bæinn Friðarstaði rétt fyrir ofan Hveragerði, þar mætti einnig finna katt-



Friðarstaðir Bergljót fór með blaðamann og ljósmyndara DV að skoða eyðibýlið þar sem hálfur köttur fannst. MYND SIGTRYGGURARI

Eigendurnir eru oft eldra fólk og börn, það gerir þessi mál enn þá verri

ast að hinn kötturinn minn muni líka hverfa," sagði einn viðmæl- andi DV.

Bæjaryfirvöld geta lítið gert

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, kannast við þessar frásagnir en segir að mál af þessu tagi hafi ekki ratað formlega inn á borð bæjaryfirvalda en nokkrir munu hafa verið í sambandi við hana og bæjarskrifstofuna. „Við getum aftur á móti lítið gert en ég hef þó ítrekað að rætt við lögregluna og beðið þau um að taka fast á þessum málum og rannsaka til hlítar það sem upp hefur komið. Það hafa þau gert en þó án þess að eitthvað handfast hafi komið út úr því," segir Aldís. Hún hefur hins vegar ekki orðið vör við svona mál í vetur og telur því að ástandið í Hveragerði sé ekki verra en í öðrum bæjarfélögum. DV gerði óformlega könnun og hafði samband við nokkur bæjarfélög víðs vegar um landið en í engu þeirra vildu bæjarstjórsmenn kannast við að þar hefði verið eitrad fyrir köttum.

KATTADRÁP Í FRÉTTUM

2013 til 2015 Minnst 10 kettir í Sandgerði.

Ágúst 2015 6 kettir í Hveragerði.

Desember 2016 3 kettir í Hafnarfirði. 11 kettir á Suðurlandi.

Október 2016 Einn köttur á Selfossi.

Apríl 2017 Tveir kettir á Ísafirði.

Júní 2017 8 kettir víðs vegar um landið, Vesturbæ Reykjavíkur, Suðurlandi og á Austurlandi.

Ágúst 2017 Þrjú kettlingar finnast dauðir í plastpoka í Hveragerði

September 2017 Bergljót finnur hálfan kött á Friðarstöðum í Hveragerði.

Jólin 2017 Einn köttur á Selfossi.

Það sem sker Hveragerði úr er fiskstykkið sem fannst sem vísvitandi hafði verið eitrad með frostlegi. „Þau höfðu legið í þessu og þau voru þá gegnsýrð að þegar voru geymd í -18 frosti þá frusu þau ekki. Þannig að þar var um að ræða beinan ásetning. Við höfum ekki fundið neitt æti á Selfossi, en þetta er nú í höndum lögreglunnar.“ Gunnar segir að kettirnir hafi verið krufnir á sínum tíma þegar málið rataði í fjölmiðla, þá hafi lögreglan haft samband. Gunnar segir málin andstyggileg. „Þetta er andstyggilegt, í einu orði sagt andstyggilegt. Eigendurnir eru oft eldra fólk og börn, það gerir þessi mál enn þá verri.“

Þrjú mál til rannsóknar

Þrjú mál eru nú til rannsóknar hjá Lögreglunni á Suðurlandi, tvö í Hveragerði og mál sem kom upp um jólin á Selfossi. Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi, segir erfitt fyrir lögreglu að henda reiður á þessum málum þar sem í mörgum tilfellum sé atvikin ekki tilkynnt til lögreglu eða kötturinn finnst ekki. Oddur segir útilokað að nefna hugsanlega tölu á málum tengdum köttum í umdæminu. „Það er útilokað. Við kannski fáum tilkynningu um að kötturinn sé týndur og eigandinn heldur allt það versta, en svo kemur kötturinn heim og skammast sín ekki einu sinni fyrir að hafa farið án þess að láta vita.“

Tvær krufningar liggja fyrir, ein frá ágúst 2016 og ein frá 29. desember síðastliðnum, svo er verið að rannsaka málið þar sem fiskflökin voru vætt í frostlegi. „Við erum með staðfest þessi tvö mál, þar sem krufningar liggja fyrir, það er það eina sem við höfum staðfest í höndunum. Við höfum grunsemdir en ekkert í hendi.“

Það er hægt að bjarga köttum

Dýraspítalinn í Garðabæ hefur tekið á móti köttum sem eitrad hafa verið fyrir með frostlegi. Hanna Arnórsdóttir dýralæknir segir að ef dýrið kemur innan 3 til 4 tíma eftir að hafa innbyrt frostlög eða frostlagarmengada fæðu þá á hann möguleika. Eftir það er það of seint og dýrið fer í bráða nýrnabilun sem er óafturkræf og líður miklar kvalir. Fyrstu 3 tímuna eftir að kötturinn hefur innbyrt frostlög er mögulegt að greina sérstaka kristalla í þvagi sem eru sterk vísbending um frostlagareitrun.

armat. Bergljót fór þangað með blaðamanni og ljósmyndara DV. „Strákurinn talaði við mig að kvöldi til, við komum hingað um hádegisdaginn eftir. Strákurinn sagði þá að búið væri að taka einn köttinn og kattarmatinn, og þessi skófla væri komin í staðinn," segir Bergljót og bendir á skóflu sem stendur við fjósvegginn á Friðarstöðum. „Þetta sagði mér bara eitt, sá sem bar ábyrgð á þessu var líklega inni í Facebook-hópnum. Hann hefur verið fljótur að fara.“ Framhluti af einum ketti lá í fjóshaugnum, Bergljót dró hann fram og myndaði.

Lögreglan á Suðurlandi er ekki sannfærð um að kattahræin á Friðarstöðum tengist eitrunum á köttum í bænum. Viðmælendur DV segja augljóst af myndunum að dæma að kötturinn hafi verið skorinn í sundur með sög. Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi, segir að það sé ekki hægt að útiloka að um mink hafi verið að ræða. „Minkur getur slitnið allt í sundur. Hræin sem fundust þarna voru búin að liggja rotin mjög lengi og ekkert hægt að eltast við það. Þarna voru kettir búnir að liggja í mörg ár, villikettir margir.“

Réðist á nágretta

Yfirferð á fréttum af kattadrápsmálum á árunum 2013 til 2018 leiðir í ljós að yfir 40 kettir hafa ýmist verið drepnir með eitri eða barðir til dauða í Sandgerði, Hveragerði og Selfossi, einnig eru dæmi og sögur um að kettir hafi



Kötturinn á Friðarstöðum Piltur í Hveragerði mun hafa verið að leika sér á staðnum og fundið dauða ketti. Þegar hann mætti á staðinn með Bergljótu daginn eftir fannst þessi köttur í fjóshaugnum. Lögreglan á Suðurlandi vill ekki útiloka að um mink hafi verið að ræða.

MYND BERGLJÓT DAVÍÐSDÓTTIR

drepist af völdum frostlagar á Egilsstöðum, Hafnarfirði, Vesturbæ Reykjavíkur og á Ísafirði. Bergljót segir að kattadrápin hafi slæm áhrif á samfélagið í Hveragerði og nefnir sem dæmi mann sem missti kött af völdum eitrunar og réðist á nágretta sinn sem lá undir grun.

Getur verið að málið sé blásið upp?

„Nei, ég held ekki, því miður virðist vera hér á ferð niðingur sem einn er svífst. Kattarhvörfin og drápin á þeim hafa valdið fólki áhyggjum og ég lít á þetta sem samfélagslegt vandamál, sem ber að taka á af hálfu bæjaryfirvalda því þetta setur ljótan blett á þennan annars ágæta bæ. Ég hef rætt það við bæjarstjóra, Aldísi Hafsteinsdóttur, en hún er ekki sömu sköðunar. Mér finnst það alvarlegt mál, þegar fólk er farið að nefna nöfn á mönnum sem hugsanlegum kattaniðingum, án þess að geta nokkuð sannað. Það er líka alvarlegt mál ef saklaust fólk er nefnt í þessu sambandi og við það festist niðingsorð. Dæmi eru um að þeir sem misst hafa ketti sína



Fiskbiti Fiskbiti sem legið hafði í frostlegi fannst árið 2015 í Hveragerði.

hafa orðið svo reiðir að þeir hafi viljað lúskra á ákveðnum mönnum og heimsótt þá. Þess vegna er svo mikilvægt að taka á þessu máli af alvöru og uppræta það," segir Bergljót.

Alls búa rúmlega 1.200 manns í Hveragerði, nokkur fjöldi er í Facebook-hópnum kisu í Hveragerði þar sem íbúi tók saman lista yfir ketti sem hurfu haustið 2017. Erfitt reyndist að fá kattaeigendur til að stíga fram og segja sögu sína, ríkir ótti um að það gæti haft í för með sér hefndaraðgerðir. „Ég get sagt þér sögur, en ég vil ekki koma fram undir nafni því ég ótt-

Óeðlilega mörg mál í Hveragerði

Matvælastofnun, sem tekur við tilkynningum um illa meðferð á dýrum, staðfesti að nánast öll þau mál sem tengist eitrunum á köttum sem komið hafi inn á borð stofnunarinnar undanfarin ár komi frá Hveragerði og Selfossi. MAST gat ekki gefið nánari útlistun á málunum sem komið hefðu á borð stofnunarinnar en þar innandyrta er lítið á málin sem óeðlilega mörg.

Gunnar Þorkelsson, yfirdýralæknir á Suðurlandi, segir að málin í Hveragerði og á Selfossi séu litin mjög alvarlegum augum. „Það hafa komið upp þrjú og fjögur svona tilfelli á hvorum stað, Hveragerði og á Selfossi. Það kom upp svipað mál á Egilsstöðum í fyrra. Þann 8. janúar í ár fáum við niðurstöðu krufningar af ketti héðan af Selfossi, það var frostlagareitrun.“ Gunnar segir að það þurfi ekki að vera að í öllum tilfellum hafi verið vísvitandi eitrad fyrir kettinum. „Frostlögur er sætur á bragðið og ef að þetta lekur af bíl þá getur verið að þeir leppi þetta. Við getum ekki alveg 100% útilokað það.“



Lögfræðingarnir sem þú fá þér ef þú ert í vandræðum

■ DV tekur út árangur lögmanna fyrir Hæstarétti ■ Konur fáar en sannfærandi ■ Einstaklingar eiga

Sigurvín Ólafsson
sigurv@dv.is



Góður lögmaður þekkir lög, frábær lögmaður þekkir dómara. Þannig hljómar þekkt orðatiltæki eftir ókunnann höfund sem oftar en ekki er kastað fram í hálfkærningi fremur en alvöru enda mun réttlætisgyðjan vera blind. Það

er þó þannig að lögmaður með sannfæringarkraft hlýtur að vera líklegri til að fá dómara til að fallast á hans sjónarmið. DV tók sig til og kannaði hvernig einstökum lögmönnum hefur gengið að sannfæra dómara fyrir Hæstarétti síðustu þrjú ár, 2015 til 2017.

Úttektin miðast við þau einkamál sem lögmenn hafa flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Op-

inber mál eða sakamál eru ekki talin með enda hallar þar eðli máls samkvæmt verulega á lögmann hins ákærða. Um sakamál er fjallað sérstaklega á næstu síðu. Jafnframt voru undanskilin öll kærúmál enda eru þau skrifleg.

Fáar konur en sigursælur

Alls voru skoðuð 683 dómsmál

en þau fluttu 214 lögmenn. Af þeim lögmönnum voru aðeins 36 konur, eða rétt tæplega 17%. Það hlutfall er lágt en þarf ekki að koma á óvart þegar litið er til þess að af skráðum hæstaréttarlögmönnum á heimasíðu Lögmannafélagsins er fjöldi kvenna í svipuðu hlutfalli, eða um 16%.

DV ákvað að finna þá 20 lögmenn sem fluttu flest málin og

skoða árangur þeirra. Eins og má sjá á töflunni voru aðeins tvær konur á þeim lista en þær tróna hins vegar í efstu tveimur sætum yfir vinningshlutfall. Þó þær hafi starfað fyrir sterka umbjóðendur, annars vegar ríkið og hins vegar Reykjavíkurborg, er ekki hægt að segja annað en að skortin þeirra séu tilkomumikil.

Úttekt sem þessi verður aldrei

Fækkun mála fyrir Hæstarétti á síðasta ári

■ Enn frekari fækkun með tilkomu Landsréttar ■ Ólafur Þörkur með fæst mál en flest sératkvæði

Dæmdum málum fyrir Hæstarétti árið 2017 fækkaði um rúm 13% frá árinu 2016. Mestu munar þar um mikla fækkun dóma í áfrýjunarmálum, sem fækkaði um tæplega þriðjung, fóru úr 356 málum í 256 mál. Hafa dómara í áfrýjuðum sakamálum ekki verið færri síðan árið 2002 og dómara í áfrýjuðum einkamálum voru síðast færri árið 2007.

Undanfarin misseri hefur töluvert verið fjallað um mikið vinnuálag í Hæstarétti enda hafði málum fjölgað mjög ört síðustu ár. Meðal annars til að bregðast við því hefur verið komið á fót millidómsstigi, Landsrétti, sem tók til starfa nú í ársbyrjun. Ætla má að Landsréttur muni taka mesta hitann af Hæstarétti í framtíðinni. Ekki liggur skýrt fyrir hvaða málum Hæstaréttur mun sinna hér eftir en sú breyting hefur þó verið lögfest að áfrýjun mála til réttarins verður í öllum tilvikum háð leyfi Hæstaréttar. Mun Hæstaréttur í þeim tilvikum meðal annars meta hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni.

Hversu mikið málum fyrir

Fjöldi dæmdra mála í Hæstarétti 2015–2017

Tegund	2015	2016	2017
Áfrýjuð einkam.	229	264	190
Áfrýjuð sakam.	103	92	66
Kærúmál	429	407	405
Samtals	761	763	661

Hæstarétti mun fækka er því óvíst er eitt viðmið sem má líta til er hversu mörg mál hafa verið flutt fyrir 5 dómurum eða fleiri síðustu ár, en það teljast jafnan vera mikilvægari og fordæmisgefandi mál. Á síðasta ári voru slík mál rúmlega 60 talsins og voru síðustu 5 árin þar á undan álíka mörg að meðaltali.

Meiri samstaða meðal dómara

Eins og sést á töflunni hér til hliðar var annríkið mismikið hjá hverjum dómara fyrir sig á síðasta ári. Afkastamestur var Helgi I. Jónsson, varaforseti réttarins, en hann var viðriðinn rúmlega 300 mál á árinu. Ólafur Þörkur Þorvaldsson dæmdi fæst mál allra dómara og virðist hafa verið í leyfi fyrsta helming ársins. Það breytti því ekki að hann var engu að síður sératkvæðamestur, hann skilaði

Skipting mála á milli dómara árið 2017

Dómari	Dæmd mál	Þar af kærúmál	Þar af einkamál
Helgi I. Jónsson	304	217	87
Benedikt Bogason	290	195	95
Karl Axelsson	266	169	97
Greta Baldursdóttir	221	129	92
Viðar Már Matthíasson	171	79	92
Markús Sigurbjörnsson	163	69	94
Þorgeir Örlýgsson	155	68	87
Eiríkur Tómasson	111	55	56
Ólafur Þörkur Þorvaldsson	92	56	36

Þrátt fyrir þennan mun á milli dómara í dæmdum málum virðist sem miðað sé við að einkamálum sé skipt nokkuð jafnt á milli dómara.

Sératkvæði árin 2015–2017

Dómarar	39 mál, 46 sératkvæði	Hlutfall
Ólafur Þörkur Þorvaldsson	19	41%
Benedikt Bogason	7	15%
Viðar Már Matthíasson	6	13%
Karl Axelsson	4	9%
Eiríkur Tómasson	4	9%
Helgi I. Jónsson	3	7%
Þorgeir Örlýgsson	1	2%
Markús Sigurbjörnsson	1	2%
Ingvaldur Einarsdóttir	1	2%

flestum sératkvæðum allra dómara á árinu, alls þremur. Raunar virðist sem dómara réttarins séu orðnir nokkuð samstilltir því sér-

atkvæði voru aðeins lögð fram í sjö málum á árinu. Á heimasíðu réttarins er að finna tölulegar upplýsingar um fjölda sératkvæða á



Ólafur Þörkur Þorvaldsson

hverju ári allt aftur til ársins 1999 og hafa þau aldrei verið eins fá og síðasta ár. Mögulega má þó rekja það til leyfis Ólafs Barkar því hann hefur síðustu ár borið höfuð og herðar yfir aðra dómara hvað sératkvæði varðar. Af þeim málum þar sem sératkvæði hafa verið lögð fram síðastliðin þrjú ár hefur Ólafur Þörkur staðið á bakvið tæplega helming þeirra.

Fjöldi mála og vinningshlutfall lögmanna 2015–2017



**Þú vilt
dómum**
a erfitt uppdráttar

fullilega sanngjörn enda mæta lögmenn fyrir dóminn með misgöðan málatilbúnað. Þá gefa niðurstöðurnar vísbendingu um að það skiptir máli hver sé umbjóðandinn. Þannig sést vel að ríkinu og bönkum vegnar yfirleitt vel fyrir Hæstarétti en einstaklingar eiga þar undir högg að sækja.

	Fjöldi	%	Helstu umbjóðendur
Soffía Jónsdóttir	18	94%	Ríkið og ríkisstofnanir
Kristbjörg Stephensen	16	94%	Reykjavík og barnaverndarnefnd Reykjavíkur
Gizur Bergsteinsson	14	89%	Ríkið, Samkeppniseftirlitið, Íbúðalánasjóður
Stefán A. Svensson	27	81%	Bankar
Heiðar Örn Stefánsson	14	71%	VÍS, fyrirtæki
Árni Ármann Árnason	15	70%	Lýsing
Björn L. Bergsson	16	66%	Vörður
Einar Karl Hallvarðsson	31	58%	Ríkið
Ólafur Örn Svansson	19	58%	Landsbankinn, fyrirtæki og einstaklingar
Andri Árnason	18	56%	Landsbankinn
Jóhannes Bjarni Björnsson	16	50%	Fyrirtæki og einstaklingar
Guðjón Ármannsson	21	45%	Einstaklingar, fyrirtæki, Sjóvá
Sigurbjörn Þorbergsson	16	44%	LÍN og fyrirtæki
Ragnar Aðalsteinsson	14	43%	Einstaklingar
Sigurður G. Guðjónsson	27	33%	Fyrirtæki og einstaklingar
Hjörleifur B. Kvaran	19	32%	TM, fyrirtæki og einstaklingar
Reimar Pétursson	24	31%	Fyrirtæki og einstaklingar
Tómas Jónsson	16	31%	Einstaklingar og fyrirtæki
Daníel Isebarn Ágústsson	16	29%	Einstaklingar og fyrirtæki
Steingrímur Þormóðsson	17	29%	Einstaklingar

Litlar breytingar í sakamálum síðustu árin

■ Um einn af hverjum tíu sýknaðir að jafnaði ■ Fangelsisdómar að meðaltali 16 mánuðir

DV kannaði nánar niðurstöður áfrýjaðra sakamála fyrir Hæstarétti á síðustu þremur árum og komst að því að í þeim málaflokki hefur lítið breyst. Fyrr hefur verið nefnt að dómum í áfrýjuðum sakamálum fækkaði umtalsvert á milli árunna 2017 og 2016, þeir voru 92 árið 2016 en fækkaði niður í 66 árið 2017, og hafa ekki verið færri síðan árið 2002. Hlutfallslega hafa niðurstöður málanna hins vegar haldist mjög svipaðar síðustu þrjú árin.

Eins og fyrr ári var oftast sakfelld fyrir kynferðisbrot og líkamsárásir árið 2017 en þeim málum fækkaði þó hlutfallslega nokkuð frá árinu 2016. Þyngd fangelsisdóma hefur einnig haldist stöðug síðustu þrjú árin en að meðaltali þurftu sakfelldir einstaklingar að þola 16 mánaða dóm árið 2017, 13 mánuði ef tekið er tillit til skilorðsbundinna dóma.

Rúmlega 1 af hverjum 10 sýknaðir Almenn er það svo í sakamálum að líkur standa til að hinn ákærði verði sakfelldur enda skal ákærvaldið fylgja þeirri meginreglu að leggja aðeins fram ákæru ef það telur meiri líkur en minni á að sakfelling náist

Niðurstöður áfrýjaðra sakamála 2015–2017

2015	2016	2017	Öll árin
103 mál	92 mál	66 mál	261 mál
78 sakfellingar (76%)	71 sakfelling (77%)	50 sakfellingar (76%)	199 sakfellingar (76%)
12 sýknudómar (12%)	9 sýknudómar (10%)	8 sýknudómar (12%)	29 sýknudómar (11%)
13 ómerkingar (13%)	8 ómerkingar (9%)	8 ómerkingar (12%)	29 ómerkingar (11%)
	4 sekt/sýkna (4%*)		4 sekt/sýkna (2%)

*Tilfelli þar sem ákærðu voru fleiri en einn og sumir voru sýknaðir en aðrir sakfelldir

Fangelsisrefsingar samkvæmt dómum 2015–2017

Ár	Mánuðir	Skilorðsbundnir	Fjöldi sakfelldra	Meðalrefsing	Með skilorði
2015	1598	244	90	18 mánuðir	15 mánuðir
2016	1751	352	106	17 mánuðir	13 mánuðir
2017	918	151	57	16 mánuðir	13 mánuðir

Hafa náð fram sýknu í tveimur málum eða fleiri árin 2015–2017

Lögmaður	Sýknur
Kristján Stefánsson	5
Björgvín Jónsson	2
Guðmundur Ágústsson	2
Jón Egilsson	2
Sveinn Andri Sveinsson	2
Þorsteinn Einarsson	2

fram. Af þeim sökum meðal annars snúast störf lögmanna í sakamálum oft um að ná fram sem vægastri refsingu fyrir hinn ákærða fremur en að krefjast eða berjast fyrir sýknu.

Stundum er þó tilefni fyrir hina ákærðu að krefjast sýknu og sé tekið mið af niðurstöðum dóma Hæstaréttar síðustu árin tekst rúmlega einum af hverjum tíu að knýja fram sýknu fyrir réttinum. Eins og sést í töflu hér á síðunni hefur það hlutfall haldist nokkuð jafnt síðustu þrjú ár. Á þessu tímabili hefur Hæstiréttur oftast sýknað í málum varðandi kynferðisbrot (8 mál) en þar á eftir koma umferðarlagabrot (6 mál) og líkamsárásir (5 mál).

Frelsarinn Kristján Stefánsson Alls hafa 42 einstaklingar verið sýknaðir af kröfum ákærvaldsins

Þau brot sem oftast var sakfelld fyrir í Hæstarétti árin 2015–2017

Brot	Fjöldi	Hlutfall
Kynferðisbrot	38	19%
Líkamsárás	38	19%
Umferðarlagabrot	18	9%
Fíkniefnalagabrot	11	5%
Brot gegn valdstjórninni	9	4%
Umboðssvik/markaðsmisnotkun	9	4%
Skattalagabrot	8	4%
Þjófnaður	8	4%

fyrir Hæstarétti síðustu þrjú árin. Verjendur þeirra voru 33 talsins og því hefur sumum lögmönnum auðnast að ná fram sýknu oft en einu sinni á þessu tímabili. Lögmaðurinn Kristján Stefánsson hefur verið þar fremstur í flokki með 5 sýknudóma á ferilskránni. Sá árangur lítur enn betur út þegar litið er til þess að Kristján flutti alls 15 sakamál fyrir Hæstarétti á þessu tímabili og náði því fram sýknu í þriðja hverju máli.

Rétt er að áréttu að þessi úttekt enskordast við þau sakamál sem hafa ratað fyrir Hæstarétt en utan þeirra er aragrúi sakamála sem hafa verið dæmd í héraðsdómi og ekki verið áfrýjað. Úttektin sýnir því

ekki heildarmynd af sakamálum almennt, til dæmis varðandi hversu eðlis málin almennt eru, hversu þungar refsingar eru dæmdar að jafnaði eða hversu oft ákærðir eru sýknaðir. Úttektin varpar aðeins ljósi á hvaða viðfangsefnum hefur verið beint til Hæstiréttar að glíma við á þessu sviði síðustu árin og einnig hvað tölfræðin og sagan segir okkur um hversu líklegt er að ákærðir hljóti náð fyrir dómurum Hæstaréttar, skyldu þeir áfrýja málum til réttarins.

Allar upplýsingar og tölur sem koma fram í þessari úttekt voru sóttar og safnað saman af heimasíðu Hæstaréttar.

Til hamingju



icepharma
Bætt líðan • Betra líff



HÚSASMÍÐJAN



NETPARTNER

með 2017



Fagverk
verktakar



REYKJAFELL

ARKÍŚ
arkitektar



GG VERK
byggingaverktaki



GRILLMARKAÐURINN



PON

Véla og Tækjasala



Framúrskarandi
fyrirtæki

Sveinn Gestur og Börkur í verkalýðsbaráttu á Litla-Hrauni



„Halldór er tuskumenni og heigull“

Sveinn Gestur Tryggvason laumast á netið og hraunar yfir forstöðumann Litla-Hrauns

Hjálmar Friðriksson
hjalmar@dv.is



Óhætt er að segja að Sveinn Gestur Tryggvason, sem situr af sér dóm vegna andláts Arnars Jónssonar Aspar, vandi Halldóri Vali Pálssyni, forstöðumanni á Litla-Hrauni, ekki kveðjurnar á Facebook-síðu sinni. Sveinn Gestur má ekki vera á netinu en virðist hafa komist í 4G-samband á Hólmsheiði þangað sem Halldór flutti Svein Gest nýverið. Sveinn Gestur segir forstöðumanninn „tuskumenni“ og „heigull“.



Börkur Birgisson

Lögðu niður störf

Sveinn Gestur er sagður vera einn þeirra sem hafa mótmælt refsiaðgerðum Halldórs Vals einna háværast. Fangar fóru nýverið í verkfall, lögðu niður störf og hættu að

mæta til náms, þar sem Halldór lokaði íþróttasalnum og takmarkaði heimsóknir barna. Það gerði Halldór vegna árásar þriggja fanga

á 18 ára hælisleitanda. Er nú öllum föngum refsað fyrir ofbeldi hinna.

Heimildir DV innan fangelsisins herma að sá atburður hafi verið skrumskældur í fjölmiðlum. Pilturinn hafi verið laminn, ekki vegna þjóðernis hans heldur fremur vegna dólgháttar hans við aðra fanga. Enn fremur hafi verið talað líkt og hálf talað hafi átt þátt í árásinni meðan hið sanna sé að þeir menn hafi ráðist á piltinn. Föngum þyki því stórkostlega ósanngjarn að öllum sé refsað fyrir þennan atburð sem örfáir fangar áttu þátt í.

Vildu ekki setja sig upp á móti

Þeir sem hafa mótmælt þessu einna harðast eru Sveinn Gestur og Börkur Birgisson en hvorugur þeirra átti þátt í árásinni. Þeir eru sagðir hafa verið nokkurs konar verkalýðsleiðtogar á Hrauninu en hafi í kjölfarið verið fluttir á Hólmsheiði. Í fréttablaðinu sagði að fangar þyrðu ekki öðru en að taka þátt í aðgerðum Barkar og Sveins Gests, þrátt fyrir að vilja mæta til vinnu eða í skóla. Væru fangar hræddir við að setja sig upp á móti Sveini og Berki sem eru dæmdir fyrir alvarleg ofbeldisbrot.

„Tuskumenni og heigull“

Líkt og fyrr segir hjólar Sveinn Gestur í Halldór Val á Facebook og birtir af honum mynd.

„Þetta er smámennið hann Halldór Valur Pálsson. Halldóri finnst eðlilegt að refsa heilu fangelsi fyrir slæma hegðun þriggja fanga. Halldór er tuskumenni og



Verkalýðsleiðtogi? „Halldóri finnst eðlilegt að refsa heilu fangelsi fyrir slæma hegðun þriggja fanga. Halldór er tuskumenni og heigull,“ skrifar Sveinn Gestur.

heigull. Halldór er búinn að láta flytja mig tvisvar sinnum á innan við viku. Fyrst tvístraði hann ganginum mínum og sendi mig og nokkra vini mína alla á sitthvorn ganginn. Síðan í dag sendi hann mig og einn þessara vina minna á Hólmsheiði. Það hefur enginn getað gefið okkur nokkra útskýringu á þessum tilefnislausu flutningum, en það er samt ágætt að vera kominn hingað þar sem er svo gott 4g samband og auðvelt að komast í tölvu. Ef þið sjáið Halldór einhverstaðar, skilið þá kærri kveðju frá mér og þakkið honum fyrir flutninginn,“ skrifar Sveinn Gestur en vinurinn sem hann vísar til er Börkur Birgisson.

Baldur og Trausti höfðu sig mest í frammi

DV fjallaði um líkamsárásina gegn hælisleitandanum unga í síðustu viku. Fórnarlambið, Marokkói,

var í haldi vegna ítrekaðra tilrauna til að komast úr landi með því að smygla sér um borð í flutningaskip. Hann var að spila körfubolta í íþróttahúsi fangelsisins þegar árásin átti sér stað.

Heimildir DV herma að tveir fangar hafi haft sig mest í frammi, Baldur Kolbeinsson og Trausti Rafn Hendriksson. Samkvæmt heimildum DV hafði ungi hælisleitandinn átt í deilum við hóp fanga um nokkurt skeið. Gengu hótanir á víxl þar til upp úr sauð með hinum framangreinda voveiflega hætti.

Baldur hefur meira og minna setið í fangelsi frá sautján ára aldri. Hann hefur ítrekað ratað í fréttirnar fyrir átök við samfanga sína í gegnum árin. Hann hlaut 18 mánaða fangelsisdóm árið 2014 fyrir tvær líkamsárásir sem framdar voru með nokkurra mánaða millibili á útivistarsvæðinu á Litla-Hrauni. ■

Uppreisnir á Hrauninu

Neituðu að versla í sjoppunni

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem greint er frá uppreisn fanga á Litla-Hrauni. Árið 2011 var greint frá því að ólga ríkti á Hrauninu vegna hásvæðis í sjoppunni í fangelsinu. Sögðu fangar, sem fengu vikulega matarpeninga, að vöruverð þar væri 20 prósentum hærra á Litla-Hrauni en á Kvíabryggju og öðrum fangelsum landsins. Hótadi Margrét Frímansdóttir, þáverandi forstöðumaður Litla-Hrauns, að loka sjoppunni vegna mótmælanna.

Ósáttir við skyndileit

Árið 1993 fjallaði Tíminn um uppreisn fanga á Litla-Hrauni í kjölfar skyndileitar. Farið var í leitina vegna gruns um að einhver hluti fanga væri undir áhrifum lyfja sem ekki væru útgefin af fangelsislækni. Í kjölfar leitarinnar hófst eins konar uppreisn sem 40 fangar af 52 tóku þátt í. Óróleikinn ríkti í rúman sólarhring og voru alls átta fangar fjarlægðir úr fangelsinu. Lögregla úr Reykjavík og frá Selfossi var í viðbragðsstöðu vegna málsins. Taka skal fram að á þessum tíma dvöldu allir fangarnir í sama rými og skipti þá engu þótt þeir ættu ólíkan afbrotaverf að baki.

GRUNAÐUR UM HROTTALEGT KYNFERÐISOFBELDI

■ Þorsteinn Halldórsson ákærður fyrir kynferðisbrot gegn einum pilti og í rannsókn vegna annars ■ Sendi móður sinni skilaboð á Snapchat

Hjálmar Fríðriksson
hjalmar@dv.is



Þorsteinn Halldórsson situr í gæsluvarðhaldi grunaður um hrottalegt kynferðisofbeldi gegn unglingspilti. Þorsteinn sætti áður nálgunarbanni gagnvart öðrum pilti vegna gruns um kynferðisbrot og áreiði. Í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir Þorsteini kemur fram að pilturinn segi hann hafa borið fíkniefni í sig með þeim afleiðingum að hann var nánast meðvitundarlaus í viku. Þorsteinn er formaður Baldurs, eins af félögum Sjálfstæðismanna í Kópavogi, um árabíl og þá hefur hann starfað á Sjónværssstöðinni Hringbraut þar sem hann stýrði þáttum um klassíska tónlist.

Þorsteinn hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 16. febrúar næstkomandi en aðalmeðferð í málinu fer fram mánudaginn 5. febrúar. Í því máli er Þorsteinn sakaður um að hafa brotið ítrekað á piltinum í um tvö ár og hófst meint brot þegar drengurinn var fimmtán ára. Þorsteinn er sakaður um að hafa gefið piltinum peninga, tóbak og farsíma og nýtt sér yfirburði sína gagnvart honum til að hafa við sig samræði og önnur kynferðismök. Þá á Þorsteinn að hafa tekið klámmyndir af piltinum og geymt í læstri möppu í farsíma sínum.

Sjálfstæðisflokkurinn og klassísk tónlist

Þorsteinn hefur unnið fyrir Sjálfstæðisflokkinn á undanförunum árum. Eftir því sem DV kemst næst hefur hann verið formaður fyrrnefnds félags í Kópavogi frá aldamótum. Til marks um það skrifaði hann innsenda grein árið 2001 í Morgunblaðið þar sem hann kom Árna Johnsen til varnar og titlaði sig formann Baldurs. Hann er enn skráður sem formaður félagsins á vef Sjálfstæðismanna í Kópavogi. Þorsteinn hefur verið tíður gestur á ýmsum viðburðum Sjálfstæðismanna en sumir muna ef til vill eftir Þorsteini af sjónvarpsskjánum en hann stýrði um hrið þættinum Eðaltónar á Hringbraut þar sem fjallað var um klassíska tónlist.

Lögregla vitni að týndri viku

Mál Þorsteins hefur vakið upp mikinn óhug, ekki síst þar sem lögreglu var tilkynnt þann 9. janúar að Þorsteinn væri í fylgd með piltinum. Fylgdi sögunni að Þorsteinn væri ákærður fyrir kynferðisbrot gegn piltinum. Lögregla fór á vettvang og bókaði að Þorsteinn hafi verið flóttalegur og reynt að fela sig. Lögreglu-



Í gæsluvarðhaldi
Þorsteinn bar fyrir sig að hann og pilturinn væru raunar kærustupar.

menn náðu þó tali af piltinum sem var í mjög annarlegu ástandi og sagði hann að þeir væru vinir.

Tveimur dögum síðar er pilturinn sagður hafa rankað við sér sárkvalinn eftir margra daga rænuleysi og náð að kalla á hjálp. Lögregla varð með öðrum orðum vitni að því að drengurinn væri týndur í viku en ekki var gripið til aðgerða. Grímur Grímsson yfirlöggregluþjónn sagði í samtali við RÚV að lögregla hafi talið sig ekk-


ert geta aðhafst þar sem pilturinn væri sjálfráða. Þorsteinn var handtekinn og svo færður í gæsluvarðhald eftir að pilturinn náði að flýja úr aðstæðunum.

Xanax og gras

Rétt er að undirstrika að ákæra gegn Þorsteini snýr að meintum brotum hans undanfarin ár gegn piltinum en ekki því sem gerðist í upphafi þessa árs. Pilturinn segir að þann 6. janúar síðastliðinn

hafi hann hitt Þorstein og taldi allar líkur á því að Þorsteinn hafi haft samband við hann. Pilturinn sagðist hafa verið í vímu og að Þorsteinn hafi keypt handa honum Xanax og gras eftir að þeir hittust.

Því næst man pilturinn lítið hvað gerðist vegna lyfjamóks en sagðist muna eftir því að hafa verið á hóteli og hafa séð andlit Þorsteins í litum. Hann sagðist hafa sent móður sinni skilaboð



Skilaboð á Snapchat
Drengurinn sendi móður sinni skilaboð og bað hana að sækja sig.

„Brotapoli hafi sagt að hann hefði verið nánast meðvitundarlaus í viku og dagarnir hefðu bara týnst hjá honum og í raun hafi þetta verið bara eins og ein mínúta

á Snapchat um að sækja sig eftir að Þorsteinn sagði honum að þeir hafi stundað kynlíf en hann mundi ekki eftir því og hafi því verið rænulaus meðan á því stóð.

Vikan „eins og ein mínúta“

Pilturinn sagði að Þorsteinn hefði beðið hann um að falla frá málinu sem hann hafi verið ákærður fyrir. „Brotapoli hafi sagt að hann hefði verið nánast meðvitundarlaus í viku og dagarnir hefðu bara týnst hjá honum og í raun hafi þetta verið bara eins og ein mínúta. Brotapoli kvaðst ekki bera neinar tilfinningar til kærða og hafi aðeins sótt í hann vegna vímuefnafíknar sinnar,“ segir í gæsluvarðhaldsúrskurði.

Við skýrslutöku bar Þorsteinn fyrir sig að hann og pilturinn væru raunar kærustupar. Hann sagði að þeir hefðu stundað mök í um sex skipti að frumkvæði piltsins. „Kvað hann kynlífið hafa farið fram með rólegum og ljúfum hætti,“ segir í dómi en Þorsteinn er grunaður um hrottalegt kynferðisofbeldi eins og áður segir. Einnig er Þorsteinn grunaður um kynferðisbrot gegn öðrum pilti. ■



Heimilisfang
Kringlan 4-12, 4. hæð
103 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Ritstjóri: Sigurvin Ólafsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Skyndilegur áhugi á kynjajafnrétti

Sjálfstæðismenn vinna nú hörðum höndum við að verja **Sigríði Andersen**. Nú þegar ekki er hægt að segja að allt sem hún hafi gert sé löglegt er sagt að hæfisnefnd dómara tryggji ekki sjálfstæði dómstóla, það hafi í raun verið Alþingi sem tók ákvörðunina og að ráðherrann hafi nú verið að tryggja rétt kynjahlutföll í Landsrétti. Vissulega er það rétt að hæfisnefndin valdi fimm konur en þegar ráðherra var búin að stokka bunkann voru konurnar orðnar sjö. Eins mikið og hægt er að hrósa **Birni Bjarnasyni** og **Páli Vilhjálmssyni** fyrir þennan skyndilega áhuga á kynjajafnrétti þá duga þau rök skammt því þau útskýra ekki hvers vegna tveir karlar voru látnir fjúka fyrir tvo aðra karlmenn.



Já og amen

Öll spjót standa nú á **Sigríði Andersen** dómismálaráðherra. Hæstiréttur dæmdi henni í óhag í Landsréttarmálinu. Stjórnarandstaðan hamast á henni og saka hana um geræðisleg vinnubrögð. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjallar nú um málið og þingmenn Vinstri grænna neita að tjá sig á meðan þeir bíða eftir niðurstöðunni. Það styttest því í vantrauststillögu af hálfu stjórnarandstöðunnar sem getur höggvið nokkra Vinstri græna af meirihlutunum. Hvernig sem fer þá afhjúpar málið veikleika Alþingis sem samþykkir allt sem ráðherra dettur í hug, ef stjórnarþingmenn hlaupast undan er formönnum sínum að mæta.

Nú þurfum við að vanda okkur

Leiðari

Einar Þór Sigurðsson
einar@dv.is



Það er eins og menn fatti ekki að fikill hættir ekkert að vera fikill þó að honum sé gert erfitt fyrir að fá efnin," segir Stefánía Óskarsdóttir í viðtali við DV. Stefánía er heppin að vera á lífi. Hún var 15 ára barn þegar hún prófaði fyrst fíkniefni og eftir því sem árin liðu jókst neyslan og efnin urðu harðari. Undir það síðasta var hún orðin háð heróíni. Ljóst var að Stefánía átti ekki mikið eftir þegar henni var bjargað fyrir tæpum tveimur árum. Á þessu ári hafa fimm einstaklingar látist vegna ofneyslu fíkniefna hér á landi. Fimm á einum mánuði. Allt árið í fyrra dóu



32 einstaklingar undir fertugu af sömu sökum. Ef fer sem horfir gætu 60 manns dáið á þessu ári. Við verðum að horfast í augu við það að fíkniefnavandinn er ekki að minnka. Í vikunni var greint frá því að Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra ætlaði að skipa starfshóp til að stemma stigu við ofneyslu verkja- og geðlyfja. Eitt af viðfangsefnum verður að skoða hvort ákveðnir lækningar ávisi óeðlilegu magni af lyfjum til sjúk-

“Íslensk yfirvöld þurfa að vanda verulega til verka og jafnvel hlusta á fólk sem hefur reynsluna

linga. Þá vill Lyfjastofnun takmarka óþíóíða í umferð og hverjir ávísar þeim. Þetta er allt gott og gilt en því miður er vandinn stærri. Eins og Stefánía bendir á dugur skammt að leggja höfuðáherslu á að takmarka aðgengi að lyfseðils-skyldum lyfjum. Fíklar munu leita í önnur efni. Óþíóíðafaraldurinn í Bandaríkjunum byrjaði svona: Læknar ávísuðu miklu magni sterkra verkjalyfja til sjúklinga sem ánetjuðust þeim. Afleiðingin var sú að margir leituðu í ódýrari

og harðari efni, heróín til dæmis. Það er mikið ábyrgð sem hvílir á herðum íslenskra yfirvalda varðandi næstu skref. Eigum við að fara portúgölsku leiðina, afglæpavæða alla fíkniefnaneyslu og líta á neysluna sem heilbrigðistengda áskorun? Það eru margir sem hallast að því. Portúgal hefur náð athyglisverðum árangri; á tæpum 20 árum hefur heróínneytendum fækkað úr 100 þúsund í 25 þúsund og á sama tíma hefur dauðsföllum fækkað um 85 prósent. Hér verður ekki lagt mat á það hvaða leið skuli fara. Eitt er þó víst að íslensk yfirvöld þurfa að vanda verulega til verka og jafnvel hlusta á fólk sem hefur reynsluna, fólk eins og Stefánía. Það að fimm ungmenni í blóma lífsins hafi dáið á einum mánuði er fimm ungmennum of mikið. ■

MEÐ OG Á MÓTI – RÚV Á AUGLÝSINGAMARKAÐI

Eln Helga Sveinbjörnsdóttir, formaður Sambands íslenskra auglýsingastofa

Auglýsingar munu alltaf rata til þeirra sem þurfa á upplýsingunum að halda. Auglýsingabann hjá RÚV mun því ekki færa auglýsingafé til annarra sjónvarpsstöðva ef auglýsandi vill ná til þeirra sem horfa á RÚV. Eins og fram kemur í nýrri skýrslu um rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla má finna nýleg dæmi frá Frakklandi og Spáni þegar auka átti markaðshlutdeild og tekjur einkarekinna sjónvarpsstöðva með því að skerða verulega eða taka alfarið ríkisfjölmiðla af auglýsingamarkaði. Orðrétt segir í skýrslunni: „Reynslan frá þessum ríkjum sýnir að þetta virtist ekki hafa haft þau jákvæðu áhrif á einkareknu sjónvarpsstöðvarnar sem til var ætlast.“

Hröð þróun hefur verið undanfarin ár í tilfærslu auglýsingafjár frá hefðbundnum miðlum, eins og sjónvarpi, yfir á netið. Undanfarin tvö ár hefur færsla auglýsingafjár verið sérstaklega mikil til erlendra netmiðla eins og Facebook og Google.

Það er mat sérfræðinga sem vinna við að skipta niður auglýsingafé að ef RÚV færi af auglýsingamarkaði myndi sú leið að auglýsa í sjónvarpi skerðast mikið þar sem miklar lík-



MEÐ

ur eru á að það fé sem annars hefði farið til RÚV endi að stórum hluta hjá erlendum netmiðlum. Breytingin myndi hugsanlega hafa þau áhrif að sjónvarp breytist úr leiðandi miðli í jafnar- miðil fyrir auglýsendur á fáum árum. Þar af leiðir að það sem fjölmiðlar og almenningur fær út úr breytingunni er aukinn kostnaður við rekstur RÚV fyrir skattgreiðendur, rekstur annarra sjónvarpsstöðva gæti jafnvel versnað til lengri tíma lítið auk þess sem mun meira af birtingarfé færðist frá íslenskum fjölmiðlum til erlendra.

Soffía Haraldsdóttir, stjórnandi og ráðgjafi hjá First Class

Sjónvarpsauglýsingar eru gjarnan þær auglýsingar sem eru dýrastar í sam- burði við aðrar tegundir auglýsinga í fjölmiðlum. Það þýðir að aðrar tegundir auglýsinga þurfa að vera verðlagðar í sam- ræmi við og gjarnan lægra en sú tegund sem leiðir markaðinn. Eðli málsins samkvæmt þá mun sá fjölmiðill sem hefur yfirburða- stöðu á sjónvarpsmarkaði og nær þannig bestri dekkun og tíðni í auglýsingum, verða leiðandi í allri verðmyndun á markaðnum. Í okkar tilfelli er um RÚV að ræða.

Dekkun RÚV fer nærri 90% í hverri viku, sem er sannkölluð yfirburðastaða. Verðskrá RÚV er þannig líkleg til að mynda þak á verðlagningu á auglýsingamarkaði. Einkareknu miðlarnir hljóta því að standa frammi fyrir því að erfitt er að verðleggja aðrar tegundir auglýsinga hærra og nýsköpun í tekjuöflun fjölmiðla á erfiðara uppdráttar í skugga dreifingarmáttar RÚV. Það er auðveldara fyrir auglýsandann að fá allt sem hann vill fyrir lítið fé hjá RÚV.

Þær auglýsingatekjur sem núna renna til RÚV munu sjálfsagt ekki skila sér nema að hluta til annarra fjölmiðla ef ákveðið verður að fara þess leið. Erlendir keppinautar munu þar taka sinn skerf og meira mun renna til nýrri gerða auglýs-



Á MÓTI

inga og efla nýbreytni á því sviði. Þarna er þó vert að hafa í huga að Ísland hefur ekki orðið fyrir sömu áhrifum erlendis frá og nággranna- lönd okkar. Það má meðal annars rekja til þess hversu lítið okkar málsvæði er. Auglýsingaveitur eins og Google hafa ekki farið af fullum krafti inn á markaðinn hér og lýsir sér meðal annars í því að Google birtir ekki auglýsingar á vefsíðum sem skrifaðar eru á íslensku. Við eigum þess kost að nýta okkur þetta forskot og sjá til þess að íslenskir fjölmiðlar nái vel að fóta sig í þessari samkeppni, án þess að búa við ójafna stöðu á samkeppnis- markaði innanlands.

Spurning vikunnar

Á að leyfa auglýsingar á áfengi, tóbaki og veðmálafyrirtækjum?



„Nei. Ekki auglýsingar á áfengi og tóbak.“

Júlia Kelevi



„Já, já. Fólk á að fá að taka ákvarðanir sjálf.“

Telma Jónsdóttir



„Já. Frelsi einstaklingsins.“

Þór Adam Rúnarsson



„Nei, ég vann lengi sem skipstjóri á togurum og sá hversu skadlegt áfengi er.“

Kristján Andrésson



EINS OG FÆTUR TOGA

Útsölulok

Föstudag og Laugardag.

Hlaupaskór, ræktarskór, léttir vatnsheldir götuskór, utanvega skór og gaddaskór.

Hver að verða síðastur að ná sér í frábæra skó á ótrúlega góðu verði.

Allir skór á kr. 14.000, 2 pör á kr. 24.000 bætum við Features sokkari með öllum seldum skóm (2990).

Fatnaður á 30-50% afslætti (var á sama verði og í USA).



Icespike frábær hákuvörn.

Vandaðir skrúfugaddar undir hlaupaskó, vinnuskó og aðra skó sem nota á í hálfu. Prófaðu að hlaupa eða ganga á Icespike og þú vilt ekkert annað.

Endast yfir 800 km, mikið lengur en aðrar hákuvörnir. Frábærir undir vöðlur og aðra vinnuskó. Skemma ekki skóna og ekkert mál að skrúfa úr. Verð Kr. 4.990 (32 skrúfur og skrúflykill). 20% afsláttur föstud og laugard.

Setjum gaddana undir meðan þú bíður.

10 valkostir sem KSÍ skoðað eftir Heimir

Heimir Hallgrímsson hefur ekki ákveðið hvort hann vilji halda áfram með íslenska landsliðið eftir HM. KSÍ þarf að skoða aðra kosti á meðan.

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Það eru líkur á að Heimir Hallgrímsson muni láta af störfum sem landsliðsþjálfari Íslands eftir heimsmeistaramótið í Rússlandi. Heimir hefur beðið KSÍ um að bíða með allar viðræður um nýjan samning á meðan hann veltir hlutunum fyrir sér. Það er því ljóst að KSÍ þarf að byrja að velta hlutunum fyrir sér

ef Heimir ákveður að kveðja eftir HM.

Heimir tók við landsliðinu árið 2011 og var þá aðstoðarþjálfari Lars Lagerbäck en hefur frá 2013 stýrt liðinu, fyrst með Lagerbäck og síðan einn sem aðalþjálfari. Heimir hefur vakið mikla athygli sem þjálfari og því ljóst að mörg stærri lið hafa áhuga á að krækja í hann. Möguleiki er á að Heimir verði áfram en ef hann fer, hver á að taka við? Hér má sjá tíu valkosti sem gætu komið til greina. ■

Louis van Gaal

Hollendingurinn kná hefur verið án starfs frá sumrinu 2016. Hann vill ekki binda sig of mikið og því gæti starf landsliðsþjálfara heillað Van Gaal. Hann hafnaði þjálfun belgíska landsliðsins því hann vildi halda launum sínum frá Manchester United. Bláðamannafundur með Van Gaal yrðu mikil skemmtun.

Gary Neville

Eftir að hafa verið aðstoðarþjálfari Englands í nokkur ár hefur Neville reynslu úr alþjóðlegum fótbolta. Hann hefur mikla reynslu sem leikmaður og ætti að koma inn með mikla reynslu til KSÍ. Neville hefur hins vegar sagt að hann sé ekkert sérstaklega spenntur fyrir því að vinna aftur við þjálfun.



Rúnar Kristinsson

Einn af líklega tveimur íslensku þjálfurum sem kæmu til greina í dag til að taka við landsliðinu. Hann er leikjahæsti leikmaður í sögu landsliðsins og hefur náð ágætis árangri sem þjálfari. Rúnar tók við KR í vetur og því er ekki líklegt að hann hoppi frá borði strax, það væri samt erfitt fyrir Rúnar að afþakka starf landsliðsþjálfara.



Rene Meulensteen

Kannski ekki þekktasti maðurinn í bransanum en Meulensteen hefur gríðarlega reynslu. Hann starfadi sem aðstoðarmaður Sir Alex Ferguson um nokkurt skeið og hefur síðan þá farið víða. Hann er sagður öflugur þjálfari og gæti verið góður kostur með íslenskan aðstoðarmann sér við hlið.



Sven-Göran Eriksson

Sænskur refur sem hefur séð allt í fótbolta. Eriksson hefur þjálfað þrjú landslið en þekktastur er hann fyrir starf sitt með enska landsliðið. Eriksson hefur eytt síðustu árum í Kína en er án starfs núna og þyrfti að sætta sig við lægri laun en hann á að venjast.



Helgi Kolviðsson

Ekkert líklegt kostur en Helgi þekkir liðið út og inn eftir samstarf sitt við Heimi síðasta eina og hálfu árið. Gott orð fer af Helga innan leikmannahóps liðsins en hann er skipulagður og góður að lesa andstæðinga sína. Þýski aginn sem er í blóði hans gæti hentað landsliðinu vel.

Thierry Henry

Langar mikið að fara á fullt í þjálfun og er í dag aðstoðarþjálfari landsliðs Belgíu. Það gæti verið gott skref fyrir hann að taka við íslenska landsliðinu og sanna sig sem aðalþjálfari. Henry átti magnaðan feril sem leikmaður en hvort hann sé efni í góðan þjálfara á eftir að koma í ljós.



KSÍ gæti mættir



Morten Olsen

Var í 15 ár þjálfari danska landsliðsins en hefur ekki verið í starfi í tæp þrjú ár. Ótrúleg reynsla hans af þjálfun landsliða gæti komið sér vel fyrir íslenska liðið. Olsen er mikils virtur í heimi þjálfunar enda ekki oft sem sami þjálfari er með landslið í 15 ár. Það virkaði að láta Svía stýra liðinu en hvernig yrði það með Dana?

Lars Lagerbäck

Væri án efa kostur fyrir KSÍ að reyna við ef Heimir ákveður að halda á önnur mið. Lagerbäck þekkir liðið út og inn og fær ótrúlega virðingu í leikmannahópnum og innan veggja KSÍ. Lagerbäck er í dag þjálfari norska landsliðsins og því hungur hann enn í að vinna við þjálfun. Er mögulegt að fá Lagerbäck til liðs við íslenska landsliðið á ný?



Ólafur Kristjánsson

Líkt og Rúnar er Ólafur mættur heim til að þjálfna en hann tók við FH í fyrrahaust eftir að hafa sagt upp störfum hjá Randers í Danmörku. Ólafur hefur gríðarlega þekkingu á leiknum og fáir þjálfarar frá Íslandi jafn góðir að lesa andstæðinga sína. Hann gæti verið góður kostur ef KSÍ horfði til íslenskra þjálfara.

Nú eru góð ráð æðlýr



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgaratilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.




Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



Sædýrasafnið Tímavélin



Gamla fréttin

Vísir, október, 1978



Keiko

Keiko var og er, ásamt Björk og Eiði Smára Guðjohnsen, einn þekktasti Íslendingurinn. Árið 1976 hófust háhyrningaveiðar og -sala sem fjáröflunarleið fyrir Sædýrasafnið. Keiko var veiddur árið 1979 við Reyðarfjörð og gefið nafnið Siggí. Árið 1982 var hann seldur til sædýragarðsins Marineland við Niagara-fossa. Um tíma var hann í Mexíkó en öðlaðist heimsfrægð árið 1993 þegar hann kom fram í kvikmyndinni Free Willy. Keiko vakti mikla fjölmiðlaathygli um allan heim og hafið var áttak til að sleppa honum lausum. Það var gert árið 2002 og dó hann við Noregsstrendur rúmu ári síðar úr lungnabólgu. Ragnhildur Jónsdóttir, sem vann með háhyrningum í Sædýrasafninu, segir: „Að sleppa honum var auðvitað grimmd. Hann hefði átt að fá að vera í dekri og umönnun og fá sína feitu síld á sínum tíma.“



Goldie

Einn af merkustu gripum Sædýrasafnsins var stór og mikil kyrkislanga af tegundinni Boa Constrictor sem fékk nafnið Goldie. Ragnhildur Jónsdóttir segir að faðir sinn, Jón Kr. Gunnarsson safnstjóri, hafi sótt Goldie til New York en þar hafi hún verið í einkaeigu. Jón flutti slönguna í ferðatösku í handfarangri til baka og var með uppáskrifað skjal um innihaldið. „Tollarnir báðu um að fá að kíkja í töskuna. Pabbi, sem var svolítili þakkarari, sagði þeim að þetta væri kyrkislanga en þeim væri velkomið að kíkja. Því þorðu þeir náttúrlega ekki.“ Goldie dvaldi á heimili fjölskyldunnar í Skúlaskeiði á meðan verið var að smíða bú. Ragnhildur segist hafa strítt saumaklúbbsvinkonum móður sinnar með slöngunni. „Það var eins gott að engin var hjartveik þarna.“

Þegar ljón, apar, kyrkislöngur og ísbirnir bjuggu í Hafnarfirði

■ Hugsjónastarf Jóns Kr. ■ Með ljón í labbitúr ■ Glerflaska felldi björninn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is




Margir eiga góðar minningar frá Sædýrasafninu í Hafnarfirði, dýragarði sem starfræktur var í nærri tvo áratugi þar sem nú er golfvöllurinn Keilir. Jón Kr. Gunnarsson kom Sædýrasafninu á laggirnar og stýrði því alla tíð en þar starfaði einnig kona hans, Ragnhildur Guðmundsdóttir, og fjögur börn þeirra. Eitt af þessum börnum, Ragnhildur Jónsdóttir myndlistarkona, ræddi við DV um þessi merkilegu ár.

Ævintýrið byrjar

Ragnhildur segir að ævintýrið hafi byrjað með fiskasýningu Hjálparveitar skáta í Hafnarfirði árið 1964. Þeir seldu ekki flugelda á þeim tíma og því var þessi fjáröflunarleið farin og gekk vel. Sjómenn komu með fiska sem sýndir voru lifandi í búrum og nokkur önnur dýr svo sem trönu sem fangaðist við björgunarstörf. Jón Kr. Gunnarsson, skipstjóri og bókaútgefandi í Rauðskinnu, var virkur í hjálparveitinni og fékk hann þá hugmynd að koma alvöru dýragarði á laggirnar. Sumir töldu hann hálfbilaðan að láta sér detta þetta í hug en engu að síður opnaði Sædýrasafnið árið 1969.

Það var áhugamannafélag sem hélt utan um safnið með skipaðri stjórn en Jón var framkvæmdastjóri og sá um daglegan rekstur. Safnið var reist á berangri neðan við Holtið í Hafnarfirði. Til að byrja með var það í ætt við fiskasýninguna. Þar voru sjávardýr í búrum og selir í laug. Skömmu eftir opnunina fékk safnið að gjöf ísbjarnarhún frá dýragarðinum í Kaupmannahöfn sem misst hafði móður sína á Grænlandi. Ekki leið á löngu áður en hrafnar og refir bættust í fánuna og svo koll af kolli.

Jón var í góðum samskiptum



Jón Kr. Gunnarsson
„Ég man eftir tveimur skiptum sem pabbi grét, þegar ísbjörninn dó og þegar sonarsonur hans dó.“

við dýragarða víða um heim en mest við dýragarðinn í Kaupmannahöfn. Dýr voru keypt af öðrum gördum en einnig stunduð býtti, til dæmis voru sendir út selir fyrir framandi fugla. Einnig fékk safnið mikil af litlum gæludýrum að gjöf frá fólki sem hafði gefist upp á þeim. Svo sem kanínur, páfagauka og skjaldbökur. Þá voru sum dýr veidd, til dæmis hreindýr, og öðrum bjargað. Ragnhildur minnst helst selkópna sem komu í misgóðu ásíggjumlagi. „Þeir voru kallaðir undanvillingar, höfðu týnt mömmu sinni og hefðu drepist í náttúrunni.“

Ljónsungar víðraðir í Helligerði

Fjölskyldan bjó í Skúlaskeiði við Helligerði í Hafnarfirði og heimilshaldið þar var líflegra en á



Ragnhildur Jónsdóttir Getur ekki hugsað sér að vera án dýra.

flestum öðrum stöðum. Dýr sem ekki var hægt að vista í safninu af einhverjum ástæðum höfðu tímabundið athvarf þar. Ragnhildur var á níunda ári þegar safnið var opnað og framandi dýr byrjuðu að streyma inn á heimilið. „Ætli við höfum ekki alltaf þótt

þínu skrítin. Það voru alltaf ljón eða selir heima hjá mér. Það var samt ábyggilega gaman að koma í heimsókn. En ég þældi ekkert í því af því að þetta var svo eðlilegt fyrir mér, ég þekkti ekkert annað.“

Ljónsungarnir voru geymdir í vaskahúsinu og voru gæfir eins og hundar. Þeir fengu pela og reglulega hreyfingu. „Við settum hundafl á þá og fórum með þá í göngutúr um Helligerði til að víðra þá. Auðvitað yrði þetta ekki gert í dag. Það er svo margt sem maður þarf að skoða út frá þessum tíma. Í dag myndi maður hafa ljón í stærra plássi og maður myndi ekki fara með þau í göngutúr í Helligerði. Þetta var allt annar tími.“ Um helgar var farið með ljónungana í safnið og gestirnir fengu að klappa, knúsa og taka myndir af þeim.

Sjaldnast var hægt að fara í það í Skúlaskeiðinu því að þar var yfirleitt eitthvert dýr. Oft voru geymdir kópar þar. „Við gáfum þeim hakkaða síld, lýsi og rjóma. Þetta var ógeðsblanda sem þeim fannst æðisleg.“

Í eitt skiptið kom kona í heimsókn í Skúlaskeiðið og fór inn á það. „Þá voru hundar á alri þá. Hún vissi að von var á öllu og hélt jafnvel að þetta væru slöngur. Við sjáum hana koma hlaupandi niður stígann og einn ál á eftir henni.“

Heilsaði gestum á dönsku

Ótal tegundir áttu viðkomu á safninu. Þar voru íslensku húsdýrin, hestar, kálfar, kindur, geitur og fleira. Íslenska geitin hafði verið í útrýmingarhættu á undanföllum áratugum og Jón passaði upp á að hafa sem flestar litategundirnar af geitum. Þær voru einnig ein vinsælustu dýrin vegna skapgerðar sinnar, sérstaklega hjá börnum.

Skutu dýr í verksmiðju: Refur,

Þvottabjörn slapp úr einangrun og gerði starfsmönnum Lýsis og Mjöls í Hafnarfirði lífið leitt

Dagblaðið greindi frá því fimmtudaginn 29. janúar árið 1976 að rafvirki hjá Lýsi og mjöli í Hafnarfirði hafi mætt ógnvænlegu dýri þegar hann klifraði upp rafmagnsrennu. Dýrið sperraði upp hárin og rafvirkinn forðaði sér niður enda taldi hann að um illvígan ref væri að ræða. Hann talaði við samstarfsmann sinn í verksmiðjunni sem sótti byssu og skaut dýrið. En þá kom í ljós að þetta var alls ekki refur.

Skoffín í verksmiðju Lýsis og mjöls
Félagarnir stóðu nú á gati og kölluðu til blaðamann. Að sögn þeirra

virtist höfuð dýrsins vissulega vera af ref en búkurinn af ketti og fæturnir af apa. Að öllum líkindum hafði dýrið verið í verksmiðjunni í einhvern tíma. Starfsfólkið hafði orðið vart við undarleg fótspor og bæði húskötturinn og allar rotturarnar voru flúnar.

Leitað var til Náttúrufræðistofnunar Íslands en þar fengust engin handbær svör strax. Samkvæmt stofnuninni var sennilega um að ræða hálfvaxinn ref, útilegumund eða skoffín. Skoffín er þjóðsagna-vera, sögð afkvæmi refs og kattarlæðu.

Slapp úr einangrun

Deigi seinna upplýstist gátan því um var að ræða þvottabjörn sem stóð til að vista í Sædýrasafninu í Hafnarfirði. Sápugerðin Frigg keypti slíka birnina af Dýragarðinum í Kaupmannahöfn og flutti þá inn í nóvember árið 1975. Tveir þeirra komust í Sædýrasafnið en einn slapp úr einangrun í fiskihúsi í Hvaleyrarholti.

Lögreglunni hafði verið gert viðvart um flotta bjarnarins og til hans hafði sést við Hafnarfjarðarhöfn innan um stórgryti. Í nokkur skipti hafði verið reynt að handsama bangsa en hann var of

snöggur. Á einhverjum tímamarki fann hann skjól í verksmiðju Lýsis og mjöls og hafði þar greinilega eitthvert æti. Þegar hann var skotin var hann þó orðinn nokkuð horaður enda hafði hann aldrei þurft að sjá um sig sjálfur og auk þess á framandi slóðum um miðjan vetur.

Þvottabirnir eru alætur og geta verst illvígir séu þeir hræddir. Þeir eru þó í flestum tilvikum sárameinlausir. ■



Mæðgunnar Ragnhildur Jónsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir
Bada ljónsungana í Skúlaskeiði.
MYNDGUNNAR V. ANDRÉSSON

Þá var mikið úrval af fuglum, bæði innlendum og erlendum. Gæsir af öllum toga, álftrir, endur, hænsn, kalkúnar, snægulur, perluhænur, pelíkanar, mörgæs-ir og margir fleiri fuglar. Ragnhildur minnst sérstaklega einnar alihænu sem nefnd var Gilitrutt. „Hún vildi ekki mikið vera með landnámshænunum og var út af fyrir sig. Hún var með mjög háa fætur og teygði sig upp í sjoppulúguna til að sníkja popp.“

Þá var eitt af einkennisdýrum safnsins aragaukur sem fenginn var frá Kaupmannahöfn. „Hann kom úr dánarbúi gamallar danskrar konu. Fyrstu árin gekk hann um svæðið og heilsaði fólki með: God dag. En síðan lærði hann íslensku og hermdi líka eftir jarmi kindanna og geitanna. Einhvern tímann kom vindhviða og hann fauk úr safninu. Við fengum símtal frá íbúum blokkar í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Þá hékk hann utan á glugganum á þriðju hæð, þorði ekki að hreyfa sig en blaðraði út í eitt. Við sóttum hann og hann lagðist í fangið á mér, hann var svo hræddur.“

Þá voru smærri spendýr eins og naggrísir og þvottabirnir en einnig simpansa-apar, sæljón, wallaby-kengúrur og stórir kettir. Ragnhildur minnst þess að metaðsókn hafi verið í safninu það hálf á sem



Simpansar Uppáhaldið þeirra var að drekka djús.

tígrisdýraungar höfðu þar viðkomu á leiðinni í annan dýragarð.

Fræðsluhlutverkið

Sædýrasafnið var opið allt árið um kring en langmest var af gestum á sumrin. Þá störfuðu um 15 til 20 manns í safninu. Á haustin og vorin kom þó töluvert af skólahópum til að fá fræðslu. Safnið var styrkt af bæði ríki og sveitarfélögum en einnig styrktu fyrirtæki kaup á vissum dýrum. Stjórn safnsins lét einnig útbúa sérstakt námsefni sem dreift var í skólum landsins og Jón var duglegur að koma fram í sjónvarpinu til að kynna safnið.

Í safninu var sjoppa og auglýstir voru þeir tímar sem dýrunum var gefið. Gestirnir voru langflestir Íslendingar af höfuðborgarsvæðinu en Ragnhildur minnst þess sérstaklega að bandarískir hermenn og fjölskyldur þeirra hafi komið í talsverðum mæli. „Þetta var eitthvað sem þeir þekktu vel, að fara í dýragarð.“

Ragnhildur segir að Sædýrasafnið hafi gegnt mikilvægu hlutverki í að fræða fólk um dýralíf. Á þessum tíma hafi fólk úr þéttbýli varla þekkt muninn á kind og geit. Hún nefnir eitt tilvik í því samhengi. „Eitt sinn slapp einn geithafurinn, með stór og mikil horn, úr

gírðingunni. Fullorðna fólkið hljóp í burtu logandi hrætt en krakkarnir stóðu eftir.“ Fólk hélt þá að um mikið óargadýr væri að ræða.

Sagan um Björn

Björn hét fyrsti ísbjörn garðsins en aðrir húnar komu síðar. Þegar húnarnir stækkuðu var byggð ein stærsta ísbjarnarlaus heimur fyrir þá en það var hægara sagt en gert að flytja dýrin. „Það var svakalegt mál. Við krakkarnir máttum hvergi vera nálægt. Þeim var gefinn mjög lítil deyfiskammtur og svo fór pabbi fyrstur inn og setti netið utan um þá. Þegar búið var að mæla þá og færa þá yfir í nýju laugina tók hann netið utan af þeim og þá vaknaði einn björninn. Hann hljóp eins og fætur toguðu og skellti í lás.“

Björn var þá stærsti ísbjörn sem til var í dýragarði, á bilinu 700 til 800 kílógrömm. Ragnhildur segir að bjarnýrunum hafi liðið vel í stóru gryfjunni, sem sé ekki sjálfgefið með þessi dýr. Bæði dýralæknar og fólk úr erlendum dýragörðum hafi haft orð á því.

„Ef það var mikið af fólki gaf pabbi þeim stundum appelsínur. Hann lyfti höndunum upp og þá stóðu þeir upp á afturfætunum, margra metra turnar. Björn gleypiti appelsínuna heila en birnan opn-

aði hana með hrömmunum, reif innan úr og skildi börkinn eftir.“

Árið 1984, þegar Björn var fimmtán ára, var flösku af pilsner fleygt inn í gryfjuna. „Það sá enginn flöskuna fyrir en seinna. Björn var náttúrliga stór og mikil skepna og mjög loðinn og ekkert sást fyrir en hann var orðinn haltur. Þá var komin sýking og blóðeitrun og hann dó skömmu seinna. Ég man eftir tveimur skiptum sem pabbi grét, þegar ísbjörninn dó og þegar sonarsonur hans dó.“

Ljón beit konu

Slys á fólki komu upp í Sædýrasafninu. Ragnhildur minnst atviks með ljón. „Það var kona í annarlegu ástandi sem teygði höndina inn fyrir búrið og klappaði ljóni. Ljónið beit í höndina á henni og dró höndina inn fyrir rimlana. Ljónið var ekki að éta hana en höndin skarst illa og brotnaði. Eftir þetta var byggð öryggisgírðing fyrir framan ljónabúrið.“

Annað atvik átti sér stað þegar simpansi beit framan af fingri ellefu ára barns árið 1972. For-eldrarnir lögsóttu safnið en var safninu einungis dæmd þriðjungssök í málinu því að barnið hafði egnt apanum og farið gegn reglum safnsins. Ragnhildur segir: „Pabbi sagði að það væri lítið mál að halda dýrunum í búrunum en erfiðara væri að halda gestunum frá þeim.“

Þótt Sædýrasafnið hafi verið mjög vinsælt var reksturinn engu að síður þungur. Húsin voru mörg og munnarnir einnig. Þá var viðhald og uppbygging einnig mjög dýrt. Ragnhildur segir að það sem hafi gert útslagið hafi verið málaferli í Bretlandi vegna sölu háhyrninga. „Við lentum í karli sem kom í ljós seinna að var tengdur mafíunni. Þetta lenti fyrir gerðardómi í Bretlandi og við töpuðum því.“ Gardinum var fyrst lokað tímabundið árið 1980 og svo alfar- ið árið 1987. „Þetta var hræðilegt. Pabba þótti alltaf svo vænt um dýrin og hann fór út í þetta af hugsjón og væntumþykju fyrir þeim. Allt var undir og heimilið var veðsett. Þau urðu gjaldþrota og misstu húsið.“

Þrátt fyrir sviplegan endi segist Ragnhildur finna fyrir miklu þakklæti þegar hún hugsar til baka. „Mér finnst svo dýrmætt að hafa alist upp þarna. Ég held að dýragarðar eigi rétt á sér, svo lengi sem hugsað er vel um dýrin, þau fá nægt rými og góðan mat. Við erum að fjarlægjast náttúruna meir og meir. Það hafa ekki allir tök á því að fara í frumskóga eða út á sjó að sjá hvali. Flestir dýragarðar í Evrópu eru að hugsa vel um dýrin og standa fyrir björgun á dýrum.“ ■

köttur eða api?



Stálu kengúru og fóru með í partí

Samkvæmt frétt á Eyjuni frá árinu 2013 var brotist inn í Sædýrasafnið fyrir lokun þess árið 1987. Þar var að verki undirheimalýður í leit að fjármunum en lítið fannst af þeim. Þá tóku þeir eina kengúruna og fóru með hana á skemmtanalífið í miðborg Reykjavíkur. Samkvæmt heimildarmanni var farið með hana í partí á Laugaveginum og þótti fólki þetta sniðugt. Daginn eftir vöknudu þjófarnir með djammviskubit og ákváðu að skila kengúrunni aftur. Þjófarnir þorðu þó ekki að mæta starfsfólki Sædýrasafnsins heldur skildu hana eftir í kassa undir göngubrí í Árbæ þar sem hún var sótt.



Wallaby-kengúrur Tíminn, desember 1988. MYNDGUNNAR SVERRISSON

Flugmannssonur „Vid áttum að fara í skólann en mamma vakti mig og sagði að pabbi hefði lent í slysi“

MYND SIGTRYGGUR ARI

„Vildi ekki vera valdur að vanlíðan annarra“

Jón Kristinn Snæhólm er maður sem Íslendingar þekkja best úr þáttunum Heimastjórnin sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni ÍNN þar sem rætt var um þjóðfélagsmál. Hann hefur einnig verið tengdur Sjálfstæðisflokknum frá unglingsárum, tekið þátt í kosningastjórn og verið virkur í starfi bæði hérlendis og erlendis. Jón hefur komið víða við á sínum fimmtíu árum, bæði í einkalífi og starfsferli, og dúkkað upp á ólíklegustu stöðum. Bláðamaður DV hittir hann að máli á skrifstofu Cordi, nýstofnuðu tæknifyrirtæki þar sem Jón starfar sem stjórnarformaður. Ræddu þeir saman um æskuna, flugdrauminn, stjórn málin og áfengisvandann en Jón fagnar nú því að ár er liðið síðan hann lagði flöskuna á hilluna.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Harald í mannskæðu flugslysi á Sri Lanka

Þann 15. nóvember árið 1978 átti sér stað mesta flugslýsi í sögu Íslands þegar Loftleiðavél af gerðinni DC-8 hrapaði í aðflugi nálægt flugvelli í Colombo í Sri Lanka. Vélin var að flytja íslamska pílgríma frá Indónesíu til Sádi-Arabíu og átti að millilenda í borginni. Um 180 manns af 260 fórust, þar af átta úr íslenskrum áhöfn vélarinnar. Fimm úr áhöfninni lifðu af, þar af Harald, faðir Jóns.

„Ég man þetta mög skýrt. Við áttum að fara í skólann en mamma vakti mig og sagði að pabbi hefði lent í slýsi. Hann væri ekki dáinn en mjög mikið slasaður.“ Á þessum tíma var talsamband við útlönd frumstætt og allar upplýsingar af skornum skammti í marga daga á eftir. „Í hvert skipti sem pabbi flaug út sagði hann við mig að nú þyrfti ég að passa mömmu og litla bróður. Þegar slýsið gerðist kom þessi ábyrgðartilfinning yfir mig þó að ég hafi bara verið ellefu ára gamall.“

Harald var fluttur heim með sjúkraflugvél en hann hafði slasast mjög illa, var beinbrottinn í baki og skorinn víða. „Þetta var í fyrsta skipti sem ég sá pabba, sem var hetjan mín, varnarlausan og liggjandi á sjúkrarúmi. Ég fékk að fara með honum í sjúkrabílnum í bæinn en við þurfum að stoppa í Hafnarfirði því að kafeinninn var svo svangur. Tvær pýlsur með öllu og tvær litlar kók fóru ofan í hann.“

Eftir sex mánaða endurhæfingu var Harald kominn aftur í loftið. „Það var ekki til neitt sem hét áfallahjálp á þessum tíma. Við misstum góða vini í þessu slýsi og minning þeirra er í hávegum höfð á mínu heimili. Þetta er alltaf þarna.“

Áfall að geta ekki orðið flugmaður

Jón segist hafa verið staðráðinn í að verða flugmaður eins og faðir sinn og afi. Ætlunin var að klára svifflugíð sextán ára, síðan í menntaskóla, klára síðan einkaflugnámið og loks atvinnuflugnámið. „En svo kom höggið.“

Eftir að hafa tekið einkaflugmannsprófið í svifflugi árið 1983 fór Jón í læknisskoðun. Þar var honum sagt að hann gæti aldrei orðið flugmaður þar sem hann væri blindur á öðru auga. Sjóntaugin inn í augnbotninn hafði verið ónýtt frá fæðingu en auk þess lenti hann í slýsi sem barn þegar hann rak augað í stóllfót. „Ég vissi ekki að ég þyrfti að hafa sjón á báðum augum til að fljúga. Mamma fór með mig til helsta augnsérfræðings landsins og hann staðfesti að ég myndi aldrei verða flugmaður.“

Jón fékk þó að halda svifflugmannsréttindum sínum þar sem



Jón og Margaret Thatcher Varaformaður og verndari Ungra íhaldsmanna í Evrópu.

enginn farþegi situr í slíkum vélum. „Ég náði að svala mínum flugáhuga með sviffluginu og að vera í flugstjórnarklefanum með pabba því hann átti alltaf vélar. Að fljúga farþegum frá A til B var ekki aðalatriðið í mínum huga. Heldur að fljúga, vera innan um flugvélar, tala og skrifa um flugvélar, fara á sófn og fleira.“

Á bak við tjöldin

Í stað flugdraumsins tók við sagnfræði og stjórnmálafræðinám við Háskóla Íslands og Háskólann í Edinborg. En einnig virk þátttaka í stjórnmálum. Sem barn fékk hann áhuga á stjórnmálum eftir að hafa heyrt sögur frá föður sínum, afa og ömmu frá hernámi Þjóðverja í Noregi. Fimmtán ára gamall var hann dreginn á fund hjá Tý, félagi Sjálfstæðismanna í Kópavogi og svo á þing hjá SUS, sambandi ungra Sjálfstæðismanna. Hann tók að sér ýmis trúnaðarstörf og sat í bæjarstjórn Kópavogs um tíma. „Sjálfstæðismönnum úr Kópavogi var nú strítt á þessum tíma. Þá var Davíð borgarstjóri í Reykjavík en félagsmálaöflin höfðu verið í meirihluta í Kópavogi í tólf ár. Sagt var að þetta væri eins og munurinn á Austur- og Vestur-Berlín.“

Auk þess starfaði Jón mikið á erlendum vettvangi með Guðlaugi Þórðarsyni, nú utanríkisráðherra. Um tíma var Jón varaformaður ungra íhaldsmanna í Evrópu og myndaði þá sterk tengsl við hægrimenn víða um álfuna, sérstaklega í Bretlandi.

Langaði þig aldrei á þing?

„Nei, eftir námið ákvað ég að fara ekki hina akademísku leið heldur fór beint í viðskipti. Ég starfaði í kosningastjórn og studdi mína menn en ég hafði ekki áhuga á að fara inn á þing. Ég taldi mig þekkja þingstarfið vel í gegnum vini mína og taldi þetta heftandi.“

Jón er þekktur sem maðurinn á bak við tjöldin og hefur verið í kosningastjórn hjá til að mynda Guðlaugi Þór, Vilhjálmi Vilhjálmssyni borgarstjóra, Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra í Kópavogi og Eyþóri Arnalds í bæjarstjórn Árborgar.

Hvernig vinnur maður kosningar?

„Ég hef bæði unnið og tapað kosningum í mörg skipti. Það sem skiptir mestu máli er framþjóðandinn sjálfur, útgeislunin og þekkingin. Ef það er ekki til staðar skiptir skipulag kosningabarátt-

Ég hef bæði unnið og tapað kosningum í mörg skipti

unnar litlu máli. Ég styð ekki fólk sem ég skynja að er ekki nálægt mér í lífsskoðunum og tel að eigi ekki erindi. Ég hef sagt fjölmörgum aðilum það og uppskorið litlar vinsældir fyrir vikið.“

Viðskipti og Umhyggja

Eftir námið fór Jón út í tryggingabransann hjá Ísvá og seldi söfnunarlíftryggingar að breskri fyrirmynd. Fyrirtækið stækkaði ört og tók yfir Allianz á Íslandi sem var þá næstum gjaldþrota. Jón var stjórnarformaður hjá Ísvá og Hreinn Loftsson hjá Allianz og var náið samstarf þar á milli. Jón var auk þess stjórnarformaður í verðbréfafyrirtækinu Fjárvernd. En laust eftir aldamótin fór að halla undan fæti.

„Árin eftir fyrri kreppuna árið 2001 fóru í að reyna að bjarga þessum fyrirtækjum, sem tókst nema með Ísvá. Það fór undir og þar á meðal ábyrgðir sem ég var í fyrir næstum því hundrað milljónir króna. Þetta lenti á mér og ég ætlaði ekkert í viðskipti aftur.“

Jón tók kúvendingu á sínum ferli og hóf störf fyrir Umhyggju, félag til styrktar langveikum börnum. Náinn samstarfsmaður hans og vinur hafði misst fjögurra ára dóttur sína úr sjaldgæfum sjúkdómi. „Hann bað mig um að koma inn í styrktarsjóðinn, sem var nú ekki burðugur. Ég starfaði þarna sem verkefnisstjóri og við náðum að gera hann nokkuð stöndugan. Þetta voru gefandi og góðir tímar.“

Hann hefur sinnt ýmsum ólíklegum verkefnum í gegnum tíðina. Til dæmis aðstoðaði hann Hjördísi Svan Aðalheiðardóttur, sem stóð í mikilli forræðisdeilu, að flýja með þrjár dætur sínar til Íslands frá Kristiansand í Noregi árið 2013. Notaði hann þar tengslanet sitt til að leigja flugvélinu. Nú aðstoðar hann Sunnu Elviru Þorkeldsdóttur, sem féll af svölum í Malaga, við að komast heim til Íslands.

„Vinkona mín liggur lömuð í Malaga á spítala sem er ekki að sinna henni. Hver einasta mínúta er dýrmæt en þjóðin brást við á tveimur sólarhringum og safnaði fyrir sjúkrafluginu heim. Nú erum við að bíða eftir leyfi frá spænskum yfirvöldum.“

Af hverju tekur þú að þér svona verkefni?

„Það er eitt orðatiltæki sem ég vil lifa eftir. Vondir hlutir gerast þegar góðir menn aðhafast ekkert. Í þessum tilfellum hef ég haft bæði getuna og viljann til að takast á við þetta. Það er mikið af fólki sem veit ekki hvert það á að leita í sínum vandamálum og ég er með gott tengslanet.“

Sjálfstæðisflokkurinn hefur tapað uppruna sínum

Eftir starfið í Umhyggju aðstoðaði Jón Vilhjálmi Vilhjálmsson í borgarstjórnarkosningunum árið 2006. Sjálfstæðisflokkurinn komst í meirihluta og Vilhjálmur varð borgarstjóri í eitt og hálf ár. Þá starfaði Jón sem aðstoðarmaður hans. „Vilhjálmur dró mig á þann stað að hugsa um þá sem minna mega sín í samfélaginu, eldri borgara og öryrkja. Þetta voru málaflakkar sem voru ekkert í tísku á þessum árum. Hann kenndi mér jafnvæl meira en ég hafði lært í stjórnmálafræðinámum í háskólanum.“

Á síðasta ári vakti Jón athygli fyrir að gagnrýna flokksforystu Sjálfstæðisflokksins í þætti sínum Heimastjórninni á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar sagði hann að flokkurinn hefði í seinni tíð ekki haldið nógu vel utan um barnafjölskyldur, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Hvernig hefur flokkurinn brugðist?

„Flokkurinn er búinn að tapa uppruna sínum. Flokkurinn hefði ekki verið svona stór og öflugur ef hann hefði ekki verið umbótaflokkur á þessum sviðum og byggt upp félagslega kerfið með mildri borgaralegri stefnu. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki klassískur íhaldsflokkur og hefur aldrei verið það. Ef hann fer að reyna að vera það og hættir að horfa á þjóðfélagið eins og eina lífræna heild, stétt með stétt, og hættir að skilja að félagslega grunnnetið verður að vera traust þá á hann ekkert skilið að vera stærsti flokkur landsins. Þá getur hann haft fylgi svipað og aðrir íhaldsflokkar í Skandinavíu, fimm til tíu prósent. Versegu.“ ▶



Baráttan við Bakkus
„Ég gleymi því aldrei að Obsession-rakspírinn minn var tekinn því mér var sagt að fólk drykki rakspíra þarna inni.“ MYND SIGTRYGGUR ARI

Jón bendir á að flokkurinn hafi alla tíð haft mikið fylgi flestra stétta, ekki síst verkafólks. „Flokkurinn talar ekki lengur til verkafólks. Af hverju er Miðflokkurinn til? Eða Flokkur fólksins? Eða Viðreisn? Þingmennirnir sem eru þarna inni eru aldrið upp í Sjálfstæðisflokknum.“

Hvernig gerðist þetta?

„Þetta hófst þegar farið var frá þeirri stefnu Davíðs Oddssonar að vera með dreift eignarhald á fjármálafyrirtækjum og klíku-myndun í bönkunum byrjaði. Þá myndaðist auðstétt sem taldi sig ekki þurfa að lifa í sama samfélagi og aðrir.“

Mun þessi þróun halda áfram í flokknum?

„Ég ber þá von að samstarfið við Vinstri græn muni draga okkur aftur að uppruninum. Ég var mikill talsmaður þessa samstarfs.“

Ræðismaður paradísar á Indlandshafi

Jón er fráskilinn, faðir tveggja uppkominnna barna. Fyrir um tuttugu árum síðan, þegar þau hjónin áttu von á sínu seinna barni, ákváðu þau að ferðast á óákveðinn stað á jarðkringlunni. Þau sneru hnetti og fingurinn lenti á Seychelles-eyjum í Indlandshafi.

„Ég faxaði forsetanum bréf úr stofunni heima og lýsti því að þó að Ísland og Seychelles-eyjar væru hvor sínum megin á hnettinum þá væru þetta eyríki sem lifðu á fiskveiðum og þyrftu á aukinni umræðu um verndun hafsins og hafréttarmál að halda. Síðan fórum við út.“

Þegar fjölskyldan sneri til baka var rúllan á faxvélinni komin

Þetta var í fyrsta skipti sem ég sá pabba, sem var hetjan mín, varnarlausan og liggjandi á sjúkrarúmi

niður á gólf og Jóni boðin staða ræðismanns sem hann hefur gegnt síðan.

Er þetta mikið starf?

„Nei, alls ekki. Að vísu tóku einkaaðilar að sér að tölvuvæða grunnskólakerfi landsins árið 2007 og ég aðstoðaði við það. Reykjavíkurborg kostaði svo tvo tölvukennara til að kenna grunnskólakennurunum. Síðan hef ég leiðbeint þeim Íslendingum sem vilja fara þangað. Þetta er algjör paradís á jörð, með fallegustu ströndum heims og risaskjaldbökum sem hvæsa á mann.“

Börnin spurðu hvort hann væri að drekka

Um þessar mundir fagnar Jón því að ár sé liðið frá því að hann sagði skilið við Bakkus. Hann byrjaði að fíka við að drekka 15 eða 16 ára gamall en áfengisneysla varð ekki að vandamáli fyrr en seinna á lífsleiðinni. Jón lýsir því hvernig Bakkus færði sig sífellt framur í lífsrúttunni þar til hann tók sjálfur um stýrið en Jón fór í farþegasætið.

„Þetta verður að vandamáli þegar þú ert farinn að lofa sjálfum þér á morgnana að drekka aldrei aftur því að þynnuköstin eru svo mikil. Hjá mér ágerðist þetta sífellt en ég var ekki blindfullur alla daga

eða að tynast eða að skandalisera. Vín gerði mig mjög hamingjusaman og rólegan mann.“

En Jón lýsir því að fólk var farið að koma til hans og segja að það hafi verið vínlykt af honum á hinum og þessum tímum og hann vissi að það var rétt. Hann var farinn að skipuleggja daginn út frá neyslunni, hvaða vínir væru líklegir til að vera að fá sér, hvaða viðskipta- eða stjórnmálafólk væri í gangi. Þegar hann fór á Leifsstöð var farið beint á barinn, sama hvað klukkan var. Þegar farið var í ferðalög varð birgðastaðan á áfenginu alltaf að vera í lagi. Um tíma var þetta þó ómeðvituð hegðun.

Jón og eiginkona hans skildu árið 2010. Á því ári hætti hann að drekka í níu mánuði og sótti einn AA-fund. „Mér fannst þetta skrítið þá og gerði ekkert mikið úr þessu. Ég hélt að þetta væri eins og að hætta að drekka gos eða borða einhverja matartegund. Síðan byrjaði ég aftur að drekka.“

Jón gerði sér í sífelli betur grein fyrir vandanum. Börnin hans tvö, sem voru orðin stálpaðir unglingar, voru farin að hafa orð á þessu við hann. „Þau spurðu hvort ég væri að fá mér þegar þau voru að koma til mín. Ég lifði í blekkingum varðandi þetta og sagði við

sjálfan mig að ég hefði kannski fengið mér of mikið síðast þegar börnin voru hjá mér ... en þá var það kannski búíð að gerast tíu eða tuttugu sinnum. Þér finnst þetta allt í lagi og telur þér trú um að enginn sé að tala um þetta.“

Þegar Jón gerði sér grein fyrir að fólk væri farið að tala um þetta var viðbragðið að drekka einn eða í mjög þröngum hópi, hópi sem hann vildi ekki annars umgangast. Hann tók líka eftir því að hann var farinn að gera fólk ýmsa vinargreiða, svo sem að hjálpa til við flutninga, til þess eins að eiga inni „bónuspunkta“ og fyrirgefningu fyrir drykkjunni. „Fólk nýtir sér alkóhólista að þessu leyti og alkóhólistinn verður þræll eigin fíknar til að hjálpa öðrum. Það var stór partur af batanum að geta sagt nei.“

Undir það síðasta var drykkjan farin að koma niður á störfum og fjölskyldulífi Jóns. „Ég varð að fresta fundum og þol mitt fyrir skoðunum annarra var lítið. Síðan fólst í þessu mikil félagsleg einangrun. Samskipti við mína nánustu skiptu mig mestu máli og ég taldi mig vera góðan föður. Ég vildi ekki klúðra því. Líka við mína fyrrverandi, við erum vinnir. Ég vildi ekki horfa upp á að vera valdur að vanlíðan annarra algjörlega að ósekju.“

Þung skref inn á Vog

Þann 25. janúar komu nokkrir góðir vinnir Jóns til hans og gerðu það sem kallað er íhlutun. Þeir sögðu honum að áfengisneyslan háði honum, hann væri að verða ótrúverðugur, fólk væri að tala mikið um drykkjuna og þeir gætu ekki horft upp á þetta lengur. „Þá

voru þeir búnir að fá inni á Vogu fyrir mig og ég átti að mæta daginn eftir. Það var þögn í tvær sekúndur en þá kom eitthvað yfir mig og ég sagðist ætla að fara í meðferðina. Ég vissi ekki einu sinni hvar Vogur var.“

Jón segir að það hafi verið þung skref að stíga inn á Vog, og ennþá þyngri þegar hann var látinn hátt og leitad í farangri hans. „Ég gleymi því aldrei að Obsession-rakspírinn minn var tekinn því mér var sagt að fólk drykki rakspíra þarna inni.“

Eitt vandamál sem Jón þurfti að takast á við var að vanmeta ekki sjúkdóminn. Þarna inni var fólk sem hafði farið í meðferð svo tugum skiptir. „Maður situr og hlustar á sögur sem eru langtum svæsnari en manns eigin og þá fer maður að hugsa með sér: Ég er ekki alkóhólisti, ekki miðað við þetta. En þarna er hætta sem maður verður að vara sig á.“

Eftir nokkra daga fór Jón í eftir meðferð á Staðarfell á Fellsströnd. Þar lærði hann um sjúkdóminn og skömmin hvarf smám saman. „Þetta er banvænn heilbrigðis sjúkdómur. Það er enginn heilbrigður maður sem drekkur sig til dauða og skaðar fólk í kringum sig í leiðinni. Þegar ég fékk þennan lærdóm varð ég ákaflega feginn.“

Hvernig hefur meðferðin breytt þér sem persónu?

„Alkóhólið var að breyta mér sem persónu. Ég er kominn til baka. Virkinn, öryggið, húmorinn og góð samskipti við börnin mín er það sem skiptir mestu máli. Ég er líka orðinn mun slakari með hluti sem ég hef engin áhrif á. Hvort Trump sé asni, eða hvort Sjálfstæðisflokknum eða Íhaldsflokknum gangi illa.“ ■

GÓÐ ÞJÓNUSTA Í 20 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnarhlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar.

INTERFLON

Úrval af efnavörur
Nýjar umbúðir, sömu gæða efnin



OLÍUVÖRUR

Smuróla, glussi, Koppafeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi



SVO ALLT GANGI SMURT



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

 **kemi**
Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

SAKAMÁL



39 morð játaði brasilíski öryggisvörðurinn Tiago da Rocha að hafa framið. Hann fór um á mótörhjól í Goiás-héraði, ók upp að fórnarlömbum sínum og kallaði: „Rán!“ áður en hann skaut þau til bana. Tiago stal þó aldrei neinu. Hann beindi einkum spjótum sínum að heimilislausum, konum og samkynhneigðum. Tiago var dæmdur í 25 ára fangelsi árið 2016 fyrir ellefu morð.

Í vinnugallanum
Robert Pickton á svínabúinu þar sem hann framdi voðaverkin. Hann er í dag 68 ára.

SVÍNABÓNDINN SEM DRAP EKKI BARA SVÍN

Pickton var djöfull í mannsmynd ■ Játaði að hafa framið 49 morð

Hann lét Texas Chainsaw Massacre líta út eins og afþreyingartæki í Disneyworld. Þessi orð hafa verið höfð um Kanadamanninn Robert Pickton sem verður væntanlega minnst sem eins versta fjöldamorðingja í sögu Kanada. Pickton þessi fæddist í Port Coquitlam í Bresku Kólumbíu, skammt austur af Vancouver, árið 1949. Ekki fer mörgum sögum af uppvaxtarárum Picktons en þó var hann náinn bróður sínum, David, enda ráku þeir saman svínabú í heimabæ sínum.

Vændiskonur og Vítisenglar

Robert var lýst sem rólegur náunga sem átti það til að hegða sér einkennilega. Svo virðist vera sem þeir hafi ekki beint verið mjög hæfir svínabændur, enda vanræktu

þeir starfsskyldur sínar; svínabúid var bæði skitugt og dýrin illa hirt. Þeir áttu það til að halda mikil og stór partí á svínabúinu þar sem vændiskonum og meðlimum Vítisengla var meðal annars boðið. Þessi partí drógu til sín mikinn fjölda fólks og voru dæmi um það að allt að tvö þúsund manns hafi mætt þegar mest var.

Konurnar birtust í fjölmiðlum síðar

Víkur nú sögunni til ársins 1997. Í mars það ár var Robert handtekinn vegna gruns um tilraun til manndráps. Vændiskonan Wendy Lynn Eistetter sagði farir sínar ekki sléttar af samskiptum við Robert eftir að hún heimsótti hann á svínabúid. Sagði hún hann hafa bundið sig og stungið. Í janúar 1998 var málið látið niður falla.

Um þetta leyti starfaði maður að nafni Bill Hiscox á svínabúinu. Bill þessi var ýmsu vanur en veitti því þó athygli að konur sem heimsóttu Robert á svínabúid áttu það til að birtast í fjölmiðlum skömmu síðar þar sem þeirra var saknað. Bill velti þessu ekkert meira fyrir sér, ekki fyrir en löngu síðar að minnsta kosti.

Húsleit og hryllingur

Þann 6. febrúar árið 2002 framkvæmdi lögregla húsleit á svínabúinu vegna gruns um að bræðurnir væru með ólögleg vopn á búinu. Óhætt er að segja að þá hafi hjólin farið að snúast; á svínabúinu fundust munir sem tengdust hinum týndu konum en þar sem lögregla hafði ekkert haldbært í höndunum var Robert sleppt. Óeinkennisklæddir lögreglumenn fylgdust

þó með hverju skrefi Roberts og þann 22. febrúar var hann handtekinn vegna gruns um tvö morð. Það reyndist aðeins toppurinn á ísjakanum. Eftir því sem rannsókn lögreglu vatt fram komu fleiri fórnarlömb upp úr krafsinu. Áður en yfir lauk hafði Robert verið ákærður fyrir morð á 27 konum. Hann játaði þó að hafa drepið 49 konur.

Mannkjöt og svínakjöt

Ekki er talið útilokað að Robert hafi framið sitt fyrsta morð árið 1983, sem þýðir að í tæp tuttugu ár gat hann gengið um óáreittr og myrt konur, oftan en ekki vændiskonur eða konur úr kynlífsiðnaðinum.

Aðferðirnar sem Robert beitti voru svívirðilegar. Hann er talinn hafa ráðið konunum bana áður en hann gaf svínunum á svínabúinu lík-

amsleifar. Hann er meira að segja sagður hafa gengið svo langt að hafa hakkað líkin niður, blandað þeim við svínahakk áður en hann seldi kjötið, ýmist til fyrirtækja, lögreglumanna eða vina og vandamanna.

Robert neitaði alfarið að ræða málið við lögreglu og var því brugðið á það ráð að koma honum fyrir í fangaklefa sem hann deildi með öðrum fanga. Robert vissi ekki að fanginn var í raun lögreglumaður og fékk sá upp úr honum að fórnarlömbin hefðu verið 49.

Haft var eftir Pickton að hann hefði viljað ná að fremja eitt morð í viðbót til að ná 50 fórnarlömbum en, að eigin sögn, kostaði kæruleysi hans það markmið.

Ítarleg DNA-rannsókn var gerð á svínabúinu sem leiddi í ljós að margar þeirra kvenna sem höfðu horfið höfðu í það minnsta verið á svínabúinu. Robert var ákærður fyrir morð á 26 konum en dæmdur fyrir sex morð. Þann 9. desember 2007 var Robert dæmdur í lífstíðarfangelsi og getur hann sótt um reynslulausn í fyrsta lagi árið 2032. ■



Í vinnunni
Robert er sagður hafa myrt konurnar áður en hann lét svínin um að láta líkamsleifarnar hverfa.



Játaði Óeinkennisklæddur lögreglumaður sem deildi klefa með Robert fékk það upp úr krafsinu að hann hefði framið 49 morð. Robert var þó ekki dæmdur nema fyrir sex.

DAUÐAÐEILDARSKÁLDIÐ

William Bradford var dæmdur fyrir morð á tveimur konum, 15 ára og 21 árs

Þegar bandaríska raðmorðingjanum William „Bill“ Bradford varð ljóst að hann myndi, um óákveðinn tíma, dvelja á dauðadeild í Kaliforníu, varð honum á orði: „Veltið fyrir ykkur hve mörg [fórnarlömb] þið hafið engar upplýsingar um.“

Bill fékk dauðadóm árið 1988 fyrir tvö morð, annars vegar á Tracey Campbell, 15 ára nágrannastúlku hans, og hins vegar, Shari Miller, 21 árs barþjón.

Aðferð Bills við að krækja í fórnarlömb var ekki flókin; með

fyrirheitum um aðstoð við að hefja feril í fyrirsætustörfum lokkaði hann þau heim til sín í myndatöku.

Húsleit kom lögreglu á sporid

Bill var handtekinn eftir að í ljós kom að hann hafði verið sá síðasti sem sást með Tracey, meðan hún lifði. Í ljósi þess að hann beið réttarhalda vegna nauðgunar fannst lögreglunni ekki úr vegi að fá heimild til húsleitar á heimili hans. Heimtur úr leitinni innihéldu meðal annars 54 ljósmyndir af hinum ýmsu konum, þar á meðal Tracey og Shari. Lík-

ið af Shari Miller hafði fundist árið 1984, hálfnaðið fyrir aftan teppaverslun í Los Angeles. Hún hafði síðan þá verið nefnd „Jane Doe nr. 60“ í gögnum lögreglu. Shari hafði farið með Bill út í Mojave-eyðimörkina í myndatöku. Síðar sama ár fannst líkið af Tracey Campbell á tjaldstæði fyrir norðan Los Angeles.

Höfuðlaust lík

Bill Bradford var ekki menntaður ljósmyndari en greinilega afkastamikill. Í júlí 2006 ákvað lögreglan í Los Angeles að dusta rykið af máli Bills og setti á vef-

„Vá, ótrúlegt að þeir skyldu finna ljósmyndir í eigu hans.“

síðu sína ádurnefndar myndir í von um að borin yrðu kennsl á konurnar og ljósi yrði varpað á örlög þeirra. Innan tíðar

varð ljóst að í það minnsta rúmlega 20 konur höfðu ekki beðið bana af kynnum sínum af Bill. Kennsl voru borin á Donna-lee Duhamel, en höfuðlaust lík hennar hafði fundist í Malibu Canyon örfáum dögum eftir að hún hitti Bill á bar árið 1978.

Óbærileg dvöl

Ray Peavy, þá lögreglustjóri í Los Angeles, sagði: „Einhverjar [konur] voru eiginkonur - fyrrverandi eiginkonur Bills. En að mestu leyti erum við engu nær um hvaða konur er að ræða. Einhverjar kunna að hafa verið

Harmleikurinn á Suðurgötunni

Lyfjafræðingurinn **Sigurður Magnússon** varð sér, eiginkonu sinni og þremur börnum að bana

Fyrir bitur örlög er öll þessi myndarlega fjölskylda kvódd samtímis," sagði í minningargrein í Morgunblaðinu um lyfjafræðinginn Sigurð Magnússon. Sigurði var lýst sem hlédrægum, gáfuðum og vinsælum einstaklingi sem þó endaði ævi sína – og fjölskyldu sinnar – á skelfilegan hátt á Suðurgötunni í Reykjavík einn vetrardag í febrúar 1953.

Lá enn í rúmi sínu

Fjölskyldan var búsett í Dillons-húsi á Suðurgötu 2 en um þetta leyti starfaði Sigurður, sem var 35 ára, sem lyfjafræðingur í Reykjavíkur Apóteki. Kona hans, Hulda Karen Larsen, var 32 ára og börn þeirra þrjú, Magnús 6 ára, Sigríður 4 ára og Ingibjörg 3 ára. Á heimilinu bjó einnig systir Huldu Karenar, Ásdís að nafni, og hafði hún farið til vinnu um níu leytið þennan örlagadag. Um það leyti var Hulda að gera sig klára fyrir daginn; börnin voru að klæða sig en Sigurður lá enn í rúmi sínu.

Allir látnir

Nokkrum klukkustundum síðar, eða í hádeginu, kom móðir Huldu inn í húsið og blasti þá við henni hryllileg sjón. Allir í þessari ungu og fallgu fjölskyldu voru látnir. Rannsókn lögreglu hófst strax og fljótlega beindist grunur lögreglu að því að fjölskyldan; Sigurður, Hulda og börn þeirra þrjú, hefðu látist af völdum eitrunar. Á náttborði Sigurðar fannst glas sem merkt var eitur og bréf sem hann hafði skrifað. Í frétt Alþýðublaðsins, daginn eftir þennan voveiflega atburð, var vísað í bréf sem sakadómari lét blaðið hafa. Um bréfið sem Sigurður skildi eftir sig segir meðal annars:



Sorglegur atburður Sigurður var 35 ára þegar hann ákvað að svipta sig, eiginkonu sína og þrjú börn lífi.

„Á náttborði húsbóndans var glas merkt: Eitur, og bréf hafði hann látið eftir sig til Ásdísar þar sem hann skýrir frá því að hann, sem undanfarið hefur verið meira og minna sjúkur, hafi í örviln-an náð í eitur, sem hann hafi gefið þeim öllum og verði þau dáið þegar að þeim verði komið. Kveðst hann ekki geta skilið börnin og konuna eftir.“

Lágu hlið við hlið í fötunum

Í umfjöllun Alþýðublaðsins kom fram að móðir Huldu, sem búsett var í Ytri-Njarðvík, hafi komið að fjölskyldunni í hjónarúminu þar

sem fimmmenningarnir lágu hlið við hlið í fötum. „Þykir ekki fara á milli mála, að öll hafi þau látist mjög fljótlega af völdum eitursins. Hins vegar var ekki vitað, hvaða eituregund hafi verið um að ræða.“ Síðar kom í ljós að eitrið í flöskunni var kamfórublenda sem einnig innihélt blásýru. Var talið fullvíst að Sigurður hefði fengið lyfin í tengslum við vinnu sína sem lyfjafræðingur. Af þeim sökum var talið fullvíst að hann hefði skipulagt ódæðið.

Það, hvað varð til þess að ungur maður í blóma lífsins ákvað að svipta sig lífi og drepa fjölskyldu sína í leiðinni, var tilefni til vanga-

veltna á sínum tíma. Sigurður var fæddur árið 1918, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1937 og lokaprófi í lyfjafræði frá Philadelphiu árið 1943. Ári síðar var hann ráðinn til starfa í Reykjavíkur Apótek þar sem hann starfaði allt til dauðadags.

Þjáðist af heilabólgu

Í bókinni Ísland í aldanna rás segir að svo virðist sem Sigurður hafði þjáðist af heilabólgu, sjúkdómi sem orsakast yfirleitt af virusýkingu. Sjúkdómnum getur fylgt mjög slæmur höfuðverkur, hnakkastifleiki, hiti og minnkuð meðvitund. Í dag er hægt að eiga við sjúkdóminn með því að gefa veirulyf í æð en á þessum árum var erfiðara að fá meina sinna bót – og virðist sjúkdómurinn hafa lagst þungt á Sigurð. Í umfjöllun bókarinnar, sem Morgunblaðið vitnaði til í umfjöllun sinni, fyrir nokkrum árum, kemur fram að heilabólga geti í sumum tilfellum leitt til geðrænna kvilla. Hvað nákvæmlega amaði að Sigurði er ekki að fullu vitað; hvort hann hafi glímt við geðræn veikindi, óháð heilabólgunni, eða ekki. Hann hafði þó dvalið á sjúkrahúsi um nokkra hríð áður en hann lést og af lýsingum á þessum tíma má ætla að hann hafi þjáðist af alvarlegu þunglyndi. Þannig var jafnvel talið nauðsynlegt að lögreglu maður veki yfir honum svo hann yrði ekki sjálfum sér og öðrum að skaða. Eftir sjúkrahússleguna virtist Sigurður vera að komast yfir veikindin.

Ein minningargrein birtist um Sigurð í Morgunblaðinu þann 4. mars árið 1953 og var hún merkt ónefndum starfsbróður hans. Í greininni sagði meðal annars að hann hefði verið einarður í

Sigurður Magnússon
lyfjafræðingur
In memoriam.

SIGURÐUR MAGNÚSSON var fæddur 27. marz 1918. Foreldrar hans voru Magnús Sigurðsson bankastjóri og fyrri kona hans, Ástríður Stephensen. Hann tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1937, lauk fyrri hluta lyfjafræðináms í Laugavegs Apóteki 1941 og lokaprófi í Filadelfíu í Bandaríkjunum 1943, þá einn fjögurra Íslendinga er fyrstir luku þaðan prófi í lyfjafræði. 1944 var hann ráðinn í Reykjavíkur Apótek og starfaði þar síðan.

Kvæntur var Sigurður Huldu Karen, ættaðri af Siglufirði og áttu þau þrjú börn ung. Fyrir bitur örlög er öll þessi myndarlega fjölskylda kvódd samtímis í dag. Sigurður var um margt vel af guði gerður. Hagnýtar gáfur og alveg óvenjulegt minni var veganeisti er kom í góðar þarfir í námi og starfi. Við kynningu vann hann á; hversdagslega hægur, allt að því hlédrægur, en einarður í skoðunum og hélt fast á máli sínu. Oft kom fram hjá honum viðkunnanleg kýmni, sem átti sinn þátt í vinsældum hans meðal samstarfsfólks.

Sigurði var vel ljós þýðing starfsgreinar sinnar og fylgdi stórgleglega með hinum stórstígu nýjungum. Hann fékk lyfsölu-leyfi fyrir tveim árum, en gat ekki hagnýtt sér það vegna veikinda. Og nú, þegar ættingjar og vinir þóttust sjá fram á fulla heilsu – þá er hann farinn. Það er mikill mannskaði að mönnum eins og Sigurði Magnússyni.

Starfsbróðir.

Minningargrein Hér má sjá stutta minningargrein sem birtist í Morgunblaðinu um Sigurð.

skoðunum, kíminn og það hafi átt sinn þátt í vinsældum hans meðal samstarfsfólks. „Hann fékk lyfsölu-leyfi fyrir tveimur árum, en gat ekki hagnýtt sér það vegna veikinda. Og nú, þegar ættingjar og vinir þóttust sjá fram á fulla heilsu – þá er hann farinn. Það er mikill mannskaði að mönnum eins og Sigurði Magnússyni.“ ■

myrtar. Margar hugsanlega konur sem hann hitti á bar og tók myndir af.“ Hvað sem þessu líður þá gaf Bill aldrei nokkrar upplýsingar um önnur fórnarlömb en Shari og Tracey og var dæmdur fyrir morð á þeim. Árið 1998 hætti Bill við að áfrýja dómnum og sagði að dvölin í San Quentin væri orðin óbærileg.

Viðurnefnið

Bill, sem hafði ekki haft lögfræðing á sínum snærum í tíu ár, réð lögfræðing og fól honum að flýta yfirvofandi aftöku. Um sama leyti byrjaði hann að yrkja um lífið í San Quentin og fékk í fjölmiðlum viðurnefnið Dauðadeildarskálidið. Lögfræðingur Bills, Darlene Ricker, var spurð hvað Bill myndi segja um endurnýjadan áhuga lögreglunnar á máli hans. Darlene sagði að myndirnar hefðu verið til í 20 ár og engin leynd hvílt yfir þeim. „Ég er sannfærð um að Bill mundi segja:

„Maðurinn var ljósmyndari. Vá, ótrúlegt að þeir skyldu finna ljósmyndir í eigu hans.“

Fékk krabbamein og lést

Nokkrum dögum fyrir áformaða aftöku virðist sem á Bill hafi runnið tvær grímur. Hann lýsti sig saklausan af öllu sem honum hafði verið gefið að sök og vildi að aftökunni yrði frestað. Bill varð greinilega að ósk sinni því hann var aldrei tekinn af lífi. Hann fékk krabbamein og maðurinn með ljáinn sótti hann 10. mars 2008. ■



Með eiginkonu og barni William Bradford með eiginkonu sinni, Cindy, og nýfæddu barni þeirra. Bradford var síðar dæmdur fyrir morðin.

Birta



**MATTI
ÓSVALD**

ATVINNU-
MAÐUR Í
AÐ HJÁLPA
FÓLKI

54-56

Taktu Krók á leiðarenda



522 4600



KRÓKUR

á þinni leið

www.krokur.net

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

DAGUR Í LÍFI ELLYJAR ÁRMANNNS

Hverra manna er hin fjölhæfa spákona Elly Ármannsdóttir og hvernig skyldi dagur í hennar lífi ganga fyrir sig?



50

52-53



STERKUR Á SVELLINU

Margrét Gústavsdóttir og Björn Þorfinnsson prófuðu að reynsluaka nýja Citroën Aircross C3 jepplingunum.

60




KLEINUHRINGJAKARLAR

Klístruð kleinuhringjauppskrift frá strákunum á Le Kock. Þeim er hjartanlega sama um hitaeiningar.

SVALA BJÖRGOVINS 41 ÁRS

Þessi eiga afmæli í vikunni.



58

„Never get high on your own supply“

Þörfin fyrir viðurkenningu er orðin að fíkn - og dópsalinn sjálfur snertir ekki á eigin varningi.

Ég las merkilega grein í The Guardian um daginn. Í henni er fullyrt að sérfræðingarnir sem eiga samfélagsmiðlana sem við notum daglega, noti þá aldrei sjálfir, af því þeir vita hversu ávanabindandi og skaðleg áhrif þeirra geta verið.

„Hvernig getum við tekið eins mikinn tíma og athygli frá þér og hægt er? Jú, við gefum þér smá dópamínkikk um leið og fólk lækar eða kommentar á það sem þú setur á Facebook, – og það mun hvetja þig til að setja meira og meira efni á miðilinn sem kallar eftir fleiri lækum og kommentum.“

Svona útskýrir Sean Parker, fyrrverandi forstjóri Facebook, hvað það er sem gerir okkur flest svo háð þessum samfélagsmiðli.

Í raun virkar þetta eins og spilafíkn.

Maður sér tölur inni í rauðum depli sem hvetja mann til að smella og tékka. Telja lækin. Gaman ef þau eru mörg. Leiðinlegt ef þau eru fá. Slík er þörf okkar fyrir viðurkenningu frá öðru fólki.

Það sér hver maður að þetta er óskaplega kjánalegt en samt sem áður eru margir mjög fastir í þessari fíkn. Eftir að Sean Parker sagði sitt álit steig annar fyrrverandi yfirmaður fyrirtækisins fram og sagði sína skoðun en hans hlutverk innan fyrirtækisins var að fjölga notendum.

„Þessi ávanabindandi vítahringur, að þurfa stöðugt þessar dópamíninnspýtingar, er að eyðilegga samfélagið okkar,“ sagði hann og bætti svo við að hann leyfi ekki sínum eigin börnum að nota Facebook.

Sálfræðingurinn Adam Alter, sem er

sérfróður um netfíkn, tekur undir þetta í greininni og segir að það sé engin tilviljun að fólk verði háð samfélagsmiðlum. Forrit á borð við Facebook, Twitter og Instagram séu ekki hönnuð út frá því að vera svo skemmtileg að við höldum áfram að nota þau. Nei, þau eru hönnuð til að vera svo ávanabindandi að þú getur ekki hætt að nota þau og þannig græða eigendurnir peninga. Sjúklega mikla peninga.

Við erum í raun haldin einshvers konar viðurkenningar stigatalningar Facebook- og Twitter-fíkn. Við setjum myndir, statusa, pósta í loftið og biðum svo spennit eftir viðbrögðum og þetta hefur svo aftur áhrif á hvernig okkur líður. Hálf sorglegt ef maður þælir í því.

Sjálfur er Mark Zuckerberg ekki að fixa

sig með Facebook dópamínkotum eins og við hin. Nei, hann er með tólf manns í vinnu við að svara, henda út kommentum og læka. Og á meðan situr hann sultuslakur einhvers staðar úti í heimi, eins og Pablo Escobar, sötrandi gulrótarsafa, græðandi sgrillbilljóntrilljónir, sönglandi með Notorious BIG:

„Never get high on your own supply.“

MARGRÉT H.
GÚSTAVSDÓTTIR
MARGRE@DV.IS





MYND SÍGRYGGJUR ARI

ELLY ÁRMANNSDÓTTIR

– risastórar hestamyndir, húðflúr á brjóstið og bodypump með Magnúsi



Dagur í lífi

Elly Ármannsdóttir leit dagsins ljós þann 13. maí árið 1970. Hún er dóttir þeirra Ármanns heitins Ármannssonar, skipstjóra og útgerðarmanns, og Bjargeyjar Elíasdóttur sem er búsett í Lúxemborg. Hún á fimm hálf systkini, tvö móðurmegin og þrjú föðurmegin, en Elly ólst upp hjá móður sinni ásamt systkinum sínum, Eik og Pálma Gíslabörnum. Föðurmegin á hún systurnar Ragnhildi Írís og Esther og bróðurinn Ármann.

Elly komst á kortið rétt fyrir síðustu aldamót þegar hún gerðist dagskrárþula hjá Ríkissjónvarpinu en fyrstu spor hennar í blaðamennsku voru upp úr 2005 þegar hún tók að sér að skrifa stjórnuspár í DV. Fljótlega byrjaði hún svo að skrifa dægurmálagreinar og stýrði þá meðal annars Hér og nú, sem var fylgirit DV, og síðar Lífinu á Vísi við góðan orðstír. Elly hefur alltaf haft mikinn áhuga á spádómum og stjórnspeki. Hún hélt úti hinni vinsælu vefsíðu spámaður.is og hannaði sín eigin Tarotspil sem seldust eins og heitar lummur á sínum tíma. Í dag er það hins vegar málalalisti sem á hug hennar allan en undanfarið hefur hún unnið að stórum málverkum sem hún vinnur bæði með olíu og akrýl á striga. Elly leigir herbergi í hjarta borgarinnar þar sem hún deilir baði og eldhúsi með öðrum leigjendum. Hún á þrjú börn: Ármann Elías, 21 árs, Einar Alex, 19 ára og augasteininn Elly, 10 ára.

7.30

Dagurinn byrjar á kaffibolla og málverki, áður en ég fer á fætur. Núna er ég að mála hross með

” Seinni partinn rölti ég gjarnan til Lindu á Reykjavík Ink en hún er að hjálpa mér að hanna mandala húðflúr sem mun fara undir brjóstið á mér, undir það og aðeins niður á magann.

kolum á striga og þau hafa vakið mikla lukku. Svo set ég myndir á Instagram sem er frábær leið til að kynna þetta. Ég mála alltaf tvö hross á hverja mynd af því þau eru eins og við mannfólkið, þrífast best í félagsskap. Svo mála ég líka flennistórar myndir af nöktum konum. Fyrirmyndin er reyndar alltaf ég sjálf af því það er erfitt að fá vinkonur til að sitja fyrir naktar eins og gefur að skilja.

12.00

Ég fer alltaf á sama staðinn til að fá mér að borða enda er ég naut og naut eru svo svakalega vanaföst. Ef nautinu finnst eitthvað gott þá er það ekkert að breyta til. Ég fæ mér alltaf kjúklingasalatið á Fresco en þar getur maður valið salatið sjálfur og sett í skál. Eftir það kem ég alltaf við í Slippfélaginu til að ná í málningu, kol eða verkfæri og þiggja nokkur góð ráð í leiðinni.

13.00

Eftir hádegi hitti ég oft góða vini eða funda með fólki sem hefur áhuga á að kaupa málverkin mín. Um daginn eyddi ég til dæmis heilum eftirmiðdegi í stóru og fallegu húsi heima hjá fólki sem keypti verk af mér. Þau báðu mig að hjálpa sér að velja stað fyrir verkið sem er mjög stórt og flott og útkoman var í borðstofunni þar sem það sæmði sér mjög vel.

16.00

Seinni partinn rölti ég gjarnan til Lindu á Reykjavík Ink en hún er að hjálpa mér að hanna mandala húðflúr sem mun fara undir brjóstið á mér, undir það og aðeins niður á magann. Mandalan er sérstaklega hönnuð til að brynja brjóstið mitt af því ég er í sárum eftir árið 2017 – sem var bæði átakanlegt og erfitt.

19.00

Á kvöldin fer ég á æfingu hjá Magnúsi Þór í Reebook. Hann er með æðislega body-pump tíma sem miða við að styrkja bæði þol og styrk og virka svona líka vel. Með því að taka þátt í þessum æfingum hef ég komið mér í eitt besta form sem ég hef verið í á ævinni. Eftir tímann finnst mér frábært að taka góða sturtu og slaka aðeins á enda er flókið að deila sturtunni þarna þar sem ég leigi.

20.00

Ég borða vanalega úti á kvöldin og finnst þá til dæmis gott að fá mér steik, kjúkling eða fisk. Það er svona að búa bara í herbergi, þá eldar maður lítið heima. Mér finnst það samt ekkert verra en að kaupa í mat-

HVAÐ ER BESTA RÁÐ SEM ÞÉR HEFUR VERIÐ GEFIÐ?

Það kom frá honum Óla Tynes, sem var sessunautur minn þegar við unnum hjá 365. Óli sagði mér að hlusta alltaf bara á hjartað og ekkert helvítis kjaftæði. Hundsa raddir annarra og hlusta bara á mína eigin.

BESTA RÁÐ SEM ÞÚ GETUR GEFIÐ ÖÐRUM?

Ekkert gefast upp, sama hvað þú ert að dila við, og ekki dvelja við vonleysi og sorg. Ekki missa trúna á sjálfa eða sjálfan þig og ekki hika við að biðja um aðstoð.

HVAÐ VILDIR ÞÚ AÐ ÞÚ HEFDIR VITAD FYRR?

Hvað ég er sterk.

inn og henda svo helmingnum af hráefninu. Þegar ég er með stelpuna mína þá eru dagarnir reyndar aðeins öðruvísi. Þá einblíni ég bara á hana og okkur mæðgurnar en hún bræðir alveg hjarta mitt og blæs í mig lífi milli þess sem ég mála.

00.00

Það er mjög misjafnt hvenær ég fer að sofa því stundum er ég að mála langt fram á nótt. Ef ég er ekki einhvers staðar úti að hitta skemmtilegt fólk þá mála ég þar til ég fer að sofa, enda er ég að mála upp í bankaskuld, fimm milljónir. Tók mér frí frá MBA-námi til að geta klárað þessa skuld. Ég ætlaði reyndar að klára þessa skuld fyrir áramótin en svo tók þetta bara aðeins lengri tíma en ég hélt.

Elly á Instagram: [instagram.com/ellyarmannsdottir](https://www.instagram.com/ellyarmannsdottir)

ÆTLA AÐ SLÁ ÍSLANDSMET Í ARMBANDAGERÐ Á SUNNUDAGINN

Valdimar, Úlfur Úlfur, Amabadama og DJ Sóley skemmta. Ókeypis aðgangur. Allir hvattir til að mæta.

Síðustu vikur hefur Kraftur, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, staðið fyrir árvekni- og fjáröflunarátaki sem þau kalla: Krabbamein kemur öllum við | Lífið er núna.

Á sunnudaginn kemur, þann 4. febrúar, verður lokahnykkurinn í þessu átaki þegar allir sem vettlingi geta valdið koma saman í Hörpunni og perla armbönd sem síðan verða seld á viðburðinum en ágóðinn rennur allur til Krafts.

Kraftur stefnir á að slá Íslandsmet í fjölda þeirra sem koma að armbandagerðinni og búist er við enn betri mætingu en í fyrra.

Nokkrir frábærir listamenn munu stíga á svið og stytta perlur um stundir en meðal þeirra má

nefna Valdimar, Amabadama, Úlfur Úlfur og svo DJ Sóley sem nýlega lauk við krabbameinsmeðferð sjálf.

Lætur hárið fjúka til styrktar krabbameinssjúkum

Ester Amíra Ægisdóttir, 11 ára, ætlar að láta hárið fjúka á viðburðinum til styrktar krabba-

meinssjúkum. En báðar ömmur hennar hafa greinst með krabbamein og ákvað hún að láta klippa



DJ SÓLEY Sóley greindist með brjóstakrabbamein í fyrra. Hún mun spila skemmtilega tónlist á sunnudaginn svo að perlarar fái meiri innblástur.

STUNDUM ÞARF AÐ MÆTA
ERFIDLEIKUM MEG BRÓSI
TIL AÐ SIGRAST Á ÞEIM
#LÍFIDERNÚNA



hár sitt til hárkollugerðar fyrir krabbameinssjúka og safna áheitum til styrktar Krafti.

Upphaflegt markmið hennar var að safna yfir 100.000 krónum en hún er þegar komin vel yfir þá upphæð.

Viðburðurinn hefst klukkan 13.00 og stendur til klukkan 17.00. Ókeypis er í bílastæði Hörpu meðan á viðburðinum stendur í boði 115 security. Aðgangur er að sjálfsgöngu ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.



REYNSLUAKSTUR: Citroën C3 Aircross



Sterkur á sve

Blaðamenn DV, þau Margrét H. Gústavsdóttir og Björn Þorfinnsson, prófa nýja Citroën C3 Aircross

Í tilkynningu segir að Citroën C3 Aircross sé kröftugur nýr sportjeppi með mikilli veghæð. Með því ásamt Grip Control spólvörninni og brekkuaðstoðinni komist menn hvert á land sem er. Ísetan sé há og ökumaður hafi góða sýn fram á veginn. Mikilið er lagt upp úr því að hátt sé til lofts inni í bílnum og að fótaþláss sé rýmlegt. Citroën C3 Aircross er á lista yfir bestu bíla ársins 2018 en Citroën átti einnig bíl á listanum í fyrra. Þá höfðu hins vegar liðið ansi mörg ár frá því síðast, en Citroën vann síðast titilinn árið 1990. Úrslitabílarinnir sjö eru í stafrófsröð: Alfa Romeo Stelvio, Audi A8, BMW 5 Serian, Citroën C3 Aircross, Kia Stinger, Seat Ibiza og Volvo XC40.

TÖFF Í TVÍLITU Hægt er að velja á milli nokkurra litasamsetninga en tvílitla týpan gerir bílinn óneitanlega svolítið svalari. Mynd Copyright Astuce Productions



BJÖRN:

Ég hef afar takmarkaðan áhuga á bílum og þar af leiðandi hef ég enga þekkingu á þessum tækjum. Það var því með semingi sem ég fór út í þennan reynsluakstur á vegum blaðsins. Til marks um áhugaleysi mitt get ég sagt frá því að eftir átján ára samband höfum við konan mín átt tvo bíla saman. Báðir keyptir nýir en sá fyrri var keyrður þar til hann gaf upp öndina og núna erum við að vinna á bíl númer tvö. Ef þeir koma okkur á milli A og B þá erum við ekki mikið að spá í hvort að við ættum að skipta.

Svona er maður einfaldur

Ég hafði því ekki miklar væntingar þegar ég heyrði að við værum að fara að keyra Citroën-jepling

eða smájeppa. Það er erfitt að horfast í augu við eigin fordóma en einhverra hluta vegna var ég með þá ímynd í hausnum á mér að þetta væru ekkert sérstakir bílar. Af hverju veit ég ekki. Þá er enn erfðara að viðurkenna að bara þær upplýsingar að þessi bíll væri á lista yfir bíla ársins 2018 gerði það að verkum að ég var mun jákvæðari þegar kom að því að setjast undir stýri. Svona er maður einfaldur.

Óhætt að segja að ég hafi verið mjög hrifinn af Citroën C3 Aircross

Útlit bílsins er nokkuð sérstakt en mér fannst hann bara nokkuð flottur. Bíllinn virkaði helst til lítill fyrir mínar þarfir (tvö börn og venjulega mikið af farangri) en rýmið og skipulagið inni í bílnum

var afar gott. Stærð skottsins er eitthvað sem ég myndi helst horfa til og það var mjög ásættanlegt (410 lítrar og stækkanlegt upp í 510 lítra). Ég held því að þessi bíll gæti alveg verið góður valkostur fyrir þriggja til fjögurra manna barnafjölskyldur.

Niðurstaða:

Bíllinn var afar lipur og þægilegur í akstri auk þess sem hann var mátulega kraftmikill fyrir minn smekk. Hann var líka hljóðlátur og ég var virkilega hrifinn af því hvað spólvörnin virkaði vel á ísilögðu bílapani. Það sem ég var hrifnastur af er þó verðið, sem er á bil-

inu 3–3,4 milljónir króna eftir því hvaða aukahlutir eru teknir með. Í samanburði við aðra bíla í samþættingu flokki finnst mér það gott og sanngjarnt verð og því vel þess virði að skoða þennan valkost enn betur. Maður fær svo sannarlega eitthvað fyrir peninginn.

VÓ! PETTA VAR MAGNAD! Bíllinn ótti snilldartahta á íslögðu bílaplani sem skilaði sér í mikilli hrifningu ökumannanna.



llinu

ss jepplinginn.

MARGRÉT:

Í hugum margra Íslendinga hefur Citroën lengi verið einhvers konar listamannabíll. Bíllinn sem viðkvæma ljóðskáldið myndi velja sér, týpan sem myndi frekar draga rauðvínsbelju upp úr skottinu og detta í það en að reyna að skipta um dekk. Skrifa svo atómljóð um reynsluna. Semsagt, ekki mjög karlmannlegur bíll. Sjálf hef ég alveg gerst sek um smá fordóma líka. Ég hef ímyndað mér að Frakkar væru mikið betri í að mixa ilmvoðn og gera fallega kjóla en að hanna góða bíla sem henta íslenskum aðstæðum. Mögulega hafði ég rétt fyrir mér í einhverjum árum nú er þessi staða gerbreytt.

Citroën hefur hækkað gæðastandardinn svo svakalega hjá sér að bílarnir frá þeim eru komnir á lista yfir bestu bíla ársins, bæði nú og á síðasta ári. Þeir fljúga í gegnum hvert gæðaprófið á fætur öðru enda mikið í þessa bíla lagt. Citroën C3 Aircross er trompið þeirra í ár. Eins konar „multi-purpose jepplingur“ sem maður ímyndar sér að sé hannaður fyrir praktisku týpuna sem vill eiga möguleikann á því að leggja niður sætin og fylla skottið af einhverju sem tengist áhugamálinum, taka þau svo upp aftur og smella krökkunum inn. Farangursrými bílsins

er það stærsta í þessum flokki bíla, eða 410 lítrar, og að auki eru aftursætin á sleða svo auðvelt er að stækka farangursrýmið í 510 lítra.

Hægt að velja á milli flippstiga í útliti

Framleiðendur Citroën hafa alltaf verið duglegir að ráða til sín flippaða hönnuði. Allt frá gamla bragganum til Cactus hafa Frakkar ekki hikað við að fara aðeins út fyrir rammann. C3 Aircross er engin undantekning þótt hann skeri sig ekki jafn mikið úr og áður nefndir bílar. Ég myndi ekki segja að mér þætti hann sérstaklega töff en hann er skemmtilega snaggaralegur um leið og hann er frekar látlaus, sérstaklega að innan enda mikið lagt upp úr því að hafa bíllinn rúmgóðan og því ekkert óþarfa pláss tekið í þjattið. Ef þú ert týpan sem tekur smá sénsa með flippið þá velurðu eflaust tvílitla útgáfu en bíllinn kemur einnig látlausari, t.d. hvítur með svörtu þaki eða alveg svartur.

Svakalega töff innkaupakerra

Þessi bíll er þokkalega lipur í akstri. Stýrið er óvanalega létt og bremsurnar lesa nánast hugsanir sem fólki gæti eflaust þótt bæði kostur og galli. Hann er fljótur að taka af stað og þægilega hljóðlátur en það besta við hann er hið



NÓG PLÁSS Í SKOTTINU Skottið er hægt að stækka með einu handtaki og sætin er auðvelt að leggja niður eða færa framar.



SNOTURT Mælaborðið er snoturt en á snertiskjánum er bæði hægt að stilla inn götukort, akstursmyndavél og margt fleira. Þá er einnig snertilaus hleðsla fyrir iPhone í bílnum og þráðlaust net.

svokallaða ESP stöðugleikakerfi með spólvörn. Vægast sagt algjör snilld. Við prófuðum að keyra inn á bílplan sem var bókstaflega jafn pikkfrosið og skautasvellið á Ingólfstorgi en það var ekki eins og maður fyndi fyrir því. Ég prófaði bæði að snarhema og taka hratt af stað en það var eins og bíllinn skellti bara mannbroddum á dekk-in um leið og hann nam hálkuna. Yfirnáttúrulegir taktar. Við þetta varð ég samstundis mikið skotnari í þessum jeppingi, sem ég hafði örfáum sekúndum áður líkt við

innkaupakerru. Hann varð að minnsta kosti alveg svakalega töff innkaupakerra, eða jafnvel úlfur í saudargæru, eins og þeir hjá Top Gear kalla hann.

Niðurstaða:

Ef ég væri með þriggja til fimm manna fjölskyldu, færi reglulega út á land, legði mikið upp úr góðu skotti eða þyrfti að aka miklar vegalengdir á hverjum degi þá myndi þessi bíll henta mér frábærliga. Yfirnáttúrulega stöðugleikakerfið með spólvörninni gerir

hann líka sérlega öruggan í akstri við þær erfiðu aðstæður sem oft myndast hér á landi og vissulega höfðar það til fjölskyldufólks að setja öryggið á oddinn, enda dýrmætur farmur um borð. En þar sem ég er miðaldra kona sem elskar sjónvarpsþættina Broen og dreymir um að vera eins og Saga Noren; í svörtum leðurbuxum, brunandi um á grænum Porsche meðan hún leysir glæpamál, þá er þessi snaggaralegi fjölskyldubíll kannski ekki alveg mín týpa þótt góður sé. Allt hefur sinn tíma. **B**



„Það er enginn skor karlmennsku að vera

Matti Ósvald Stefánsson, markþjálfari og heilsuráðgjafi, hefur tæplega þrjátíu ára reynslu af því að hjálpa öðrum að nýta hæfileika sína, setja sér markmið og láta drauma sína rætast. Sem ungur maður átti hann sér þann draum heitastan að gerast atvinnumaður í körfubolta en örlögin leiddu hann á aðra braut og Matti gerðist atvinnumaður í því að hjálpa fólki – en fyrst þurfti hann að byrja á sjálfum sér. Margrét H. Gústavsdóttir heimsótti Matta í Hafnarfjörðinn þar sem hann býr ásamt fjölskyldu sinni og tveimur fyndnum köttum í gömlu krúttlegu timburhúsi sem minnir á senu úr sögu eftir Astrid Lindgren.

Matti er fæddur á sumarsólstöðum, eða þann 21. júní, árið 1966. Sumarsólstöður eru lengsti sólarhringur ársins og hjátrúarfullir myndu líklega ekki hika við að rekja óbilandi bjartsýni Matta til fæðingardagsins. Hann hefur einstaka trú á því að hver og einn búi yfir ómældri getu

til að verða eigin gæfusmiður.

Sem ungur maður var Matti á kafi í körfubolta. Spilaði með Keflavík og drengja- og unglingslandslíðinu frá þrettán ára aldri og sá ekkert annað fyrir sér í framtíðinni en að leggja íþróttina fyrir sig, en nítján ára varð hann fyrir alvarlegum meiðslum og afleiðingarnar

gerbreyttu framtíðarsýn hans.

Hann lá rúmfastur í heilan mánuð og næstu tíu mánuði á eftir var hann svo máttlítill að fæturnir báru hann varla. Skiljanlega voru vonbrigðin gífurleg en fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Matti ákvað að gera eitthvað róttækt í málunum. Læra á sjálfan sig og gera sitt allra besta til að ná sér aftur á strik, bæði andlega og líkamlega.

„Mér var sagt að það væri ekkert hægt að gera fyrir mig. Taugalæknar og aðrir sögðu mér að ég myndi jafnvel aldrei spila körfubolta aftur. Þetta var alveg gríðarlegt áfall en eftir að hafa verið máttlaus í marga mánuði fór ég að þjálfá mig markvisst upp. Ég byrjaði á að ganga inn í bílskúr, þar gerði ég jógaæfingar og náði að stilla mig einhvern veginn af. Smátt og smátt fór ég svo að æfa mig í að skokka á staðnum og síðan náði ég að skokka út í móa. Í víðfeðmu þúfnabardi milli Keflavíkur og Garðsins þjálfaði ég mig svo á hverjum degi með því að stökkva á milli þúfnanna og fljót-

lega var ég orðinn allt annar maður. Engu að síður tók þetta ferli tæpt ár og auðvitað breytti þetta mér.“

„Það er enginn skortur á karlmennsku að vera ljúfur“

Sumarið eftir heimsótti Matti félagasinn til San Diego í Kaliforníu en þar rakst hann á auglýsingu frá skóla sem vakti athygli hans. Í skólanum, Institute Of Psycho-Structural Balancing, var áhersla lögð á heildræn heilsufræði og þetta var eitthvað sem höfðaði til Matta enda sjálfur búinn að læra það á eigin skinni að sál og líkami eru órjúfanleg heild. Hann skráði sig í skólann og stundaði námið í fjögur ár, eða frá 1988 til 1992.

Íslendingar voru mun íhaldsamari í viðhorfum sínum til heilsamála á þessum árum og því er óhætt að álykta að það hafi vakið furðu að ungur körfuboltakappi frá Keflavík skyldi velja að fara suður til hippanna í Kaliforníu að mennta sig í heildrænum heilsufræðum. Einhverju sem var ekki einu sinni til í orðaforða landans fyrir þrjátíu

“Þegar áföll hafa dunið yfir, til dæmis sjálfsvíg, ástvinamissir eða alvarleg veikindi þá verða vinir og kunningjar oft vandræðalegir.

árum. Matti segir að áhrif úr uppeldinu hafi líklega gert það að verkum að foreldrar hans höfðu ekkert út á þetta námsval að setja. Móðir hans, Oddný J.B. Mattadóttir, hafi til dæmis verið langt á undan sínu samtímafólki í áhuga sínum á óhefðbundnum lækningaraðferðum og þrátt fyrir að hafa unnið mjög karlmannlega vinnu, sem

„Ég held að alltof margir karlar geri þau mistök að fara fjær konum sínum þegar þeir ættu í raun að fara nær þeim.“

stur á
ljúfur“

verkstjóri hjá Esso, hafi faðir hans, Stefán Kristjánsson, verið mjög blíður og ljúfur maður sem hikaði aldrei við að sýna mjúku hliðarnar á sjálfum sér.

„Pabbi var hávaxinn, grannur og ilmandi af bensínlykt í minningunni. Af honum lærði ég samt að það er enginn skortur á karlmennsku að vera ljúfur, sem mér fannst mjög gott því það eru margir haldnir þessum misskilningi að karlmennska gangi út á einhverja hörku. Mamma var svo alveg ótrúlega klár í grasfræðum. Hún kunnir að nota alls konar jurttir og plöntur til að bæta heilsuna, auk þess sem hún eldaði mjög góðan mat úr baunum og öðru grænmeti. Ég lærði alveg helling af henni í þessum málum og ég held að þau, sem foreldrar mínir, hafi verið mjög góðar fyrirmyndir,“ útskýrir Matti og bætir við að hann hafi í raun lært margt annað gott af móður sinni. Meðal annars hvernig maður á að nálgast fólk sem er að takast á við mikla erfiðleika.

„Þegar mamma var nítján ára

faðdi hún andvana son. Þessi reynsla hafði djúpstæð áhrif á foreldra mína, og að takast á við sorgina sem fylgdi gaf þeim mikla samkennd með öðrum. Þegar áföll hafa dunið yfir, til dæmis sjálfsvíg, ástvinamissir eða alvarleg veikindi, þá verða vinir og kunningjar oft vandræðalegir. Sumir forðast jafnvel syrgjandann – en það er einmitt það sem maður á ekki að gera. Þegar mamma var að takast á við þennan missi þá voru það gömlu konurnar sem komu til hennar, tóku utan um hana og sýndu henni hlýju. Hún sagði að þessar konur hefðu bjargað andlegri heilsu sinni með því að veita henni athygli og sýna henni samúð og samkennd og þetta kenndi hún mér.“

Hjálpar fólk að heyrast í sjálfu sér

Eins og fyrr segir þurfti Matti virkilega að takast á við sjálfan sig

eftir meiðslin. Hann þurfti að endurmeta eigin getu og hugarfar, læra á sjálfan sig upp á nýtt, eins og hann segir. Af þessu lærði hann líka að setja sig betur í spor annarra en segja má að starf hans gangi einmitt út á að skilja það sem Matti kallar „innra svæði“ þeirra sem til hans koma til að geta mót- að stefnu fyrir framtíðina.

„Stundum hefur fólk allt til alls, þekkingu, færni, menntun og svo framvegis en kann samt ekki almennilega á sjálf sig. Starf mitt gengur að mörgu leyti út á að hjálpa fólk að heyrast í sjálfu sér. Ég spyr spurninga sem leiða á endanum til þess að fólk heyrir svörin mjög skýrt. Heyrir hvert það vill fara og hvað það langar raunverulega til að gera og hvernig það vill sjá líf sitt þróast til hins betra,“ útskýrir hann en nú eru liðin þrjátíu ár frá því hann hóf námið í Bandaríkjunum.

„Ef ég gæti farið aftur í tímann, verandi sá sem ég er í dag, vitandi það sem ég veit núna, þá er ég ekki viss um að ég hefði endilega valið mér þetta nám og þennan starfsvettvang. Ég hugsa nefnilega að ungi ég hefði getað byrjað að stunda íþróttir aftur ef ég hefði vitað allt sem ég veit núna. En svo má aftur segja að ef ég hefði aldrei farið á þessa braut þá hefði ég auðvitað aldrei komist að þessu öllu,“ segir hann og hlær. „Ég ætlaði alltaf að verða atvinnumaður í körfubolta en þess í stað varð ég atvinnumaður í að hjálpa fólk. Það sem hefur haldið mér í starfinu í öll þessi ár er einlægur áhugi minn á fólk og hann verður bara meiri og meiri með árunum. Mig langar að vita yfir hvaða eiginleikum fólk býr og hvað það getur gert við þá. Ef ekki væri fyrir þennan einlæga áhuga þá væri ég örugglega fyrir löngu búinn að gefast upp og farinn að snúa mér að einhverju öðru.“

Hefur aldrei gefið sig út fyrir að vera sálfræðingur

Árið 1993, þegar Matti kom heim frá Bandaríkjunum, beið hans það verkefni að plægja það sem þá var algjörlega óplægður starfsakur, enda höfðu fáir heyrt um heildræna heilsu meðferð, og enn voru áratugir í að fólk vissi hvað markþjálfun var enda birtist það orð ekki á prenti fyrr en eftir síðustu aldamót, þegar orðið „coaching“ var þýtt sem markþjálfun í grein sem birtist í Markaðinum, fylgiriti Fréttablaðsins, í desember 2005.

Fyrstu árin gekk starf hans aðallega út á hefðbundnar nudd- og líkamsmeðferðir en fljótlega kom í ljós að undirbúnings- samtöl við viðskiptavinina skiluðu meiri árangri. Hann kom því fyrir hægindastólum á stofunni og byrjaði á samtali, áður en fólk lagðist á nuddbekkinn.

„Heildræn heilsu meðferð felur í sér að andlegt og líkamlegt jafnvægi fer hönd í hönd. Maður þarf að skoða líkamlega partinn, eins og til

” Auðvitað eru karlmenn ekki allir eins, og kynin eru bæði lík og ólík á sama tíma, en það er vissulega algengara að karlmenn séu lengur að tengjast tilfinningum sínum og átta sig á hvað er að gerast innra með þeim. Svo velja þeir flestir þögnina til að hlaða batteriín og þá halda konur oft að það sé eitthvað að.

dæmis mataræði, sem getur oft verið grunnurinn að streitunni, en svo þarf einnig að skoða önnur persónulegri mál eins og til dæmis sambönd, fjármál, vinnuna og hvort fólk sé almennt sátt við þann stað sem það er á í lífinu og hvert það stefnir. Eftir að ég byrjaði að leggja aukna áherslu á samtöl tók ég eftir því að líkamsmeðferðirnar voru fljóttari að skila árangri.“

Samtalsmeðferðir Matta gáfu svo góða raun að sumir báðu jafnvel um að setjast bara í stólinn og sleppa nuddinu en eðli starfs síns vegna mætti hann áskorun þar.

„Ég er jú ekki sálfræðingur og hef aldrei gefið mig út fyrir að vera það þótt sumir hafi haldið mig slíkan. Starf sálfræðinga gengur að mörgu leyti út á að greina uppeldi og æsku og setja í samhengi við líðan einstaklingsins en það sem ég var að gera snerist um annað. Þó að viðskiptavinir mínir hafi verið mjög ánægðir þá fannst mér eins og mig vantaði betra kerfi til að fara eftir. Samtalstækni og aðferðir sem gætu sýnt mælanlegan árangur, enda er ég mjög árangursmiðaður sjálfur. Með því að gerast markþjálfari fékk ég nákvæmlega það sem mig vantaði til að ramma inn og full-

komna það sem ég hafði verið að gera í mörg ár.“

Ákvað að láta óttann ekki hafa yfirhöndina

Veistu hvað það er í sjálfum þér sem veldur þessum áhuga á öðru fólk og því sem það er að fást við? „Líklegast er hann sprottinn af þeirri upplifun minni að hafa óstöðvandi sjálfstraust og finnst ég ósigrandi, fara svo í gegnum meiðslin, missa sjálfstraustið og finnst ég ekki geta neitt. Ákveða svo upp úr því að láta aldrei óttann koma í veg fyrir að ég gæti haldið áfram. Láta aldrei óttann taka frá mér lífið sem ég vildi lifa.“

Hvað óttaðist þú þá mest?

„Það sama og allir aðrir. Að standa mig ekki. Að vera ekki nóg og verða fyrir höfnun. Allir, sem hafa upplifað það að verða fyrir alvarlegum veikindum og komast ekki áfram, fara í gegnum sorgarferli sem tengist því að geta ekki verið maður sjálfur eins og áður. Maður þarf að greina og skilja hvað það var sem gerðist og svo þarf maður að læra á sjálfan sig upp á nýtt. Á endanum þarf maður alltaf að geta umbreytt erfiðri lífsreynslu í eitthvað sem nýtist. Eða eins og Óli Stef orðaði þetta svo skemmtilega: „Reynsla er eitthvað sem maður fær oftast rétt eftir að maður þarf á henni að halda.“

Karlar hlaða batteriín með þögn

Undanfarinn áratug hefur Matti haft umsjón með námskeiðum, fyrirlestrum og fræðslufundum í Ljósinu,



endurhæfingarstöð fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein. Þar stýrir hann jafnframt sérstökum markþjálfunarfundum fyrir karlmenn sem hafa notið mikilla vinsælda og í raun orðið til þess að krabbameinsveikir karlmenn hika síður við að sækja sér styrk og stuðning í Ljósinu.

„Konur eru mikið fljótari að sækja sér aðstoð en karlar þegar eitthvað bjátar á. Við Erna Magnúsdóttir hjá Ljósinu vildum gera eitthvað sem höfðaði til karlmanna og fórum því að skoða hvert karlar sækja styrk. Almennt séð eru konur duglegri en við karlarnir að hittast og spjalla og eru því með meira stuðningsnet en karlar. Karlarnir leggja ekki jafn mikið upp úr því að sinna vinum sínum og þess vegna er konan þeirra stundum eini vinurinn sem er eftir,“ útskýrir hann og bætir við að margir karlar sækja styrk sinn annars vegar í einveru og hins vegar í einveru með öðrum körlum.

„Auðvitað eru karlmenn ekki allir eins, og kynin eru bæði lík og ólík á sama tíma, en það er vissulega algengara að karlmenn séu lengur að tengjast tilfinningum sínum og átta sig á hvað er að gerast innra með þeim. Svo velja þeir flestir þögnina til að hlaða batteríin og þá halda konur oft að það sé eitthvað að. Vilja toga orðin upp úr þeim og við það skapast stundum erfitt andrúmsloft. Þegar karlar koma saman þá ríkir gagnkvæm virðing og skilningur fyrir því hversu nærandi þögnin getur verið og þetta hefur reynst mörgum alveg ótrúlega vel. Svo vel að nú eru stundum fleiri karlar en konur í Ljósinu, sem var alveg óþekkt áður en við hófum þetta starf.“

„Þegar maður er með konunni sinni þá er maður ekki alltaf í lagi“

Hann segir muninn á samtölum karla og kvenna stundum áberandi. Karlar greini frekar frá atburðum og upplýsingum og reyni að létta lund hver annars. Þeir tali til dæmis ekki eins mikið um annað fólk og konur gera. „Þeir eru ekkert að spá í hjónaböndin hjá öðrum eða hvernig einhverjum kunningjum kann að líða. Þeir tala kannski um þetta en það er ekki alltaf á yfirborðinu. Stundum erum við allt að tuttugu manns samankomnir í Ljósinu á föstudögum og þetta er mjög gefandi samvera fyrir alla. Þeim finnst mjög mikill styrkur í því að hitta aðra karlmenn sem eru að ganga í gegnum það sama en það gefur bæði von og styrk,“ segir hann.

„Það er eitthvað rosalega gott sem gerist þegar karlmenn koma saman og það er mjög mikilvægt að þeir rækti vináttu við aðra karlmenn sem þeir treysta og tengjast af einfaldri ástæðu, og hún er þessi: Þegar maður hittir strákavini sína þá er maður alltaf í lagi en þegar maður er með konunni sinni þá er maður ekki alltaf í lagi,“ segir Matti og hlær. „Konur halda vanalega utan um allt sem tengist heimilinu og fjölskyldunni og vita hvað það er sem þarf að laga. Karlmenn fá þannig oft að heyra hvað sé að og hvað þurfi að verða betra en meðan þeir koma saman þá er bara Siggí góður, Nonni góður og Gummi góður. Þeir upplifa sig eins og allt sé bara í himnalagi og koma svo betri inn í hjónabandið aftur,“ útskýrir hann.

„Þegar konan fer, þá fer allt þetta góða með henni“

„Rannsóknir úr Háskólanum hafa sýnt fram á að mikið fleiri ekklar sækja í félagsskap nýrra kvenna innan tveggja ára. Ófugt við það

”Ég ætlaði alltaf að verða atvinnumaður í körfubolta en þess í stað varð ég atvinnumaður í að hjálpa fólk

sem margir halda þá þurfa þeir samt ekki endilega meira á konum að halda en þær á karlmönnum. Vandinn er sá að karlmenn láta yfirleitt konurnar sínar um að viðhalda stuðningsnetinu í lífinu og þegar konan fer þá fer allt þetta góða með henni: Heimilið, brosið, jólin, gjafirnar, fjölskyldan, kynlífið ... allt sem er gott tengist einni manneskju og þegar hún fer þá hverfur það. Þegar konur verða ekkjur þá gerist þetta mikið sjaldnar af því þær hafa skapað þetta stuðningsnet og haldið því við,“ útskýrir Matti.

Hann segir að það sé meðal annars vegna þessa sem það sé mjög mikilvægt að konur séu ánægðar í hjónabandinu. Ef konan sé ekki ánægð verði hún reið og pirruð og í kjölfarið fari eiginmaðurinn oft að forðast að eiga samskipti við hana. Eigi maðurinn athvarf í góðum vinahópi annarra karla gefst honum tækifæri til að hlaða batteríin, meta stöðuna og koma svo heim, hressari og orkumeiri.

Karlar fara fjær konum sínum þegar þeir ættu að fara nær

„Þegar ég held fyrirlestra fyrir bæði konur og karla þá varpa ég stundum fram þessari spurningu; hvort það sé einhver munur á kynjunum. Yfirleitt fara allir að hlæja en á endanum eru flestir mjög sammála því að karlar og konur eru ekki eins. Auðvitað geta einstaklingar verið líkir hver öðrum og það er líklegast meira líkt með okkur en hitt, en það er hins vegar mismunur á konum og körlum í sambandi við margt og hann er bæði fallettur, góður og á rétt á sér, enda oft ástæða þess að kynin laðast hvort að öðru. Svo höfum við orðið mismunur, sem er næstum því alveg eins en það er hvorki fallett né rétt og hefur engan rétt á sér. Þessi tvö orð, mismunur og mismunur ... oft finnst mér eins og hluti af umræðunni um jafnrétti kynjanna gangi út á að eyða mismuninum til að eyða mismuninum. Sjálfum finnst mér að karlar og konur eigi að fá meira svigrúm til að vera bara eins og þau eru – en þá þarf skilningurinn að koma fyrst. Til dæmis bara í sambandi við þessa þögn sem ég var að tala um,“ segir hann. Hann segir að konur þegi oft þegar það er eitthvað að trufla þær en karlar velji þögnina til að hlaða sig andlega. Þá fari konur oft að ýta á menn sína, spyrja hvað þeir séu að hugsa og halda að það sé eitthvað að angra þá.

„Í samskiptum við konur erum við karlar reyndar stundum of gjarnir á að bakka frá okkar meiningu og segja ekki hvað við viljum og hvað við þurfum. Þeim finnst mörgum betra að koma þessum hlutum að í lokuðum karlahópum þar sem þeim finnst þeir geta sagt sína meiningu og talað út á óþvingaðri hátt ef þeim finnst þeir þurfa þess með. Um leið ná þeir að skilja sjálfa sig betur og það skilar sér svo aftur í bættu hjónabandi og betri tilveru. Ég held að alltof margir karlar geri þau mistök að fara fjær konum sínum þegar þeir ættu í raun að fara nær þeim. Hitt virkar aldrei vel,“ segir Matti að lokum. **B**



CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis


- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

Afmælisbörn vikunnar

41
árs

SVALA BJÖRGVINDÓTTIR
Starf: Tónlistarkona
Fædd: 8. febrúar 1977



39
ára

LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR
Starf: 4. febrúar 1979
Fædd: Teiknari



51
árs

ÞORSTEINN GUDMUNDSSON
Starf: Grínari og gleðigjafi
Fæddur: 4. febrúar 1967



33
ára

BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR
Starf: Teiknari og barnabókahöfundur
Fædd: 4. febrúar 1985



” VEL MÆLT ”



” Öll óregla og ógæfa bæði manna og þjóða er komin af því að menn hafa ekki gætt nema að sjálfum sér og einmitt með því gætt allra síst að sjálfum sér.

- Jón Sigurðsson forseti

Orðabanki Birtu:

LÖÐURMANNLEGUR FRÓÐUSNAKKUR

Létt verk og löðurmennleg eru auðveld verk vegna þess að svokallað löðurmenni er annað lýsingarorð fyrir aumingja. Að lýsa einstaklingi sem löðurmenni er þó ekki mjög algengt heldur er þetta orð fremur notað yfir einhvers konar verknað.

Það þarf þó ekki endilega að vera líkamlegur verknaður, eins og að lyfta einhverju þungu, heldur getur löðurmennlegur verknaður einnig verið smásálarlegur, aumingjalegur og ámatlegur. Með öðrum orðum þá er löðurmenni lítilmenni, enda gerður úr löðri.

„Það er gamla æfintýrið, þú ætlaðir að ná valdi á heiminum og fórst í læring til töframanns. Hann hefur kent þér tvær, þrjár þulur. Einn morgun biður hann þig að sækja vatn og fylla dyratunnuna meðan hann sé úti að biðjast beininga. Það er löðurmennlegt starf að sækja vatn og þú kýst heldur að fara með þulu. Þú hefur yfir þulu Eitt, og fatan fer sjálfkrafa á stað úti brunn. En þegar þú sérð að hún ætlar að halda áfram að sækja meira vatn eftir að tunnan er full, þá ferðu með þulu númer tvö til að stöðva hana; en það verður til þess eins að fatan hraðar sér enn meira og fyllir húsið. Í skelfingu þinni ferðu með þriðju þulu, og þá fyrst tekur nú steininn úr.“

Halldór Laxness. Brekkukotsannáll, 34. kafli, síða 242

Samheiti

armlegur, armur, aumingjalegur, aumlegur, aumur, auvirðilegur, ámatlegur, bágur, daufur, eyndarlegur, fátækur, greylegur, heilsutæpur, hraklegur, hrörlegur, lasinn, lélegur, linur, ómerkilegur, rolulegur, rýr, ræksnislegur, skitinn, veslaður, veslugur, ælegur



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





Helgarmaturinn



TRES AMIGOS Markús Ingi Guðnason, Karl Óskar Smárason og Knútur Hreiðarsson. MYNDIR SIGTRYGGUR ARI

LÖÐRANDI LEKKER KLEINUHRINGUR FRÁ LE KOCK

Í bransanum er þetta kallað „cake doughnut“, eða kökukleinhúringur

Karl Óskar Smárason, einn af þremmingunum sem standa að hamborgara- og kleinhúringjastaðnum Le Kock í Ármúla, gefur lesendum uppskrift

að löðrandi girnilegum kleinhúring og segir að hver sem er ætti að geta steikt þetta góm-

sæti í eldhúsinu heima.

Sjálfur segist hann hafa fengið hálfgerðan leiða á því sem var á boðstólum hjá veitingahúsum borgarinnar og því hafi þeir félagarnir reynt að brydda upp á einhverjum nýjungum.

„Ég get ekki sagt að ég hafi smakkað að einhverja stórkostlega kleinhúringi sem urðu til þess að við ákváðum að bjóða upp á þá á Le Kock. Hafði bara smakkað þessa íslensku kleinhúringi sem eru eins í öllum bakaríum. Við fengum bara leiða á því sem gengur á veitingastöðum. Það eru flestir að gera það sama en við vildum gera eitthvað öðruvísi.“

„Ég get ekki sagt að ég hafi smakkað að einhverja stórkostlega kleinhúringi sem urðu til þess að við ákváðum að bjóða upp á þá á Le Kock. Hafði bara smakkað þessa íslensku kleinhúringi sem eru eins í öllum bakaríum. Við fengum bara leiða á því sem gengur á veitingastöðum. Það eru flestir að gera það sama en við vildum gera eitthvað öðruvísi.“

segir Karl Óskar og bætir við að þeir hafi horft til bandarískrar matarmenningar til að fá innblástur.

„Hér á Íslandi er enginn að búa til kleinhúringi eins og við. Enginn veitingastaður eða bakarí hefur sérhæft sig í góðum kleinhúringum,“ segir Karl sem hyggst fljótlega

opna sérstakt bakkelsisbakarí ásamt félögum sínum.

Kallað kökukleinhúringur í bransanum Hvað uppskriftina sem hann gefur hér varðar segir hann lítið mál að gera þetta heima hjá sér.

„Það þarf bara smá lagni þegar maður er að útbúa kleinhúringi og þá sérstaklega ef maður notar gerdeig. Þessi uppskrift er reyndar mikið auðveldari enda ekkert ger í henni svo maður þarf ekkert að bíða eftir því að deigið lyfti sér. Í bransanum er þetta kallað „cake doughnut“, eða kökukleinhúringur, enda deigið í þessu meira í ætt við kökudeig en brauðdeig. Við notum svo kardimommur í uppskriftina sem gerir hann meira í ætt við gömlu góðu íslensku kleinuna.“

Hægt að nota alls konar krem

„Í þessari uppskrift setjum við glassúr ofan á kleinhúringinn og bætum smá sitrónuberki við en auðvitað getur hver og einn valið hvað er sett ofan á kleinhúringinn. Til dæmis er hægt að bæta kakódufti í glassúrinn, lakkrís eða einhverju nammi og þá er upplifunin allt öðruvísi,“ segir kleinhúringjaunnandinn Karl Óskar að lokum.



UPPSKRIFT

DEIG

- 240 g sykur
- 5 eggjarauður
- 40 g smjör
- 380 g sýrður rjómi 18%
- 600 g AP hveiti
- 15 g lyftiduft
- 12 g salt
- 2 l mataróla til steikingar

ADFERÐ

Setjið saman í hrærivélaskál sykurinn, eggjarauður og smjör. Þeytið upp með spaðanum, ekki þeytaranum. Þegar blandan er orðin ljós á litinn er sýrður rjómi bætt út í og hrært í 2 mínútur til viðbótar. Sigið þurrefnin saman í skál og bætið rólega úfí blönduna í hrærivélaskálinni á lágri stillingu. Þegar allt er komið í skálina og deigið vel hrært saman þarf að geyma það í ísskápnum í a.m.k. klukkutíma til að það kólni. Gott er að færa deigið yfir í aðra skál sem hefur verið smurð með einhvers konar fitu til að það festist síður við skálina. Næsta skref er að fletja deigið út og gott er að sáldra smá hveiti á borðið til að auðvelda fyrir. Deigið er flatt jafnt út með kökukelli og ætti að vera riflegur sentímetri að þykkt, eða svipað þykkt og lengd naglar á þumalfingri. Kleinhúringirnir eru svo stungnir út, best er að eiga í skúffunni þar til gerð hringform í mismunandi stærðum, en það er vel hægt að redda sér með glösum, skálum og skotglösum fyrir gatið í miðjunni. Á þessum tímipunkti er hægt að geyma kleinhúringina í ísskáp ef þeir eiga að vera nýsteiktir þegar þeir eru bornir fram, eða bara að steikja þá

strax. Til að steikja kleinhúringina þarf að hita olíuna upp í 170–180°C í potti. Djúpssteikingarpottur hentar vel ef hann er til á heimilinu. Kleinhúringnum er svo sleppt í olíuna. Þegar hann flýtur upp á yfirborðið þarf að steikja hann í um 40 sekúndur til viðbótar, áður en honum er snúið við og steiktur á hinni hliðinni í u.þ.b. mínútu. Þá er hann tekinn upp úr og lagður á eldhúspappír til að grípa olíuna sem lekur úr honum. Kleinhúringurinn þarf að kólna áður en honum er dyft í glassúrinn.

GLASSÚR

- 100 ml nýmjólk
- 400 g flórsykur
- Klípa af salti
- 1 tsk. muldar kardimommur
- 1 stk. sitróna

ADFERÐ

Mjólk og flórsykri hrært saman og kardimommur bætt út í. Kleinhúringnum er dyft í glassúrinn og látinn sitja á ofngrind þannig að glassúr geti lekið af honum. Börkurinn af sitrónunni rifinn yfir áður en hjúpurinn storknar og þá er kleinhúringurinn tilbúinn. Það er mjög auðvelt að breyta glassúrnum á hvaða hátt sem er, það eina sem þarf að hafa í huga er hversu þykkur hann er.

Birta mælir með

BROEN

Hin beinskeytta Saga Noren á leðurbuxunum er skrítnasta og skemmtilegasta lögga sem sést hefur í sjónvarpi. Þriðja þáttaröðin af Broen er sýnd á RÚV öll mánudagskvöld. Veisla fyrir unnendur norrænna glæpasagna.




MARKMIDASETNINGU

Þótt það sé ekki nema eitt markmið á viku. Til dæmis að fara fyrir að sofa, drekka meira vatn, fara út að ganga. Skrifu hvert markmið niður og fylgja svo eftir bestu getu án þess að allt fari á hliðina ef þér tekst það ekki.


HELGARFERÐUM TIL PÓLLANDS

Það var löngu tímabært að Íslendingar kynntust Póllandi betur en Pólverjar eru jú stærsti innflytjendahópurinn hér á landi. Helgarferðir til helstu borga í Póllandi eru það heitasta í dag enda fær maður mikið fyrir peninginn.



HEADSPACE

Hugleiðsla og núvitundaríðkun er eitthvað sem margir pæla í þessa dagana. Með HeadSpace-appinu getur þú hent þér í hugleiðslu hvar og hvenær sem er og valið sérstakar hugleiðslur fyrir t.d. kvíða, streitu, svefnleysi og svo framvegis. Prófaðu. Það kostar ekkert!



ILMKERTI Á SKRIFBORDID

Það lifgar svo upp á skammdegið að kveikja á ilmkertri og leyfa því að loga á skrifborðinu meðan þú situr við tölvuna í vinnunni. Góð lykt og falleg birta geta gert gæfumuninn.



- Frábær heimilismatur í hádeginu -



HÁDEGISMATUR ALLA VIRKA DAGA

milli kl. 11.30 og 13.30

Komið til okkar eða við sendum til ykkar

SENDUM Í FYRIRTÆKI STÓR OG SMÁ

Opið virka daga 07.30- 15.00. Laugardag 09.00-14.00




KÆNAN
VEITINGASTOFA

Kænan Óseyrarbraut 2 220 Hafnarfjörður. Sími 5651550. www.kaenan.is info@kaenan.is

Menning



„Ég vil þakka lónni og hálmstráinu og hundunum, sem mamma leyfði mér ekki að fara í, heldur hlustaði á ljóðin mín – líka þegar þau voru ort af 11 ára stelpu.“

– Kristín Eiríksdóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2017 í flokki fagurbóka fyrir skáldsöguna Elín, ýmislegt á þriðjudag. Hún þakkaði hinum ýmsu fyrirbærum heimsins í ljóðrænni þakkarræðu.

Leikhúsdómar

Bryndís Schram
ritstjorn@dv.is



Himnaríki og helvíti

Sýnt í Borgarleikhúsinu

Glæsileg sýning, en kröfuhörð. Það var næstum eins og stórbrotið myndverkið kæfði á stundum hinn ofurskaldlega texta höfundar.



Er einhver boðskapur?

Hvað segir Kalman sjálfur: „Ég hef heimildir fyrir því, að allt sé svo fullkomið í himnaríki, að fólk deyr þar um aldur fram af tómunum leiðindum, en að lífið og fjörið sé í helvíti ... Ef svo ólíklega vildi til, að við myndum ná einhverri fullkomnun, þá værum við ekki lengur manneskjur. Heldur eitthvað annað.“

SOL

Sýnt í Tjarnarbíói

Höfundar handrits eru þeir Hilmar Jensson og Tryggvi Gunnarsson, báðir leiklærðir. Greinilega ungir menn, sem liggur mikið á hjarta og finna til í stormum sinnar tíðar. Vandamálið, sem leitar á þá, er orðið svo augljóst og svo yfirþandi. Tölvan er farin að stjórna lífi manna og áður en langt um líður verðum við algerlega á valdi hennar, ef fram fer sem horfir.



Efi – dæmisaga

Sýnt í Þjóðleikhúsinu

Það er best að segja það strax: Efi – dæmisaga, eftir írsk-ameríska leikskáldið John Patrick Shanley, er ismeygilega flott leikhúsværk. Leikhús eins og það gerist best, á okkar dögum allavega. Viðfangsefnið er verðugt og áleitid. Þar er knúid á um afstöðu, án þess þó að þröngva fyrirfram gefinni niðurstöðu upp á áhorfendur. Og rökræðan heldur áfram að lokinni sýningu. Þegar við þetta bætist stjórnmuleikur – þótt Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir í hlutverki hinnar kápólsku nunnu og skólastýru fari þar fremst meðal jafningja – verður ekki mikið betur gert.



Medea

Sýnt í Borgarleikhúsinu

Harpa segist í viðtali leggja áherslu á „sjónræna útfærslu og sterka líkamlega nærveru“ í úppfærslu sinni. Það er einmitt þetta, sem gerir þessa sýningu svo ótrúlega fallega, nærgöngula – jafnvel lostafulla. Það er einhver vegginn eins og Harpa hafi ást á þessu viðfangsefni. Í hennar augum er hvert atríði gjörningur, þar sem alúð er lögd við hverja minnstu hreyfingu – engu má skeika.



Lóaboratoríum

Sýnt í Borgarleikhúsinu

Leikritið spannar eina langa helgi í lífi fjögurra kvenna, sem hafa búið árum saman í sömu blokkinni í úthverfi Reykjavíkur. Þær tengjast fjölskylduböndum, annars vegar mæðgur og svo systur. Líf þeirra allra er heldur mislukkað, og þær farnar að órvænta. Eiga erfitt með að umgangast fólk, sérstaklega nákomna ættingja. Allt er í rauninni ömurlegt, en samt svo fánalega myndi í meðförum Lóu.



Gagnrýnina má finna í heild sinni á dv.is/menning



Úti að leika með Flóna

Hinn 19 ára **Flóni** hefur tekið íslensku rappsenuna með trompi með lögum eins og Tala saman, Trappa og Leika

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Ég vil bara gera góða tónlist og vera þekktur fyrir það. Þegar fólk heyrir nafnið Flóni vil ég að það hugsi: „hann gerir gott stöf“, en ekki bara hvernig ég lít út eða hver ég er“, segir rapparinn Flóni, sem undir lok síðasta árs gaf út sína fyrstu plötu.

Platan, sem er samnefnd listamanninum, „Flóni“, hefur undanfarnar vikur setið í efsta sæti Tónlistans yfir vinsælustu plötur landsins og lokalagið Ungir strákar – deep mix er mest spilaða íslenska lagið á Spotify um þessar mundir.

Á plötunni heldur síhraðari þróun íslensks hip-hops áfram. Tónlistin leikur sér á mörkum trap-tónlistar, poppaðs r'n'b og dans-tónlistar, hljóðheimurinn oftast en ekki kaldur, melódíurnar grípandi

og textarnir tilfinningaþrungnir. Öll sjónræn framsetningin er í takt við hljóðmyndina, vel fagað útlit sem minnir kannski helst á drungalega ameríska hasarmynd. Það er myrkur og rétt glittir svo í tónlistarmanninn í gegnum eldblossa eða brotið gler, hann heldur til aftast í skugganum, alvarlegur og í þungum þönkum.

Af fiðlunni í trappið

Flóni er tæplega tvítugur, fæddur árið 1998, skírður Friðrik Jóhann Róbertsson. Pabbi hans er slóvenskur en mamma hans hálf-svissnesk og hálf-íslensk, hann hefur þó búið hér á landi alla ævi, er úr Vesturbænum og kann ekki stakt orð í slóvensku. Viðurnefnið Flóni festist snemma við hann. „Það var

Maður syngur bara um „sjittið“ sem er í gangi í lífi manns á hverjum tíma

mikið orðagrín hjá okkur vinum þegar við vorum yngri. Ég var til dæmis kallaður Flíðrik og það varð svo einhver veginn að Flóni. Ég var kannski smá flón þegar ég var yngri – ég viðurkenni það – en ég er það ekki lengur.“

Tónlistin hefur lengi verið hluti af lífi Flóna og lærði hann meðal annars á píanó og fiðlu þegar hann var yngri. „Það hefur alltaf verið tónlist í kringum mig. Ég byrjaði í fimm ára bekk að æfa, þínulítil stubbur með fiðlu

– frekar fyndið. Ég var aldrei sérstaklega góður í að lesa nótur, en var strax með frekar gott tóneyra þannig að þegar ég var að spila með öðrum hljóðfærum fylgdi ég bara eftir því sem hinir voru að spila“, segir Flóni.

„Ég æfði í svona 6 ár, en þá nennti ég ekki lengur að vera í klassískri tónlist. Mér fannst þetta ekki nógu spennandi. Klassík getur verið yndisleg og flott, en þessa dagana sækist ég eftir einhverju öðru í tónlist en því sem maður fær úr klassískri tónlist.“

Parf enga pössun

„Ég byrjaði að gera hip-hop og r'n'b tónlist fyrir svona einu og hálfu eða tveimur árum. Ég byrjaði að fikta við að gera „beats“ og eitthvað með tveimur vinum mínum, Viktori Erni og Jökli Breka. Við vorum mikið að hafa kósi, hlusta á einhver „sounds“ og reyna að búa til eitthvað svipað. Svo þegar ég var einn var ég að leika mér að setja fallegar melódíur yfir þetta. Því meira sem ég gerði því betra varð það og þetta vatt upp á

LEIKA

„Elskan ég skal með þig leika yfir þér ég veit þig langar að vera með mér seinna upp í rúmi sveitt ég stari á þig þú vilt mig meira. Poppa eina pillu og ég er strax farinn að gleyma.“



Metsölulisti Eymundsson

31. janúar 2018


- 1 Þorsti - Jo Nesbø
- 2 Sigráðu sjálfan þig - Ingvar Jónsson
- 3 Stigvéladi kötturinn
- 4 Bætt melting betra líf - Michael Mosley
- 5 Náttbirta - Ann Cleeves
- 6 Sakramentið - Ólafur Jóhann Ólafsson
- 7 Hús tveggja fjölskyldna - Lynda Loigman
- 8 Gatid - Yrsa Sigurðardóttir
- 9 Saga Ástu - Jón Kalman Stefánsson
- 10 Með lífið að veði - Yeonmi Park



Vinsælustu plöturnar

Vikuna 21. til 27. janúar.

- 1 Flóni - Flóni
- 2 JóiPé & Króli - GerviGlingur
- 3 Herra Hnetusmjör - KÖPBOI
- 4 Ýmsir - The Greatest Showman
- 5 Ed Sheeran - +
- 6 Sam Smith - The Thrill Of It All
- 7 Post Malone - Stoney
- 8 Yung Nigo Drippin' - Plús Hús
- 9 XXXTentacion - 17
- 10 Hafðis Huld - Vöggvísur



Vinsælast í bíó

Helgina 26.-28. janúar

- 1 Maze Runner: The Death Cure (2018)
- 2 Paddington 2
- 3 The Post
- 4 Jumanji
- 5 Den of Thieves
- 6 Three Billboards Outside Ebbing, Missouri
- 7 Ferdinand
- 8 Óþekkti hermaðurinn (Tuntematón sotilas)
- 9 Greatest Showman, The
- 10 Deep (Ævintýri í Undirdjúpum)



TALA SAMAN

Hringi í hana og spyr „hvort ertu að fara?“
Nóttin ung svo við getum verið saman.
Þori ekki að vera ekki ég sjálfur fyrir framan hana.
Rúlla mér eina og við byrjum að tala saman.

„Ég hef aldrei verið mikið fyrir það að vera fyrir framan eitthvert fólk. Mér er alveg sama um það, ég er bara að þessu fyrir tónlistina.“

Hvað er það sem þú vilt ná fram með tónlistinni, hvenær veistu að þú sért með eitthvað í gott í höndunum?

„Ef mér finnst ég hafa myndað þá tilfinningu sem ég er að reyna að gefa frá mér. En það getur líka verið ef ég næ að finna einhverja fallega laglínu, eða gera eitthvað „sánd“ sem enginn annar á Íslandi er að gera. En það er mikilvægast að lagið nái til manns á einhverju tilfinningalegu „leveli“, þá fer manni að þykja vænt um það. Þá sér fólk að þetta er frekar einlægt og gott og tengir kannski við það.“

Það er áhugavert að þú talar um einlægni og tilfinningar, því rapptónlist í gegnum tíðina hefur oft verið tengd við töffaraskap og harkalega karlmennsku. Mér sýnist þú - eins og æ fleiri rapparar í dag - vera óhræddur við að sýna viðkvæmni og semja um eigið óöruggi.

„Já, fyrir mig snýst þetta ekki um að vera eitthvað að sýna mig eða reyna að vera nettur fyrir annað fólk. Tónlistin er meira eins og útrás fyrir mig: „svona leið mér á ákveðnu tímabili og þess vegna birtist það svoleiðis í einhverju lagi.“ Ég hef aldrei verið mikið fyrir það að vera fyrir framan eitthvert fólk. Mér er alveg sama um það, ég er bara að þessu fyrir tónlistina.“

Það má segja að alveg frá upphafi hafi eitt helsta umfjöllunarefni popptónlistarinnar verið þeir kraftar sem toga okkur út úr leiðgjörnum hversdagsleikanum: þrá og algleymi, vellíðan og annað vitundarstig, ást og ölvun, losti og víma. Það er þó langt síðan að augljósar vísanir í vímuefni voru jafn alltumlykjandi í íslensku poppi og þær eru í rapptónlistinni í dag - og þar eru textar Flóna engin undantekning.

En af hverju eru íslenskir rapparar að syngja svona mikið um dóp?

„Maður syngur bara um „sjöttið“ sem er í gangi í lífi manns á hverjum tíma, og maður dýlar bara við það eins og það er. Ég er samt ekki að sýna þetta eins og eitthvað sem fólk ætti að líta upp til. En lífið er bara fokking lífið. Fólk glímur við hluti og það er alls konar sjött í gangi hjá alls konar fólki og manni sjálfum. Lífið er bara rússíbani og það eru alls konar „distractions“ allt í kringum mann.“

Heimur Flóna

Þú talar um að þú sért ekkert mikið fyrir það að sýna þig fyrir öðru fólki. Er það ástæðan fyrir því að í allri sjónrænni framsetningu á tónlistinni ert þú sjálfur frekar ógreinilegur og dularfullur í bakgrunninum? Sem minnir mig líka á það að þú ert ekki búinn að gera mikið af tónlistarmyndböndum eins og margir aðrir rapparar í senunni.

„Já, Ég er ekkert mikið fyrir það að allir viti hvernig ég lít út eða eitthvað þannig. Ég hef bara viljað vera „low-key“. Myndbandið við „Alltof hratt“ var til dæmis ekki hugsað eins og týpískt tónlistarmyndband sem átti að verða mjög vinsælt. Hugmyndin var frekar að gefa fólki ímynd af því „vision-i“ sem ég hafði með plötunni, þannig að þetta myndi meika sens sem hluti af einhverri heildarmynd. Þarna getur fólk séð hvaða „mood“ ég er að vinna með og tengir kannski betur.“

Prumur og eldingar yfir regnvotri og myrkrí Reykjavík, veipgufur og óveðurský, innan um blikkandi led-ljós dansar Flóni í glansandi pleðurúlpu, hraðar klippingar, endurkast, brotnir speglar. Litapallettan er fábrotin, nánast bara svört, grá og köld hvít birta. Þetta er heimur Flóna.

„Óg þetta er heimurinn sem hann heldur áfram að þróa í stúdíóinu þessa dagana. Hann vill þó engu lofa um hvað taki við - hvort hann sé byrjaður að huga að næstu plötu eða öðrum stórum verkefnum. Hann einbeitt sér bara að því að semja tónlist og svo kemur allt annað í ljós. „Eina sem ég geri þessa dagana er að vera niðri í stúdíói að gera tónlist. Maður er alltaf að vinna að nýrri tónlist, og ég geri það svo hratt að ég gæti jafnvel verið búinn að gefa út sex, sjö plötur - en maður verður að hafa einhvern hemil á sér.“ ■

Tónlistin sem útrás

Ólíkt flestum vinsælum röppurum um þessar mundir smíðar Flóni lögina sín að mestu leyti sjálfur frá grunni - hann „pródúserar“ tónlistina eins og það er yfirleitt kallað. Félagarnir Jökull Breki og Viktor Örn koma einnig að tónlistinni, auk þess sem Logi Pedro hefur séð um að mixa. Flóni segir hljóðvinnsluforritið Logic vera hans helsta hljóðfæri við lagasmíðarnar, en forritið segir hann sérstaklega henta vinnuaðferðum sínum.

„Ég vinn ótrúlega hratt. Ég skrifa til dæmis eiginlega aldrei textana mína niður áður en ég tek upp, heldur „freestyle-a“ bara og skrifa svo út frá því. Ég er alltaf bara „catching the vibe“, að fanga það hvernig mér líður og hvernig hlutirnir eru á því augnabliki.“

sig. Á endanum var maður kominn með ákveðið „vision“ fyrir því sem maður vildi gera.“

Án þess að hafa gefið nokkuð út opinberlega fór nafn Flóna að breiðast út meðal íslenskra rappáhugamanna og óútfærin demó skiptu um hendur í tölvupóstum. „Þegar ég byrjaði að fíkta fór ég að senda á strákana eitt og eitt lag. Fljótlega voru þau svo komin í frekar mikla dreifingu. Fólk var farið að deila pökkum með einhverjum 20 demóum sem áttu aldrei að koma út. Þess vegna var fólk farið að heyra eitthvað af lögnum og velta fyrir sér hver ég væri. Þannig að ég var frekar „underground“ í byrjun,“ segir Flóni.

Síðasta sumar var nafnið svo komið í meginstrauminn þegar hann birtist sem gestalistamaður á plötu Joey Christ og var þar einnig nefndur í einu vinsælasta lagi sumarsins, Joey Cypher, en þar spyr rapparinn Birnir bróðurlega: „Hver er að passa upp á Flóna?“

Flóni sjálfur gefur lítið fyrir að það þurfi eitthvað að passa upp á hann - „það ætti frekar einhver að passa upp á Binna,“ segir hann.



Flóni Rapparinn hefur skotist upp á stjörnuhimin íslensks hip-hops með fyrstu plötu sinni. MYNDIR SIGTRYGGUR ARI

Úr listheiminum



■ Það var mikil spennan þegar Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum í vikunni. Í flokki fagurbóka hlaut Kristín Eiríksdóttir verðlaunin fyrir skáldsöguna Elin, ýmislegt. Í flokki barna- og ungmenningabóka hlutu Áslaug Jónsdóttir, Rakel Helmsdal og Kalle Güettler verðlaunin fyrir bókina Skrímsli í vanda. Í flokki fræðibóka hlaut Undur Póra Jökulsdóttir verðlaunin fyrir Undur Mývatns: -um fugla, flugur, fiska og fól. Allar bækurnar koma út undir einhverjum undirmerkjum útgáfurísans Forlagsins. Myndir frá athöfninni má sjá í Birtu í DV í dag.

■ Egill Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins og formaður Félags bókaútgefanda, flutti - venju samkvæmt - ræðu áður en verðlaunin voru afhent og var ómyrkur í máli. Hann hvatti til þess að útgáfa námsefnis yrði færð til sjálfstæðra bókaútgefenda í stað þess að þau yrðu áfram „mötuð“ af því sem ríkisútgáfan ákvæði. Þá gagnrýndi hann fjölmiðla fyrir skort á umfjöllun um bækur og bókmenntir - en tók reyndar ríkisfjölmiðlinn út fyrir sviga.



■ Og enn af verðlaunum. Ísöld Uggadóttir var um síðustu helgi valin besti leikstjórnin í flokki alþjóðlegra kvikmynda á Sundance-hátíðinni í Bandaríkjunum, einni virtustu kvikmyndahátíð heims. Ísöld frumsýndi þar fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd, Andíð edlílega. Myndin fjallar um hælisleitanda sem verður strandaglópur í Keflavík á leið sinni til Kanada.



Mér er í mun

Eitt höfuðskáld þjóðarinnar á 20. öld, Þorsteinn frá Hamri, lést um síðustu helgi, 79 ára gamall. Til að minnast skáldsins birtum við ljóð hans „Ef ég man“ úr verðlaunabókinni Sæfarinn sofandi frá 1992.

*Mér er í mun að setja heiminn saman
Það lukkast aðeins stund og stund*

*Ég raða upp í augna minna ljós
mörgu sem ég minnist
mörgu sem best ég hugði samið og sagt*

Byggi svo brýr og himna

*Strengi vel þær brýr
set stjórnur á þá himna
kveiki líf á þeim stjörnum:
verur með viðkvæma sál
og sköpunargáfu*

Stend um hrið hljóður við vegbrúnina

*minningasafnari
grunsmíður skelfinga
vonasonur*

*Og á sem snöggvast
fáa að*

Ofurhlutir, töfrar og vistfræði án náttúru

Timothy Morton Einn áhrifamesti hugmyndasmiður heims um þessar mundir talar í Safnahúsinu á föstudag.



Timothy Morton er einn áhrifamesti heimspekingur heims um þessar mundir

Kristján Guðjónsson
kristjan@dv.is



Á föstudag heldur Bretinn Timothy Morton, prófessor við Rice-háskóla, fyrirlestur í Safnahúsinu. Hann er einhver eftirtektaflesti hugsuður heims um þessar mundir og var nýlega valinn einn af 50 áhrifamestu heimspekingum heims af háskólamatssíðunni The Best Schools.

Þó að bakgrunnur hans sé í enskum rómantískum ljóðum hefur hann smám saman fært sig í átt að heimspeki og hugsun um vistfræðileg málefni. Nálgun hans er oft og tíðum óvænt, hann sækir innblástur jafnt í poppkúltúr sem hugmyndir annarra menningarheima, og er óhræddur við að búa til ný hugtök til að skýra veruleikann: „ofurhlutir“ (e. hyperobjects), „myrk vistfræði“ (e. dark ecology), „raunhyggjutöfrar“ (e. realist magic) og „möskvinn“ (e. the mesh) eru meðal hugtaka sem hann hefur kynnt í verkum

„Hann er ekki í liðinu með þeim sem eru stöðugt að skamma fólk og segja því að allt fari til helvítis ef það endurvinni ekki umbúðir.“

sínum og dreifast nú óðfluga um heim hugvísinda og lista.

Það eru ekki síst – og kannski fyrst og fremst – listamenn sem hafa gripið hugmyndir hans á lofti og hefur hann meðal annars unnið með Björk, Ólafi Elíassyni og hinum virta sýningarstjóra Hans Ulrich Obrist. Fyrirlesturinn í Safnahúsinu ber yfirskriftina „Þú ert ekki ennþá farinn að gera vistfræðilega list“ og virðist af stuttum kynningartexta fjalla um listsköpun á tímum vistfræðilegrar meðvitundar.

Blaðamaður DV fræddist um Timothy Morton hjá Sigrúnu Ingu Hrólfsdóttur, myndlistarkonu og deildarforseta myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, en hún mun stýra pallborðsumræðum eftir að fyrirlestri Mortons lýkur.

Gegn stigveldi hlutanna

Timothy Morton er í dag hvað þekktastur fyrir að velta fyrir sér þeim vandamálum sem steðja að lífríki jarðar nú á mannöld (e. anthropocene), þeim tíma í jarðsögunni þegar mannskepnan er farin að hafa afgerandi áhrif á jörðina og vistkerfi hennar, með loftslagsbreytingum, kjarnorkuúrgangi og fjöldautrýmingu annarra lífvera. Til að takast á við þetta vinnur hann á mörkum fræðigreina, snýr hugmyndum okkar um heiminn á hvolf. Nálgun hans á vistfræði er því nokkkuð óvenjuleg, að sögn Sigrúnar.

„Hann er ekki í liðinu með þeim sem eru stöðugt að skamma fólk og segja því að allt fari til helvítis ef það endurvinni ekki umbúðir. Rosalega mikið af um-

hverfisumræðunni felst í þessu, þannig að fólk er komið með gríðarlegt samviskubit þó að það eitt beri ekki ábyrgð á þessu,“ segir Sigrún.

„Morton gengst auðvitað við því að við verðum að bregðast við, taka ábyrgð og reyna að finna nýjar leiðir. En umfram allt þurfum við kannski að breyta hugsun okkar, til að geta tekið á móti þessari framtíð sem er að koma. Honum finnst dómisdagsstemningin ekkert sérstaklega gagnleg.“

Í stað þess að skammast sín hver í sínu horni þurfa manneskjur að finna nýjar leiðir til að hugsa um tengsl sín við umhverfið og alheiminn, og það er slík hugsun sem Morton reynir að þróa í verkum sínum. Hann færir meðal annars rök fyrir því að allt í veröldinni sé tengt svo óendanlega mörgum flóknum böndum að ómögulegt sé að skipta heiminum upp í mann og náttúru eða aðrar slíkar andstæður – veruleikinn sé einn stór samflæktur möskvi.

Eitt mikilvægasta verkefnið í dag álitur hann vera að rífa niður stigveldi milli mismunandi hluta í þessum möskva, milli manns og dýra, dauðra hluta og skáldaðra fyrirbæra, örvera og „ofurhluta“, það eru fyrirbæri sem eru svo dreifð í tíma og rúmi og svo abstrakt að ein manneskja getur aldrei upplifað þá sem heild. Til þess að geta þetta telur hann að endurhugsa þurfi verufræði vestrænnar heimspeki – hugmyndir um hvaða hlutir séu til og hvernig þeir séu til – sem hann segir ávallt hafa sett manninn í miðju alheimsins og aðra hluti skör neðar.

Maðurinn úr miðjunni

„Morton er einn af upphafsmönnum nýrrar hreyfingar í heimspeki sem nefnist hlutmiðuð verufræði, Object-oriented ontology, skammstafað OOO. Þessir heimspekingar eiga það sameiginlegt að þeir hafna því að heimspeki þurfi alltaf að vera í tengslum við mennska vitund og allt sé hugsað út frá manninum. Jörðin og alheimurinn var til löngu áður en maðurinn varð til og það er svo mikið sem maðurinn veit ekkert um – við þurfum að geta talað um það líka.“

Þessir heimspekingar vilja halda því fram að þessi mannmiðjuhyggja sé orsökina af öll-



Traces Úr dansverki Rósu Ómarsdóttur, Traces, sem er meðal annars innblásið af hugmyndum Timothy Mortons.

um þeim vandamálum sem við erum að glíma við núna, loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar. Sem hluti af þessu vilja þeir brjóta niður tvíhyggju náttúru og menningar – hafna því að það sé yfirhöfuð nokkur aðskilnaður milli manna og náttúru. En þeir vilja líka brjóta niður andstæðuna milli hugveru og hlutveru. Samkvæmt þeirra hugmyndum er allt bara hlutur,“ segir Sigrún.

„Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir þetta og þetta hefur verið sögð hlutgerving. En það má benda á að það er ekki verið að segja að allir hlutir hafi sömu eiginleika, ekki verið að leggja alla hluti að jöfnu, það er bara verið að segja að sumir hlutir séu ekki meira til en aðrir.“

Þessi krafa um að maðurinn hætti að hugsa um sjálfan sig sem miðju alheimsins og gangist við jafnræði hluta og fyrirbæra alheimsins, býður upp á nýstárlegan lestur á ýmsum kenningum. Í síðustu bók sinni, Humankind, skoðar Morton til að mynda hvort hægt sé að hugsa sér kenningar Karls Marx í þessu ljósi, kommúnisma sem nær ekki einungis til manneskja heldur einnig „ómennsks fólks“, eins og hann kallar hlutina.

Morton álitur eitt allra mikilvægasta tækið til að breyta hugmyndum mannkyns um stöðu sína í alheiminum vera listsköpun og fagurfræði. „Við búum í samfélagi þar sem öllu er skipt upp í deildir – lækur sérhæfir sig í einu líffæri svo dæmi sé tekið. En vandamálið er að engin ein deild nær að takast á við heildina. Þó að þar sé líka einhver skipting þá eru listirnar frjálssari en til dæmis vísindin, að fara um víðan völl og geta í raun leyft sér það sem þeim dettur í hug,“ segir Sigrún. ■

Fyrirlestur Timothy Morton fer fram í Safnahúsinu þann 2. febrúar kl. 13.30.

Skoðaðu
þjónustu
okkar á
Xprent.is

- Inni- og útimerkingar
- Sandblástursfilmur
- Striga- og ljósmyndaprentun
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Prentun á símahulstur
- Frágangur
- ... og margt fleira

XPRENT
Hönnun & Merkingar

SUNDBORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS

2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
 - 495UL Premium - 3.990.000 kr.
 - 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
 - 540UFe Excellent - 3.990.000 kr.
 - 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
 - 770CL Landhús - 5.660.000 kr.
- Fleiri gerðir einnig.*

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrít 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



**5 ÁRA
ÁBYRGÐ**
Afhentir í
Reykjavík eða
Egilsstöðum

f B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007


Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ



Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

Húsnæðið skiptist í

- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m²
- Eignin er laus fljótlega.




Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m² salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m² afgreiðsla, 40 m² skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m²

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur
eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

Helgarkrossgátan



Teikning: Halldór Andri eftir prentun bónnuð	↓	týndi	burfa-lingana	krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	vikurinn	eins um k	↓	mjakaði	köld	hnappur
húsgögn						skvettir kyrrö				
merkti				ljúga					6	
garga				keng				drykkur spássera		
gleðjast				9		skitugar	fugl			
ella				gaur bág					vælir	illgresi
meyra					fugl		hnefa			
				bjánalegar eðfestum				7		
2 eins				andstutt deig			karldýr feiti			
hátið				gljálaut				subbu	gras- toppur	8
áverka				tóntáknið	sefast gjóta			5		keyri
þekktá				10		óskiptar		3 eins innvortis		
varðandi				bilunin jafnskjött					ilát	1
				aragrúa iðka			tyggja			
kvendýr					happ litaður				tímabil	
				góma vatnsfall			útlím þjóð			kappnæg
ummerki				tæmd lána			4	nóg	óðagot	2
				fremur bilfær				venslaðar		
haf				soppa				espi		
skjöl				3			pirraðan			

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

2	4	3			1			5
		1		9				4
	7					8		
9			4	5			2	7
		5	8			6		
	6			7		9		
	3		5					
8		2		1			3	
1	9						8	

Erfið

8			2	7	4	9		
		4	8			2		6
		5		9				4
6	4			8				
9	5		7	4				8
				1				
			4	6				2
	7	2					9	
	1				7			

Verðlaunagáta


Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hallfríður Frímansdóttir
Sólheimar 14
104 Reykjavík

Lausnarorðið var **KAFFITÁR**
Hallfríður hlýtur að launum
bókina Fiskur af himni



Verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins
eru bókina Njósnaðinn

Þegar Mata Hari kom til Parísar var hún allslaus en ekki leið á löngu þar til hún var lofsungin sem helsta glæsikvendi borgarinnar. Hún var dansmætur sem hneykslaði og heillaði áhorfendur, gjálfiskona sem lagði álög sín á valdamestu menn samtímans og átti trúnað þeirra. En á styrjaldartímum grípur vænisýki um sig og lífsstíll Mata Hari kveikti grunsemdir. Árið 1917 var hún handtekin og sökuð um njósnað.

Njósnaðinn er saga Mata Hari, sögð í síðasta bréfi hennar, ógleymanleg saga af konu sem þorði að brjóta siðalögmál samtíma síns og þurfti að gjalda fyrir það.

Paulo Coelho finnur innblástur fyrir bækur sínar í eigin lífi. Hann hefur daðrað við dauðann, fitlað við fíkniefni, þolað pyntingar, fengist við galdra og alkemisma, sökkt sér niður í heimspeki og trúarbragðafræði, misst trúna og fundið hana aftur og upplifað sársauka og nautn ástarinnar. Þekktasta skáldsaga hans, Alkemistinn, hefur selst í yfir 65 milljónum eintaka og enginn lífandi höfundur hefur verið þýddur á fleiri tungumál. Hann hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín.

Krístín Svava Tómasdóttir þýddi.

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu

Húseining framleiðir smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili eða sumarhús sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is



SMART - einbýli

Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti. Smart einbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi. Verð við verksmiðjudyf fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.



KLASSIK - einbýli

Fjöl margar stærðir og útfærslur tryggja hagkvæmt fullbúið einbýlishús eftir þínum óskum. Fjöldi teikninga. Gott úrval klæðninga, vandaðir veggir og gluggar tryggja góða endingu.



SÓL - sumarhús


Fjöl margar stærðir og skemmtilegar útfærslur tryggja þér vandað, vel einangrað sumarhús á góðu verði.



KÓSÝ - smáhýsi

Hin vinsælu smáhýsi okkar hafa verið framleidd árum saman og fást í fjölmörgum útfærslum eftir þörfum hvers og eins.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.
- Verð og gæði í fyrirrúmi.



**HANNAÐ OG BYGGT
FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR**

**SMART EINBÝLI: NÝTT
EINBÝLISHÚS FYRIR
22,7 MILLJÓNIR**



Íslenskar konur leysa frá skjóðunni

Vandræðalegar kynlífssögur ■ Párið sem kveikti í rúminu og konan sem fékk glóðarauga

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@pressan.is



Flestallir fullorðnir einstaklingar stunda kynlíf reglulega hvort sem það er með maka sínum eða einnar nætur gaman. Yfirleitt gengur athöfnin nokkuð vel fyrir sig en þó koma skipti þar sem gamanið getur snúið yfir í hrikalega vandræðalega stund sem fólk vill helst aldrei ræða aftur.

DV hafði samband við nokkrar íslenskar konur sem voru tilbúnar til þess að segja frá vandræðalegum atvikum sem þær hafa lent í meðan á kynlífi stóð. Sögurnar eru í senn skemmtilegar og vandræðalegar. Við gefum konunum orðið:

Ég endaði með manni heima eftir eitt djammíð og í miðjum klíðum er ég ofan á honum og sný baki í hurðina. Labbar þá ekki mamma hans inn og fer að garga á hann hvaða stelpa þetta sé eiginlega og öskrar bara á hann. Mér hefur aldrei liðið jafn illa og þá!



Við vorum að stunda kynlíf og dóttirin sofandi inni í herberginu hjá okkur. Allt í einu heyrst í henni: „Ekki svona læti, mamma.“



Það var eitt skipti með einum fyrrverandi kærasta þar sem við vorum á fullu yfir allt rúmið og herbergið. Við vorum með ljósin slökkt upp á blygðunarkennd fróken feiminnar hérna. Við kveiktum svo ljósið eftir apaleikinn og fróken feimin leið næstum út af vegna blóðflæðis upp í höfuð því hún hafði byrjað á túr þarna í miðjum klíðum, og rúmftin voru sko ekki mjög hvít lengur.



Við kveiktum einu sinni í rúminu okkar í miðjum klíðum! Við vorum með kertaljós aðeins of nálægt og rúmið endaði logandi! Þegar búið var að slökkva eldinn var líka búið að slökkva í okkur!



Ég var kasólétt og eins og gengur og gerist þá hafa menn þarfir. Við erum í miðjum klíðum þegar dyrunum er skellt hressilega upp! Kemur elsta barnið, þá 4 ára, inn og segir: Mamma, hvað gengur hér á?! Ég var ofan á honum og ekki alveg sú meðfærligasta svona kasólétt! Við reynum á fullu með hjartað í buxunum (sem voru ekki til staðar) að ýta mér af og í leiðinni að reka hana inn í herbergi! Ég held að við séum skemmdari en barnið eftir þessa lífsreynslu!



Fyrsta skiptið okkar saman. Við erum bæði heima í sveit í jólafrí, þekkjum til hvort annars en erum engir vinir. Við erum búin að vera að spjalla mjög lengi þegar við ákveðum að fara saman á rúntinn. Hann sækir mig og við rúntum um alla sveitina en leggjum bílnum svo aðeins afsíðis. Við kyssumst og knús-umst og vindum okkur í það besta en eftir smá stund fatta ég að ég er að byrja á blæðingum. Einmitt besta momentíð!



Ég stoppa og læt hann vita en segi við hann að mér sé sama ef honum sé sama, honum var sama! Eftir buxna- lausa partið hins vegar sáum við að það hafði komið blettur í sængina sem hann hafði lagt undir okkur og þá hófust þessar samræður:

KK: „Veistu hvernig maður þvær svona sængur? Má ekki henda þeim í þvottavél?“ Kvk: „Jú, það ætti að standa á þvottaleiðbeiningunum bara.“ KK: „Ókei, æ, þetta er sængin hennar mömmu.“ Kvk: „Hvað ertu að gera með hana í ... og þá rek ég augun í útsaum- uðu púðana sem eru í flestum sætum bílsins ásamt heklaða speglaskrautinu sem hékk með iltásunni frammi. Ómægod, þetta er bíll mömmu þinnar, er það ekki?“ KK: „... jú.“

Við ákváðum að þetta yrði bara gert einu sinni, kvödd- umst með þeim orðum að segja engum frá þessu og að þetta yrði bara okkar á milli. Tveimur börnum síðar höfum við staðið fast við þetta og látið bíl tengdó algjörlega ósnertan! Ég skammast mín samt mest fyrir það að greyið tengdamóð- ir mín hafi þurft að sofa með þessa sæng svona. Hann nefni- lega ákvað bara að þurrka hana með blautri tusku þegar hann kom heim!



Ég mun ALDREI gleyma skelfingar- svipnum á átta ára stráknum mínum þegar hann labbaði inn í stofu um daginn með tárin í augunum og sagði: „Pabbi, hvað ertu að gera við þjöll- una hennar mömmu? Mamma, er allt í lagi? Er pabbi nokkuð vondur við þig?“ Ég hugs- aði alltaf með mér að barnið mitt myndi sko ALDREI labba inn á okkur, þannig ég hef aldrei hugsað um hvað ég myndi segja ef það gerðist. Ég veit ekki enn þá hvað ég á að segja honum!

Ég fór einu sinni til fyrrverandi kærasta míns (voru búin að vera hætt saman lengi). Ég var á túr og var með túrtappa, við enduðum á því að stunda kynlíf í rúminu hjá mömmu hans með túrtappann enn- þá inni í. Eftir kynlífið fer ég á klósettið og reyni að finna túrtappann og fer með höndina upp en fann hann ekki. Ég varð alveg þínu hrædd og hélt ég þyrfti að fara til lækn- is en ætlaði samt að bíða í smá stund og athuga hvort hann kæmi þá ekki bara sjálfur niður. Ég fór svo bara heim en daginn eftir var ég að tala við litlu systur hans og hún tjáði mér það að mamma hans hafi fundið notaða túrtappann minn í rúminu hjá sér! Ég hef sjaldan skammast mín svona mikið!




Ég var niðri á kallinum þegar eldri sonur minn labbar inn. Ég þyrfti að henda mér á fætur og með hann inn í herbergi án þess að snerta hann því hendurnar mínar voru ... mengaðar ... Ég kyssti hann ekki góða nótt þetta kvöld.

Ég var einu sinni á djamm- inu fyrir mörgum árum. Ég var með mjög stutt hár og lang- aði að vera svaka þæja þetta kvöld og ákvað því að vera með hárkollu. Allavega, þegar ég var orðin vel drukkin endaði ég inni á klósetti með manni. Í öllum hamaganginum rífur hann í hárið á mér og ég gleymi sennilega aldrei svipnum á manninum. Standandi úti á gólfi með buxurnar á hælunum og HÁRIÐ mitt í hendinni!



Ég var einu sinni ofan á fyrrverandi og við vorum á brúninni. Við ætluðum að skipta um stöðu ég hallaði mér í vitlausu átt og lenti á andlitinu! Ég græddi flott glóðarauga á því að lenda à nátt- borðinu. MJÖG VAND- RÆÐALEGT!!

Ég átti einu sinni kærasta og var í heimsókn heima hjá honum og for- eldrum hans. Við vorum ein heima þannig við ákváðum nú að nýta tækifærið, gam- anið byrjar og við vorum inni í herberginu hans. Ég er ofan á og sný að hurðinni. Allt í einu opnast dyrnar og var það ekki stjúpabbi hans sem ætlaði að koma til þess að tala við hann. Skelfingarsvipurinn á pabban- um og kærastinn minn snapp- aði og öskraði á hann að fara út á meðan hann kastaði mér af sér. Ég held að greyið kall- inn hafi séð allt! Hann skellti dyrunum aftur, við heyrum hratt fótatak upp stigann, úti- dyrahurðinni skellt og brunað í burtu á bílnum. Ég lá í hlát- urskasti á gólfinu og kærastinn var mjög vandræðalegur. Svona voru fyrstu kynnin hjá mér og tengdapabbanum í þessu sam- bandi. Fjölskyldukvöldmatur- inn þetta kvöldið var mjög vandræðalegur!



Við fyrrverandi vorum í rúm- inu og þá labbar mamma hans inn, hún skellir aftur dyrunum. Við ákváðum að halda áfram og eftir um það bil fimm mín- útur bankar pabbi hans á dyrnar og spyr okkur hvort við séum ekki örugglega að nota smokk- inn, annars ætti hann einn í skúffunni!

Til hamingju með 2017



Síldarvinnslan hf

PERFORMIS



brautir &
gluggatjöld ehf.

fagtaekni



Heimkynni ehf.
leiguíbúðir

ÖRYGGISGIRÐINGAR



TSA ehf

Brekkustíg 38 · 260 Njarðvík · Kt. 711207-1710
Símar 421-2788, 896-2788 & 894-0354

Fax 421-6288 · Netf. tsa@tsa.is · Veff. www.tsa.is



FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.

Oðingsgötu 4 • 101 Reykjavík • Sími 570 4500 • Fax 570 4505
www.fastmark.is • fastmark@fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali



SAMvirkni
- á sama grunni



Framúrskarandi
fyrirtæki

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir
Hefur getið sér gott orð hér heima og erlendis með úrum og fleiri vörum undir merki Gyðja Collection.



Lítt þekkt ættartengsl

Gyðjan og Píratinn

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, eigandi hönnunarmerkisins Gyðja Collection, hefur getið sér gott orð fyrir vörur sínar, bæði hér heima og erlendis. Í vikunni setti hún nýjustu vöru sína í sölu og þá hefur hún einnig boðið upp á ferðir fyrir konur til Balí og Karíbahafsins sem bjóða upp á sjálfstýrkingu og leiðir til að láta draumana rætast.

„Litla systir“ Sigrúnar Lilju er Dóra Björt, 2. varaþingmaður Pírata í Suðvesturkjördæmi og stjórnarkona í Solaris, hjálpar samtökum fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi. Dóra Björt er heimspekingur og alþjóðafreðingur og stundar núna nám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum. Í fyrra bjó hún í Brussel þar sem hún var í starfsnámsstöðu hjá Evrópuþingmanni Pírata, Juliu Reda, á Evrópuþinginu.

Systurnar hafa valið sér gjörólíkan starfsvettvang í lífinu, sem báðir eru þó þess eðlis að þær hafa mikil samskipti við aðra einstaklinga og koma reglulega fram í fjölmiðlum. En þrátt fyrir ólíkan starfsvettvang og sjö ára aldursmun eru þær einstaklega samrýndar og leita oft ráða hjá hvor annarri.



Dóra Björt Guðjónsdóttir

Rautt spjald ef þú drekkur rauðvín við stofuhita

Logi Geirsson stofnaði Facebook-hóp um rauðvín sem hefur slegið í gegn

Fyrir tæpum tveimur vikum stofnaði handboltakempan Logi Geirsson Facebook-hópinn Rauðvín á Íslandi. Óhætt er að segja að framtakið hafi slegið í gegn því um 1.000 manns hafa skráð sig í hópinn og umræðurnar eru fjörugar. Notendur eru að mæla með vínunum sem og að óska eftir ráðleggingum og er Logi óþreypandi við að deila úr vísukubrunni sínum ásamt öðrum áhugamönnum. „Vinsældir síðunnar hafa komið mér ánægjulega á óvart. Ég vona að það fjölgi enn frekar í hópnum og þarna geti fólk spurst fyrir um vín og fengið ómetanlegar ráðleggingar. Það eru allir velkomnir og það er ánægjulegt að sjá að þetta virðist vera þverskurður af samfélaginu,“ segir Logi.

Komst á bragðið í Þýskalandi

Logi er þeirrar gerðar að þegar hann fær áhuga á einhverju þá tekur hann það alla leið og það á svo sannarlega við um rauðvín. „Ég fékk áhuga á rauðvíni árið 2006 en þá bjó ég í Þýskalandi, þar sem vinnmenningin er mikil. Það var aðallega einn besti vinur minn, sem er ítalskur, sem kom mér á bragðið,“ segir Logi. Síðan þá hefur hann lesið ógrynni bóka um rauðvín sem og auðvitað drukkið ófá glösin. „Ég leita oft til vinar míns, Aðalsteins Arnars Jóhannessonar, sem er yfirburðsfróður, ef það væri til landslið í vínsmökkun þá væri hann fyrirliði.“

segir Logi, sem segist dreyma um að gefa út bók með Aðalsteini.

„Addi er snillingur í að para saman mat og vín. Það er eitthvað sem er mörgum hulið en það tekur bæði vín og matinn á næsta stig að mínu mati,“ segir Logi. Slík þekking er þó iðulega fyrir lengra komna en Logi segir að hann verði alltof oft var við að fólk sé að gera grundvallarmistök í rauðvínshöfðunni. „Til dæmis eru margir að drekka rauðvín við stofuhita, 22–24 gráður. Það er bara rauða spjaldið hjá mér,“ segir Logi og útskýrir að það sé himinn og haf milli þess að drekka rauðvín við stofuhita eða á kjörhitastigi sem er iðulega 15–18 gráður.

„Markmiðið er að inni á síðunni getir þú fengið svör og ráðleggingar við öllum þessum spurningum. Til dæmis hvernig best sé að geyma vín, af hverju það þurfi að forða flöskunum frá birtu og hvaða árgangar séu betri en aðrir. Þá er líka ætlunin að mæla með tilteknum flöskum með ákveðnum matartegundum,“ segir Logi, sem er spenntur fyrir framhaldinu.

Athygli vekur að margir þekktir íþróttamenn eru mjög virkir í hópnum, til dæmis knattspyrn-

Logi Geirsson Facebook-hópurinn, „Rauðvín á Íslandi“ sem hann stofnaði í janúarlok hefur slegið í gegn.



umaðurinn Emil Hallfreðsson og handboltakapparnir Björgvin Páll Gústavsson og Patrekur Jóhannesson. Það er því ekki hægt annað en að spyrja hvort afreksíþróttamenn kunni betur en aðrir að

njóta lífsins lystisemda. „Já, ætli það ekki. Menn þurftu að snúa sér að einhverju öðru eftir að Ísland datt út af EM í handbolta og þá var rauðvíninu augljós valkostur,“ segir Logi kíminn. ■

Þrjár eftirlætis rauðvínstegundir Loga

DV fékk Loga til þess að velja þrjár eftirlætisvínstegundir sínar. Hann lét vaða eins og honum einum er lagið en tók þó fram að stemningin og maturinn sem borinn er fram með víninu hafi oft mikið að segja um upplifunina.

1. 1000 Stories Zinfandel. Þetta vín frá Bandaríkjunum valdi ég sem vín vikunnar í Facebook-hópnum. Það fæst í Friðhöfninni og í flestum vínbúðum. Þetta er geggjað vín. Áhugasamir geta nálgast ítarlega umsögn um það á síðunni.

2. N°1 Saint-Cernin - 2016. Ég var svo heppinn að fá að smakka nýja víninu hans Róbert Wessman og það er algjör bomba! Ég veit ekki hvort það komi á markað í herlendis en það er svakalegt. Allir þurfa að eignast svoléiðis flösku.

#3. Trapiche Gran Medalla Malbec 2014. Þetta vín er frá stærsta og elsta vínhúsi Argentínu og hefur spilað lykilstutverk í að koma argentínskum vínunum á kortið. Algjörlega geggjað vín.

„ÉG VÆRI ÓSÁTTUR EF MAKINN STUNDAÐI MANNÁT SEM ÁHUGAMÁL“

Fjölmiðlamaðurinn og skemmtikrafturinn **Auðunn Blöndal** er á leið til Suður-Ameríku ásamt félögum sínum að taka upp Suður-ameríska drauminn, en þeir eru nýbúnir að setja þættina Steypustöðin í sýningar. Hann gaf sér þó tíma milli skemmtipáttanna til að setjast niður og sýna lesendum DV á sér hina hliðina og svara nokkrum undarlegum spurningum.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Auðunn? Er nú nokkuð sáttur við Auðunn bara. Veit að ég átti að heita Daniel á sínum tíma, Danni Blö hefði alveg sloppið líka.

Hverjum líkist þú mest? Væri til í að segja Jason Statham, en fæ oftast að ég sé líkur móðir minni sem er ekki verri kostur heldur.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Asnlegt að segja betri en aðrir, en mundi telja minn helsta kost í fjölmiðlum að finna hvað virki og hvað ekki.

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Spænsku.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund krónum á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Mundi líklegast hoppa í næstu golfverslun og það tæki um þrjár mínútur að eyða þeim!

Hvað viltu að standi skrifað á legsteininum þínum? Það var kominn tími á hann.

Sex ára barn spyr þig hvort að jólasveininn sé til. Hvernig svarar þú? Hvað ertu að spyrja mig krakki? Ræddu þetta við foreldra þína.

Hvernig myndirðu lýsa litnum gulur fyrir blindum manni? Það er góð spurning. Mundi reyna að breyta um umræðuefni, sennilega.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Crazy Bastard (sem yrði orðið þreitt á þriðju innkomu).

Hvaða lag hefðir þú viljað hafa samið? White Christmas upp á stefgjöldin.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Tubthumping með Chumbawamba. Mér til varnar að þá var ég 17 ára á Benidorm þegar það var upp á sitt vinsælasta.

Ef þú þyrftir að dansa til að bjarga lífinu, undir hvaða lagi myndirðu vilja dansa? Beat it, eini dansinn sem ég kann.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Cable Guy og Dumb and Dumber.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Svartar gallabuxur með tveimur hvítum röndum á hliðunum. Horbjóður!

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? 30 Rock og Parks and Recreation.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sösludag? Nei, og er með þann kvilla að skoða alltaf síðasta sösludag á öllu sem fer ofan í mig.

Hvað er það furðulegasta sem þú hefur keypt? Rauður Hyundai Coupe á 100% láni.

HIN HLIÐIN



Auðunn Blöndal
Hefði viljað semja White Christmas upp á stefgjöldin.

Hvert er versta hrós sem þú hefur fengið? Ert ekkert það leiðinlegur.

Heilsarðu frægum Íslendingum úti á götu, þótt þú þekkir þá ekki persónulega? Já, held að maður nikki nú oftast ef maður kannast við einhvern.

Hvaða ósíd hefur þér reynst erfiðast að hætta? Að taka í vörina.

Hverju laugstu síðast? Örugglega einhverri spurning hérna að framan.

Um hvað geta allir í heiminum verið sammála? Jafnrétti.

Hvaða áhugamál myndirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Mannát.

Á hvern öskradirðu síðast? Örugglega Steindu.

Hvaða einstakling finnst þér þú þekkjast best við? Alex Ferguson.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Þegar það er einhver sem á eftir að setja á sig beltið í bílnum.

Hvaða frægu persónu leistu upp til en sérd eftir því í dag? Sé ekki eftir neinni, en viðurkenni að það var erfið að horfa á heimavídeo Courtney Love af „æðolinu“ Kurt Cobain í heróínvímu með krakkann sinn.

Hver er mest kynsandi teiknimyndpersónan? Ætla nú ekkert að fara að opna mig með það ...

Hvaða viðburð sérdú mest eftir að hafa misst af? Michael Jackson á tónleikum og úrslitaleik United í meistaraeldinni 1999.

Hvaða tveir hlutir eru hræðilegir hvor í sínu lagi en frábærir saman? Gin og tónik.

Í hvaða íþróttgrein finnst þér að keppendur ættu að leika ólvaðir? Skák.

Hvað verður orðið hallærislegt eftir fimm ár? Að vera með rakað í hliðunum og „manbun“. Eða bara ég svekkur að geta ekki tekið þátt í því.

Hvaða teiknimyndpersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Cartman.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að hlæja.

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerradi? Gaman að sjá þig!

Ef þú værir ritstjóri dagblaðs og sama daginn myndi Lagarfljótsmurmurinn finnast, Frikkí Dór vinna Eurovision fyrir Íslands hönd og Donald Trump verða myrtur. Hver væri stærsta fyrirsögnin í blaðinu þínu daginn eftir? Mundi peppa Frikká Dór!

Ef þú kæmir einn daginn heim úr vinnunni og þar væri enginn nema Leoncía í sturtu, myndirðu hringja í lögregluna? Nei, nei, mundi bara fara yfir gærkvöldið aðeins betur í hausnum á mér.

Hver er tilgangurinn með þessu jarðlífi? Það er góð spurning – njóta þess.

Hvað er framundan um helgina? Erum að fara til Suður-Ameríku að taka upp Suður-ameríska drauminn.

SUPERBOWL

Sunnudaginn 4. febrúar

LEBOWSKI BAR

23:30-04:00



★
5 Full HD
skjávörpar

★
Tilboð á
sérstökum réttum
milli 23:00-01:00



VS.



Lebowski
BAR

LAUGAVEGI 20A - INFO@LEBOWSKIBAR.IS - S:552-2300

Atli Rafn fótó-sjoppaður burt

■ Forsala á leiksýningu Borgarleikhússins á Rocky Horror hófst á fimmtudaginn og hefur leikhúsið því auglýst sýninguna grimmt á Facebook. Athygli vekur að búið er að „fótósjoppa“ **Atla Rafn Sigurðarson** leikara af plakötum verksins. Atli Rafn átti að leika krypplinginn Riff Raff í sýningunni og var því nokkuð fyrirferðarmikill á plakatinu. Atli Rafn var rekinn úr Borgarleikhúsinu í desember vegna ásakana um kynferðislega áreitni. Andstæðingar #metoo-umræðunnar hafa líkt hreyfingunni við hreinsanir Stalíns. Þótt slíkar líkingar séu að mati flestra ósmekklegar þá minnir þessi gjörningur leikhússins óneitanlega á Stalín, sem fjarlægði andstæðinga sína af myndum líkt og þeir hefðu aldrei verið til.



„Þetta er svo sorglegt mál“

■ **Catalina M. Ncogo**, eða Svarta perlan tjáir sig á Snapchat um hið hræðilega niðingsmál sem greint var frá í vikunni. Guðmundur Ellert sem hefur starfað með börnum um tuttugu ára skeið hefur verið kærður fyrir kynferðisofbeldi gegn pilti og öðrum börnum. Fyrst var maðurinn kærður fyrir kynferðisbrot árið 2013 vegna brota sem áttu að hafa átt sér stað á árunum 2000 til 2006. Maðurinn hélt áfram að starfa fyrir barnavernd og fékk ekki upplýsingar um kæruna frá lögreglu. Catalina birti frétt Stöðvar 2 á Snapchat reikningi sínum. Segir hún málið vera allt hið sorglegasta. Hún kveðst þó vita lausnina til að draga úr kynferðislegri misnotkun. Catalina varð alræmd á Íslandi í ársbyrjun 2009 í kjölfar fréttar af umfangsmikilli vændisstarfsemi sem hún rak á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Catalina segir á Snapchat: „Sorglegt hversu margir eru veikir í höfðinu. Ísland þarf á fylgdarþjónustum að halda, það mun hjálpa landinu að stöðva allt þetta veika fólk. Þetta er svo sorglegt mál.“



Catalina á Bessa-staði?

Loki

Klara borgaði og tók utan um handrukkarann

Á þriðjudag greindi DV frá máli Klöru Ólafar Sigurðardóttur, 54 ára gamallar einstæðrar móður, sem neyddist til að borga handrukkurum 150 þúsund króna skuld sonar síns. Sonur hennar er sautján ára gamall, með þroskahömlun og hefur þvælst um í barnaverndarkerfinu lengi.

Hann hefur verið í neyslu í eitt ár og skuldaði tvítugum fíkniefnasala peninginn. Þegar sá maður lést fyrir skemmstu fékk sonurinn símtal frá æðri mönnum í glæpahringnum með hótun um ofbeldi ef hann greiddi ekki skuldina innan viku. Klara greindi DV frá því að dreng-

urinn hafi ekki gert sér grein fyrir alvarleika málsins og biðlaði til fólks að fara varlega í þessum málum.

DV talaði við Klöru aftur daginn eftir til að spyrjast fyrir um hvernig uppgjörð hefði farið fram. Upphaflega ætluðu tveir vinir hennar að fylgja henni en málið æxlaðist þannig að hún mætti handrukkurinum ein. „Ég talaði við þann sem ég átti að hitta og bauð honum að koma inn til mín og ræða málin. En hann vildi það ekki. Hann hefur sennilega verið hræddur um að það væri eitthvert lið hjá mér sem myndi mæta honum.“

Fór svo að Klara gekk að bílaplani

við næstu blokk frá hennar þar sem hún var búin að mæla sér mót við handrukkarana. „Einn stóð á planinu en annar beiddi eftir honum í bíl. Ég rétti honum peningana í klemmu og hann taldi þá.“ Klara segir að sá sem hún talaði við hafi sennilega verið á bilinu 25 til 26 ára og Íslendingur. „Hann var mjög lúpulegur og aumingjalegur. Ég hefði ábyggilega getað lamið hann sjálf. Þetta var einhver milliliður, sá sem átti skuldina passaði að láta ekki sjá sig.“

Þegar afhendingu peninganna var lokið gerði Klara nokkuð óvænt. „Ég tók utan um hann og sagði: Farðu varlega í lífinu. Hann titraði



Klara Ólafar Sigurðardóttir „Þið skuluð ekki snerta drenginn eða mína fjölskyldu aftur.“

bara og skalf. Jafnframt sagði ég við hann að ef ég heyrði múkk frá þeim aftur og ef drengnum yrði hótad þá færi ég lengra með þetta. Þið skuluð ekki snerta drenginn eða mína fjölskyldu aftur.“ ■ kristinn@dv.is

JKE DESIGN
ELDHÚS | BAÐ | FATASKÁPAR

JKE Design er danskt vörumerki sem býður upp á einstaklega breiða línu í innréttingum í hæsta gæðaflokki.

Við völdum „JKE eldhús“
-Lilja og Atli Fannar

Sjá meira á www.byko.is

ÍSLENSKA
ÁNÆGJUÖGIN
1.sæti*

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

2017
Framúrskarandi fyrirtæki

Nýtt blað

JKE innréttingar, Alessi, RCR kristall, ruslafötur með snertilausri opnun, tússtöflumálning, litur mánaðarins, ryksugur, háþrýstidælur, bílavörur, parket, flísar og ljós - eitthvað fyrir alla!

Skoðaðu á byko.is

Auðvelt að versla á byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Fermingar

2. febrúar 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgbór Sverrisson / agustb@dv.is





VEISLUPJÓNAR


Láttu þjóninn um atið og vertu þátttakandi í eigin veislu

Það sem gerist þegar þú færð þjón í veisluna er að þú færð loksins tækifæri til að taka fullan þátt í eigin veislu. Þú nýtur þess betur að halda veisluna, verður betri gestgjafi sem blandar geði við gestina og skemmtir þér með þeim í stað þess að vera sífellt að hlaupa til, fylla á veitingar og þess háttar.

Fólk sem fær þjóna til sín í fyrsta skipti upplifir mikinn létti og oftar en einu sinni hefur það spurt mig hvers vegna í ósköpunum því hafi ekki dottið þetta fyrir í hug! Ódagotið og stressið við veisluhald hverfur og allt verður svo mikið skemmtilegra og þægilegra,” segir Eva Rós Gústavsdóttir, eigandi fyrirtækisins Veislupjónar.

Eins og margar góðar viðskipta-hugmyndir fæddist hugmyndin að fyrirtækinu fyrir tilviljun:

„Þetta byrjaði vorið 2014 með því að við vinkona mín fórum fyrir tilviljun að þjóna saman í fermingarveislu í Garðabæ. Ég hafði unnið eitthvað áður sem þjónn á veitingahúsum en okkur fannst þetta eitthvað svo notalegt verkefni að við byrjuðum að velja því fyrir okkur hvort hægt væri að gera meira af þessu. Við bjuggum til Facebook-síðu þar sem við auglýstum þjónustu okkar. Upp frá því vorum við bókaðar í fyrstu brúðkaupsveisluna og svo fór boltinn að rúlla. Veislupjónarnir mæta í alls konar veislur og samkvæmi og við sendum einnig þjóna út á land ef þess er óskað,” segir Eva, sem hefur m.a. tekið að sér brúðkaupsveislur fyrir erlenda ferðamenn, árshátíðir, stórafmæli og ótal fermingarveislur svo fátt eitt sé nefnt.



Aðstoða líka við undirbúning og frágang ef þess er óskað

Eva Rós rekur fyrirtækið ein í dag en er með allt að 30 manns á sínum snærum, lipra og góða þjóna, sem vinna mismikið eftir því hvað álagið er mikið hverju sinni.

En hvað er innifalið í þjónustunni?

„Þegar þjónustan er pöntuð býð ég upp á ráðgjöf varðandi ýmislegt sem tengist veisluhaldinu. Til dæmis uppsetningu, innkaup, hvað á að kaupa inn mikið af gosi og hvað mikið af mat o.s.frv. Þjóninn getur mætt fyrir á veislustaðinn, hvort sem um er að ræða heimahús eða veislusal, og aðstoðað við að stilla upp. Síðan er bara gengið í þau verk sem þarf að vinna. Uppvask og frágangur er sjálfsgátt mál og við höfum meira að



segja staðið yfir pottum í miðri veislu. Við þjónum síðan auðvitað til borðs ef það á við, ef það er hláðborð sjáum við um að fylla á það, stillum upp kaffi

og því sem þar fylgir, og einfaldlega gerum það sem þarf að gera svo að gestgjafarnir fái notið sín.

Við aðstoðum einnig við frágang eftir veislu ef þess er óskað. Um þetta allt má semja fyrir fram en ég held því líka alltaf opnu að fólk geti samið á staðnum um hve lengi manneskjan á að vera til aðstoðar.”

Það hljómar óneitanlega eins og veislupjónn geti gert fermingarveisluna skemmtilegri, ánægjulegri og miklu auðveldari í framkvæmd!

Nánari upplýsingar eru á Facebook-síðunni www.facebook.com/veislutjonar/, einnig má senda fyrirspurn á netfangið veislutjonar@veislutjonar.is eða hringja í síma 692 8981.



FERSKARI FERMING

T O K Y O 〰️

Skoðaðu úrvalið af veislubökkum hjá okkur.
Við útbúum bakka jafnóðum með 48-64 bitum.

*Við bjóðum líka upp á gómsætan **vegan** veislubakka.

#SUSHIÁST



TOKYO.IS

REKSTRARVÖRUR:



Að gera góða veislu glæsilega

Rekstrarvörur bjóða upp á eitt mesta úrval landsins af dúkum, serviettum, yfirdúkum, kertum og öðrum borðbúnaðarvörum til að gera fallegt borðhald glæsilegt. Að sögn Einars Kristjánssonar, sölustjóra Rekstrarvara, er fyrirtækið stolt af úrvalinu og persónulegu þjónustunni sem er þess aðalsmerki.

„Við aðstoðum fólk við val á öllu sem fæst í versluninni og út frá fjárhagslegu svigrúmi hvers og eins. Þarfir og smekkur fólks er mismunandi og við teljum okkur geta sinnt öllum af kostgæfni. Nú er fermingarundirbúningurinn í fullum blóma og Rekstrarvörur eru með það sem til þarf, hvort sem um kaffi- eða matarboð er að ræða. Hjá okkur starfar fagfólk sem getur veitt viðskiptavinum faglega ráðgjöf. Auk þess er starfsfólkið okkar almennt með mikla reynslu og leiðbeinir fólk við valið. Við erum þjónustufyrirtæki, hingað leitar fólk eftir þjónustu sem við veitum af gleði en þú getur líka skoðað þig um í friði ef þú kýst svo.“

Smart serviettur og dúkar

„Oft eru það fermingarbornin sjálf sem velja þema og liti veislunnar sinnar, það skiptir oft meginmáli, en aðrir taka ekki afstöðu til slíks og láta foreldrana allveg um undirbúning veislunnar. Sumir velja að vera jafnvel með liti sem einkenna uppáhalds íþróttaliðið, sem getur verið skemmtilegt



þema. Það er virkilega gaman að geta boðið upp á svona mikið úrval lita því þá geta allir fundið lit við hæfi. Serviettur eru til í ótal litum, misþykkar og í ýmsum stærðum.

Við erum með ótrúlegt úrval af smart dúkum og serviettum í mörgum litum frá Duni og Tork sem gera góða veislu glæsilega. Hjá okkur fást einnig vönduð kerti frá Bolsius, sem eru bæði smart og á góðu verði. Allir litir eru vinsælir en hvítt, svart og grátt er klassískt og erum við einnig

með látlausar gestabækur frá Múlalundi í svörtu og svo hvítu. Það er þægilegt að grípa eina slíka með sér í innkaupunum; allt á einum stað,” segir Einar.


Allt nema matvaran!

Einar nefnir að fallegir yfirdúkar setji svo punktin yfir



glæsilegt veisluborð en það er einnig hægt að leika sér með þá dúka, sem eru töff og úr flottu efni, og nota sem renninga á borðið eða til að pakka inn gjöfum.

„Rekstrarvörur er með allan borðbúnað sem þarf til þess að slá upp veislu, hvort sem um er að ræða fermingarveislu eða huggulega veislu í sveitinni,” segir hann. „Suma viðskiptavinum vantar bara slíkt; þ.e. glös, diska og annað í þeim dúr. Við erum



með allt frá góðum vörum á hagkvæmu verði og upp í hágæðavörur. Hér fást t.d. kristalssglös og svo líka flott plastglös, enda vilja sumir bara hafa einnota borðbúnað og henda öllu þegar veislunni lýkur, ekkert uppvas og vesen! Frauðformin okkar geta verið mjög skemmtileg og handhæg lausn undir t.d. súpur, en það hefur verið mjög vinsælt í veislum hvers konar. Það má segja að þú færð allt í verslun Rekstrarvara til að gera góða veislu glæsilega – nema matinn“

Rekstrarvörur, Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík. Sími: 520 6666. Verslunin er opin virka daga kl. 8.00 - 18.00 og laugardaga kl. 11.00 - 15.00



Grillað á staðnum og enginn þarf að vaska upp

GRILLVAGNINN Í FERMINGARVEISLUNA

Vinsælast hjá okkur í dag er heilgrillað lambalæri og grillaður kjúklingur. Með þessu eru gjarnan ostagratin-kartöflur, salat með fetaosti, bernaise-sósa og rauðvínssósa," segir Svanur Hafsteins-son, eigandi Grillvagnsins, sem hefur boðið upp á veisluþjónustu síðan árið 1990. „Allur undirbúningur fer fram í stóreldhúsi okkar í Mosfellsbæ, ekið er á veislustaðinn og klárað að elda í bílum sem búnir eru fullkomnu eldhúsi.“ Starfsemin hófst með einum grillvagni en í dag hefur fyrirtækið yfir að ráða sjö misstórum grillbílum og tveimur grillvögnum, og veitir ekki af.

„Þegar mest er að gera í fermingunum náum við að taka 10–12 veislur á dag með þessum flota enda eru veislurnar ekki allar á sama tíma sem betur fer,“ segir Svanur. Hann segir marga eiga erfitt með að trúá því að Grillvagninn bruni í hlað um hávetur og menn taki til við að grilla lamb úti í kuldanum en þetta er í boði í öllum veðrum.

„Síðan förum við inn í hús og setjum upp borð þar sem við afgreiðum matinn en við komum alltaf með kokka í veisluna. Það setur skemmtilegan brag á veisluna og fólk hefur líka gaman af að sjá grillbílinn fyrir utan og okkur að störfum þar,“ segir Svanur.

Úrvalið er fjölbreytt en áherslan er á kjötrétti. „Í seinni tíð eru hamborgaraveislur orðnar mjög vinsælar í fermingum. Það er líka í boði að bæta við kjúklingalundum á spjoti og sumir vilja líka grillaðar pylsur með.“

Grillvagninn kappkostar að hafa eingöngu úrvalshráefni í hamborgururunum og öllum öðrum mat. „Maður lærði það fljótt í þessum bransa að það margborgar sig að hafa topphráefni.“



Lamb og purusteik fyrir austan fjall

„Sum fermingarborn kjósa að hafa nautalundur í veislunni sinni og það er auðvitað rosalega flott þó að það kosti sitt. Þá eru bakaðar kartöflur, bernaisesósa og piparsósa. Eldra fólk, þeir sem komnir eru yfir sjötugt, vilja hins vegar oftast en ekki bara lamb.“

Grillvagninn þjónustar landsbyggðina líka og segir Svanur að matarsmekkur sé dálítið breytilegur eftir landsvæðum. „Ef við keyrum austur fyrir fjall er það yfirleitt alltaf lamb eða purusteik. Það er alveg magnað hvernig þetta breytist um leið og maður er kominn yfir Ölfusbrúna, þar er fólk lítið í fuglakjötinu.“

Grillvagninn býður líka upp á kalkún og margir velja saman lambalæri og kalkúnabringur í veisluna sína.

„Við komum með alla diska og hnífapör rúlluð inn í hvíta serviettu og tökum allt óhreint með okkur. Það er því ekkert uppvaskeftir veisluna og mörgum þykir afskaplega þægilegt að losna við það,“ segir Svanur.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni grillvagninn.is. Tekið er á móti fyrirspurnum og pöntunum í síma 898 3189 og á netfanginu grillvagninn@grillvagninn.is.



INSTAMYNDIR.IS: MYNDAKASSI Í VEISLUNA

Skemmtilegar myndir af öllum gestum

Ljósmyndakassar í veislum eru bráðskemmtileg nýjung sem hefur verið að breiðast út hér á landi undanfarið misseri. Veislugestir taka af sér skemmtilegar myndir og geta notað ýmsa leikmuni til að skreyta myndina. Fólk getur fengið myndina sína til sín rafrænt um leið og búið er að taka hana.

Myndakassarnir höfðu til fólks á öllum aldri, lítilla barna jafnt sem eldri borgara.

Eliás Birkir Bjarnason rekur fyrirtækið Instamyndir sem sérhæfir sig í útleigu á myndakössum. Hann hefur verið með þessa starfsemi frá árinu 2015 við stigvaxandi vinsældir. „Þetta er í rauninni bara „photobooth“, ljósmyndaklefi þar sem boðið er upp á ýmsa möguleika við að taka myndir. Það eru alvöru myndavélar og linsur í þessu, mikil gæði. Það geta fylgt leikmunir fyrir myndatökurnar en aðrir kjósa að nota sína eigin muni,“ segir Eliás.

Hægt er að senda sér myndirnar í sms og tölvupósti og oftar en ekki eru myndirnar komnar á netið, t.d. á



Facebook-síðu viðkomandi, skömmu eftir myndatökuna.

„Þetta höfðar til fólks á öllum aldri. Krakkar hafa mjög gaman af þessu og við höfum líka farið með svona myndaklefa í áttatréðisafmæli á elliheimili þar sem þeir hafa vakið mikla lukku. Þannig að þetta er fyrir alla,“ segir Eliás. Hann

segir jafnframt að myndaklefarirnir henti afskaplega vel í fermingarveislur og mörgum finnst gott að geta náð myndum af öllum gestunum í sparifötunum. Instamyndir setja upp myndaklefan á staðnum og taka hann síðan niður að veislu lokinni. Afar auðvelt er

að taka myndir og einfaldar leiðbeiningar eru á skjánum.

Núna er í gangi sérstakt fermingartilboð hjá Instamyndum: Myndakassi og bakgrunnur á 30.000 krónur. Enginn annar kostnaður fylgir notkun myndakassans í veislunni.

Til að pantast myndakassa í veisluna og fá nánari upplýsingar er best að fara inn á vefsíðuna instamyndir.is og framhaldið skýrir sig sjálft.

Kerti, ljósmyndasteinar, silfurskartgripir og margt fleira handa fermingarbarninu

POLLYANNA.IS OG SKAUTALIF.IS

Við bjóðum upp á falleg fermingarkerti með nafni fermingarbarnsins og mynd af því. Kertið brennur niður en myndin stendur eftir og breytist í nokkurs konar kertalukt sem fermingarbarnið getur átt um ókomna tíð,“ segir Gíslína Vilborg Ólafsdóttir, sem rekur vefverslanirnar pollyanna.is og skautalif.is.

Hún selur einnig ljósmyndasteina sem eru afar vinsælir en þá er ljósmynd sett á þar til gerða ljósmyndasteina og útkoman er mjög falleg. Fallegt að hafa með á gjafaborðinu eða sem afmælis- eða jólagjöf t.d. til ömmu og afa með mynd af fermingarbarninu. Hægt er að fá fleiri hugmyndir til að setja ljósmyndir á sem hægt er að skoða inni á vefverslaninni. Einnig er hægt að fá fleiri vörur sem hægt er að setja á persónulegar myndir eða skilaboð. Má þar nefna símahulstur, bolla, glasamottur og fleira, sem geta verið skemmtilegar gjafir til fermingarbarnsins frá vinum þess.

Kerti, ljósmyndasteinar og aðrar vörur til merkingar eru inni á pollyanna.is, en á skautalif.is er úrval af vönduðum ítölskum silfurhálsmenum, fyrir fimleikastráka og -stelpur, skautastelpur og balletstelpur. Á skautalif.is eru líka margvíslegar vörur sem tengjast skautaiþróttinni en einnig er hægt að kíkja við í verslun Skautalífs í Skautahöllinni í Laugardal. „Þar er gott úrval af skautatengdum



vörum og án efa hægt að finna góða og nytsama gjöf fyrir skautastelpur,“ segir Gíslína.

Vörur úr vefverslunum pollyanna.is og skautalif.is eru sendar um land allt og er sendingarkostnaður 750 kr. á hverja sendingu. Hann fellur hins vegar niður ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira.



MI ICELAND

Þreföld gæði miðað við sam- bærileg tæki í sama verðflokk

Mi Iceland er viðurkenndur endursöluaðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi, Mi. Þó að merkið sé ekki ýkja þekkt eru tækin gífurlega vinsæl. „Mi hafa verið að rokka frá 3. upp í 5. sæti sem stærstu farsímaframleiðendur í heiminum síðustu ár. Þeir hafa átt Asíumarkaðinn nokkurn veginn frá byrjun en í seinni tíð eru þeir einnig að verða mjög stórir í Evrópu og Bandaríkjunum,“ segir Örvar Blær Guðmundsson, framkvæmdastjóri Mi Iceland.

Mi framleiðir miklar gæðavörur en þar sem merkið er ekki jafnþekkt og til dæmis Samsung eða Apple þá eru þessar vörur yfirleitt mun ódýrari en þekktari merki í sama gæðaflokk. „Þú ert að fá þrefalt meiri gæði miðað við annað tæki í sama verðflokk,“ segir Örvar. Mi-farsímur nota Android-stýrikerfið en eru oft kallaðir Apple of China enda er hönnunin mjög í anda Apple.

Mi-vörurnar eru afskaplega hagstæðar og heppilegar fermingargjafir. Snjallsímarnir eru í nokkrum verðflokkum og hægt er að fá mjög góðan snjall-



Mi Band 2



Mi TV Box

síma fyrir aðeins um 25.000 krónur. Með slíkum síma er hægt að gera allt sem maður notar hefðbundinn snjall-



síma í, rafhlaðan er endingargóð og myndavélin er sérlega góð, sem er mjög eftirsóttur kostur í snjallsímum í dag.

Þá má nefna hinn vinsæla farsíma Mi Max 2 sem er svo stór að hann minnir helst á spjaldtölvu þar sem skjáinn er 6,44 tommur. Þessi sími sker sig frá öðrum á markaðnum fyrir einstaklega endingargóða og stóra rafhlöðu. Þetta gerir Mi Max 2 mjög heppilegan til að spila leiki á, nokkuð sem er mjög eftirsóknarvert fyrir marga unglinga á fermingarárdri.

Svo má nefna hið frábæra Mi TV Box sem er sambærilegt við Apple TV en kostar aðeins tæplega 15.000



krónur. Tækið er tengt við sjónvarpið með HDMI-snúru og því er stjórnað með lítilli fjarstýringu. Með þessu tæki getur þú á einfaldan hátt notað forrit eins og Netflix, Plex, Kodi, Youtube og Spotify.

Ein áhugaverð vara í ódýrari kantinum er síðan snjallúrið Mi Band 2 sem er smáert og afskaplega snoturt í útliti. Úrið fæst á innan við 8.000 krónur en hefur til að bera gæði sambærileg við snjallúr á um 20.000 krónur.

Mi Iceland er vefverslun sem sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.mii.is.

Draumafarartæki fermingarbarnsins

VESPUR FRÁ NÍTRO SPORT HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN

Þetta er heitasta fermingargjöfin,“ segir Magnús Þór Sveinsson, hjá Nítró Sport, um vespurnar sem selst hafa afar grimmt undanfarin ár. Um er að ræða bensinvespur frá Zhen og rafmagnsvespur frá Z-Tech. Engin réttindi þarf til að aka þessum vespum, ökuþórarnir þurfa einungis að vera orðnir 13 ára gamlir og bera hjálm. Ekki þarf að skrá farartækin frekar en reiðhjól en hámarkshraði þeirra er 25 km/klst.

Að sögn Magnúsar eru foreldrar ekki síður ánægðir með vespurnar en eigendur þeirra, unglíngarnir: „Þau losna nefnilega við endalaust skutl með krakkana í skólann, á æfingar og fleira. Krakkarnir verða sjálfstæðari og meira sjálfbjarga um sínar ferðir. Sumir foreldrar þurftu áður jafnvel að bregða sér úr vinnu til að skutla krökkunum en vespun bjargar þessu fyrir þá í dag. Vespan er líka svo skemmtilegur fararskjóti að unglíngurinn kys frekar að fara á henni en biðja um far.“

Vespa er ekki dýr fjárfesting en góðar rafmagnsvespur af gerðinni Z-Tech kosta aðeins 149.000 krónur og bensinvespurnar kosta 229.000 krónur.



ur. Þrátt fyrir þennan verðmun segir Magnús að bensinvespurnar séu vinsælli: „Hleðslan á rafmagnshjólinu endist í um 25 kílómetra en sé bensín tankurinn á vespunni fylltur endist hann í allavega 200 kílómetra. Hægt er að hlaða rafmagnsvespuna með því einfaldlega að stinga henni í venjulega rafmagnsinnstungu en það tekur um sex klukkustundir að fullhlaða hana. En hins vegar, og það er held ég meginá-



stæða vinsældanna, er bensinvespan einfaldlega stærra og veglega farartæki með 50

kúbika fjörgengismótor.“

Báðar gerðirnar fást í þremur litum; rauðum, hvítum og svörtum.

Nítró Sport hefur selt vespur í fjölda ára og segir Magnús að reynslan af þeim sé feikilega góð. Viðhald á þeim er til dæmis afar

lítið. „Núna vorum við að fá nýja týpu af bensinvespu í hús, Zhen R8. Hún er með LED-ljósum og rafmagnsblöndungi en það síðarnefnda gerir hana umhverfisvænni,“ segir Magnús.

Nítró Sport er til húsa að Urðarhvarfi 4 í kjallara. Þar eru auk vespnanna meðal annars til sölu vandaðir mótörhjólahlámar sem algjör skylda er að bera við aksturinn. Þá er öll viðgerðarþjónusta varðandi vespurnar á staðnum. Opið er virka daga frá kl.10 til 18. Sjá nánar á Facebook-síðunni www.facebook/nitro og nitro.is. Hesja, Glerárgötu 36, er umboðsaðili Nítró á Akureyri.

GJAFÁSKRIFT AÐ SOKKUM:

Litrík og klæðileg fermingargjöf

Fyrtækið Smartsocks.is býður upp á áskrift að sokkum. Nýir sokkar detta inn um lúguna hjá áskrifendum í hverjum mánuði. Þessi skemmtilega nýjung hefur mælst vel fyrir og nú eru sokkaáskrifendur hjá Smartsocks.is orðnir fjölmargir þó að fyrirtækið hafi starfað í stuttan tíma.

Sokkarnir frá Smartsocks.is lifga upp á tilveruna og margir sem áður gengu bara í svörtum og gráum sokkum njóta þess nú að fá litrika sokka í hverjum mánuði. Allir sokkar frá Smartsocks.is eru í skærum litum og fjölbreyttum mynstrum. Þeir eru svo fjölbreyttir að yfir heilt ár fær áskrifandi aldrei tvö eins pör af sokkum. Sokkarnir eru úr 100% bómull og eru í stærðunum 34–39 og 38–45. Þeir eru bæði fyrir konur og karla. Sokkarnir eru allir mjög sterkir og endingargóðir, þetta er vönduð vara.

Áskrifandi getur valið um hvort hann fær eitt eða tvö sokkapör á mánuði og hann getur valið um áskrift í þrjá, sex eða tólf mánuði.

Sokkaáskrift lifgar ótrúlega mikið upp á tilveruna, hversdagsleikinn verður skemmtilegri þegar maður fer



að ganga í litrikum sokkum og það er skemmtilegt að vita aldrei hvernig sokkarnir sem detta inn um lúguna næst líta út – en vita það eitt að þeir



verða fallegir og litríkir. Sokkagerðirnar eru alls 150.

Gefðu sokkaáskrift í fermingargjöf

Sokkaáskrift er frumleg og skemmtileg fermingargjöf sem gleður í langan tíma, enda eru það ekki síst ungir krakkar sem hafa gaman af litrikum sokkum þó að í rauninni höfði sokkarnir til fólks á öllum aldri.

Þú getur gefið fermingarbarninu eitt eða tvö pör af litrikum og fallegum sokkum í þrjá, sex eða tólf mánuði.


Hægt er að ganga frá kaupum á gjafaáskrift eða eigin sokkaáskrift á vefnum smartsocks.is. Sendingarkostnaður er innifalinn í verði sokkanna. Sokkaáskrift að einu pari á mánuði kostar 990 krónur en áskrift að tveimur pörum á mánuði kostar 1.790 krónur.

Það er skemmtilegra að ganga í skrautlegum sokkum. Eftir dálitinn



tíma í sokkaáskrift á fólk gott safn af fallegum og litrikum sokkum sem lifga upp á daginn og gera tilveruna skemmtilegri.

Sjá nánar á smartsocks.is.



SMART SOCKS



LE KOCK

STREETFOOD - LEKOCK.IS

ÖÐRUVÍSI VEISLUÞJÓNUSTA
FYRIR ÞÍNA FERMINGU



JÓN PÁLL LJÓSMYNDARI

Þegar fermingarbörnum líður vel þá myndast þau best!

Ég legg áherslu á að hafa myndatökuna afslappaða og skemmtilega því þegar fermingarbörnum líður vel þá verða til bestu myndirnar," segir ljósmyndarinn Jón Páll Vilhelmsson sem býður fermingarbörnum upp á fjölbreytta og vandaða ljósmyndatöku

„Foreldrum er alveg bannað að rexa í krökkunum rétt fyrir myndatökuna," segir Jón Páll og hlær.

Jón Páll hefur verið mjög virkur í ljósmyndun hér á landi allt frá því hann lauk námi í faginu frá Brooks Institute of Photography í Kaliforníu árið 1995. Einnig hefur hann starfað á erlendri grundu, meðal annars sem ljósmyndari í Milanó, hjá tiskukónginum Giorgio Armani.

Viðfangsefni Jóns Páls eru afar fjölbreytt, allt frá því að mynda börn og fjölskyldur upp í stórar og flóknar auglýsingamyndatökur fyrir stærstu fyrirtæki landsins.

Jón Páll veitir sérstaklega viðtæka, fjölbreytta og góða þjónustu til fermingarbarna: „Oftast er myndatökan tvískipt. Annars vegar tökum við klassískar myndir í nútímalegum stíl. Þetta eru nauðsynlegar myndir, s.s. nærmyndir af fermingarbarninu, myndir af systkinum, foreldrum og fermingarkyrtilinum. Hinn hlutinn er skemmtilegi hlutinn. Þá leikum við okkur og gerum frjálsslegri myndir. Stundum verða það myndirnar sem standa upp úr en maður veit aldrei fyrirfram hvað virkar best. Þá koma oft áhugamál, gæludýr, íþróttaföt, hversdagsföt og leikmunir við sögu. Þau hafa komið með blöðrur, regnhlífar, myndavélar og allskonar áhugaverða hluti sem er gaman að mynda. Svo er það rólan. Frægasta fermingarróla í heimil" segir Jón Páll en meðfylgjandi er ein mynd af rólunni frægu.

Þegar vel viðrar eru teknar úti-myndir en ef ekki kemur stúdíóið sér vel því Jón Páll er með eitt stærsta og fullkonnasta ljósmyndastúdíó landsins, að Snorrabraut 56a (inn-



gangur baka til) og þar líður fólkinu sem hann myndar vel.

„Ég legg áherslu á að fólk fái myndabækur sem eru vandaðar og innbundnar, en svo má líka sleppa þeim fyrir þá sem vilja bara hafa



þetta stafrænt. Oft eru myndirnar það flottar og foreldrarnir svo stoltir og ánægðir að þeir vilja sínar myndabækur og engar refjar," segir Jón Páll.

Nánari upplýsingar um fermingarmyndatökur og starfsemi Jóns Páls er að finna á vefsíðunni ljósmyndastofa.is. Ljósmyndastofa hans að Snorrabraut 56a er opin virka daga frá kl. 9 til 18. Símanúmer er 848 9870.



SJCAM SMÁVÍDEÓVÉLAR:

Ótrúleg gæði – ótrúlega lágt verð



Pegar þú ert í veislu eða á öðrum mannamótum þá notarðu símann þinn til að mynda gleðina en það er öðruvísi þegar þú ert í veiðinni eða einhverju sporti, eða börnin á hjólabrettum, snjóbrettum, í fimleikum, boltaþróttum eða öðru sporti sem ungir og frískir krakkar taka þátt því; þá þarf aðra græju til að mynda. Ekki eru krakkarirnir að fara að festa 100.000 króna síma á stöngina til að ná mynd af því þegar þau steypast í snjóinn eða sundlaugina. Nei, það þarf græju sem er byggð fyrir slíka aksjón og þolir hana," segir Arnar Einarsson, eigandi vefverslunarinnar Sportmyndavélar, sem býður upp á frábærar vídeómyndavélar undir merkinu SJCAM, en með þeim er hægt að ná mjög góðum myndskleidum og ljósmyndum af sjálfum sér og öðrum á hreyfingu, til dæmis við útivist og alls konar vasklega iðu.

„Þetta byrjaði allt með því að mig langaði í Go Pro myndavél en þau tæki eru frábær. En mér fannst þær heldur dýrar. Ég rakst á SJCAM á netinu og prófaði að kaupa hana. Nokkrum árum síðar á ég hana ennþá, hún hefur aldrei bilað, gæðin á myndefninu úr henni komu mér mjög á óvart og hún hefur reynst mér mjög vel.“

SJCAM er kínversk framleiðsla en ólíkt því sem margir eiga að venjast um margar kínverskar vörur eru þetta afar vandaðar græjur. „Þær hafa fengið ofboðslega góða dóma. Frá því ég byrjaði að selja þessar vélar, í maí 2016, hef ég aðeins



fengið eina vél til baka bilaða. Vélararnar eru í tveggja ára ábyrgð og ef vél bilar fær viðskiptavinurinn einfaldlega nýtt tæki.“



Svo ódýrar að fólk trúir því ekki hvað þær eru vandaðar

SJCAM vélararnar eru kjörin fermingargjöf og má taka sem dæmi tvær tegundir, SJCAM SJ4000 og SJCAM SJ4000 WiFi. „Þetta eru þær vélar sem ég sel langmest af enda eru þær mjög ódýrar. Gæðin eru mikil: myndskleid í háskerpu og ljósmyndir í 12 megapixla gæðum. Skjár er á bakhliðinni svo þú getur séð nákvæmlega hvað þú ert að gera. Fjöldinn allur af stillingum um hvernig þú vilt hafa myndina, stilla lýsingu og allt það – þær eru með stöðugleikastillingu þannig að myndin hristist lítið þó að þú sért á hlaupum,“ segir Arnar um SJ4000. SJCAM SJ4000 WiFi hefur síðan allt þetta til að bera auk nettengingar:

„Þú getur tengt vélinni beint við símann þinn og skoðað myndefni á símanum jafnóðum. Þú getur fylgst með sjálfum þér bruna framhjá vélinni – eða skoðað myndir og myndskleid strax á símanum. Af símanum getur þú síðan hent efninu beint inn á Facebook, Instagram eða aðra samfélagsmiðla nánast um leið og myndefnið verður til.“

Þessar tvær vélar eru ótrúlega ódýrar. SJCAM SJ4000 kostar 13.488 kr. og SJCAM SJ4000 WiFi kostar 17.919 kr. Vegna verðsins eiga margir erfitt með að trúa hvað þetta eru góð tæki. En fyrir utan að vera sterkar og endingargóðar eru myndgæðin frábær. „Það er ótrúlegt hvað maður fær góðar myndir úr þessu,“ segir Arnar.

„En það þarf að passa sig á því að þessar vélar eru það góðar að það eru komnar alls konar eftirlíkingar af þeim sem eru alls ekki eins góðar. Á hinum ýmsu söluvefjum eru til sölu vélar með nákvæmlega sama heiti en eru allt aðrar vélar og gæðin eru ótrygg.“

Ráðið við þessu er að kaupa vélararnar einfaldlega á vefnum sportmyndavélar.is til að fá örugglega ósvikna SJCAM.



Frábær aukapakki innifalinn

Með SJCAM vélinum er mikið úrval aukahluta staðalbúnaður og er innifalinn í verðinu. „Með vélinni fylgir einni kassi, hellingur af alls konar festingum til að festa vélinni á hitt og þetta, vatnshelt hús þannig að hægt er að kafa með vélinni í sjónum eða sundlauginni og þolir hún þá 30 metra dýpi. Fyrir svo utan aukahlutina má nefna ótal frábæra eiginleika, eins og fjórfaldan aðdrátt og andlitsgreiningu,“ segir Arnar.

Nánari upplýsingar eru inn á vefnum sportmyndavélar.is og fjölmargar aðrar spennandi, vandaðar og ódýrar vörur sem þar eru til sölu. Vörurnar eru eingöngu til sölu í vefverslun á vefnum sportmyndavélar.is. Sent er hvert á land sem er og upp að dyrum þar sem því verður við komið. Sendingarkostnaður er 1.500 kr.



Skemmtilegu, klassísku tómsfundagræjurnar sem fá fólk til að hreyfa sig

PINGPONG.IS

Eitt það jákvæðasta sem fólk sér við að gefa krökkunum sínum þessi tæki er sú að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig," segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómsfundatækjum, til dæmis billjardborð, borðtennisborð, pilukastsvörur, fótboltaspil og þyðhokkíborð. Mörg af þessum tækjum henta vel til fermingargjafa og þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.

Ein afar vinsæl græja í Pingpong.is er hinn stórskemmtilegi Borðtennisvinur (Buddy), tæki sem dælir borðtenniskúlum út úr sér. Kostar aðeins 28.500 kr.

„Billjardinn er vinsælastur hjá mér núna en ég er með gott úrval af billjardborðum, meðal annars meðfæri-leg borð sem henta í heimahús og eru góðar fermingargjafir. Ég er til dæmis með sex feta eða 180 cm billjardborð sem hægt er að reisa upp að vegg þegar það er ekki í notkun og því fylgir líka borðtennisplata, þannig að þetta er sambyggð billjard- og borðtennisgræja. Í settinu er allt meðfylgjandi sem þarf, til dæmis billjardkjuðar og borðtennispaðar. Þessi græja kostar 73.000 krónur," segir Sigurður.

Pingpong.is er með toppmerki í billjardvörunum, til dæmis Riley og Buffalo.

Pilukast er afar vinsæll leikur sem hefur verið að sækja mjög í sig veðrið aftur á undanförunum árum. Pingpong.is er með pilukastsskifur frá hinum þekktu framleiðanda Unicorn. Pilukastsskifur eru fyrirferðarlitlar og auðvelt að festa upp í heimahús-

um en Pingpong.is býður líka upp á fristandandi skifur sem ekki þarf að festa á vegg. Pilukastssettin (spjald og pilur) kosta á bilinu 12–30 þúsund krónur. Borðtennisborð og meðfylgjandi sett kosta síðan á bilinu 50 til 140 þúsund.

Gömlu fótboltaspilin með stöngunum eru sígild og njóta enn mikilla vinsælda.

Sigurður Valur er fyrrverandi formaður Borðtennissambandsins og hefur góð tengsl inn í íþróttahreyfinguna. „Pingpong er með mjög breytt úrval af borðtennisvörum sem henta fyrir jafnt byrjendur sem keppnisfólk en flest keppnisfólk hér á landi kaupir spaðana sína í Pingpong.is enda erum við með mjög góð og þekkt merki – Butterfly- STIGA- DHS og JOOLA.“

Pingpong.is hefur starfað í yfir 30 ár og hefur þann tíma ávallt lagt áherslu á að hafa allt fánlegt sem

þarf í félagsmiðstöðvar.

Félagsmiðstöðvarnar eru góðir kunnar verslunarinnar og kunna jafnframt vel að meta það sem þar er á boðstólum og ekki síður þjónustuna, en hægt er að fá varahluti í þau tæki sem bíla, til dæmis stangir í fótboltaspilin og ef kúlan tynist færð þú nýja í Pingpong.is Það er líka hægt að fá nýjan dúk á billjardborðið og margt fleira sem kann að slitna og skemmast eftir mikla notkun.

Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin virka daga frá kl. 12.30 til 18. Símanúmer er 568 3920 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is.

